

**CIHM
Microfiche
Series
(Monographs)**

**ICMH
Collection de
microfiches
(monographies)**



Canadian Institute for Historical Microreproductions / Institut canadien de microreproductions historiques

© 1996

Technical and Bibliographic Notes / Notes technique et bibliographiques

The Institute has attempted to obtain the best original copy available for filming. Features of this copy which may be bibliographically unique, which may alter any of the images in the reproduction, or which may significantly change the usual method of filming are checked below.

L'Institut a microfilmé le meilleur exemplaire qu'il lui a été possible de se procurer. Les détails de cet exemplaire qui sont peut-être uniques du point de vue bibliographique, qui peuvent modifier une image reproduite, ou qui peuvent exiger une modifications dans la méthode normale de filmage sont indiqués ci-dessous.

- | | |
|--|---|
| <p><input checked="" type="checkbox"/> Coloured covers / Couverture de couleur</p> <p><input type="checkbox"/> Covers damaged / Couverture endommagée</p> <p><input type="checkbox"/> Covers restored and/or laminated / Couverture restaurée et/ou pelliculée</p> <p><input type="checkbox"/> Cover title missing / Le titre de couverture manque</p> <p><input type="checkbox"/> Coloured maps / Cartes géographiques en couleur</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Coloured ink (i.e. other than blue or black) / Encre de couleur (i.e. autre que bleue ou noire)</p> <p><input type="checkbox"/> Coloured plates and/or illustrations / Planches et/ou illustrations en couleur</p> <p><input type="checkbox"/> Bound with other material / Relié avec d'autres documents</p> <p><input type="checkbox"/> Only edition available / Seule édition disponible</p> <p><input type="checkbox"/> Tight binding may cause shadows or distortion along interior margin / La reliure serrée peut causer de l'ombre ou de la distorsion le long de la marge intérieure.</p> <p><input type="checkbox"/> Blank leaves added during restorations may appear within the text. Whenever possible, these have been omitted from filming / Il se peut que certaines pages blanches ajoutées lors d'une restauration apparaissent dans le texte, mais, lorsque cela était possible, ces pages n'ont pas été filmées.</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Additional comments / Commentaires supplémentaires: Text in Icelandic.</p> | <p><input type="checkbox"/> Coloured pages / Pages de couleur</p> <p><input type="checkbox"/> Pages damaged / Pages endommagées</p> <p><input type="checkbox"/> Pages restored and/or laminated / Pages restaurées et/ou pelliculées</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Pages discoloured, stained or foxed / Pages décolorées, tachetées ou piquées</p> <p><input type="checkbox"/> Pages detached / Pages détachées</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Showthrough / Transparence</p> <p><input checked="" type="checkbox"/> Quality of print varies / Qualité inégale de l'impression</p> <p><input type="checkbox"/> Includes supplementary material / Comprend du matériel supplémentaire</p> <p><input type="checkbox"/> Pages wholly or partially obscured by errata slips, tissues, etc., have been refilmed to ensure the best possible image / Les pages totalement ou partiellement obscurcies par un feuillet d'errata, une pelure, etc., ont été filmées à nouveau de façon à obtenir la meilleure image possible.</p> <p><input type="checkbox"/> Opposing pages with varying colouration or discolourations are filmed twice to ensure the best possible image / Les pages s'opposant ayant des colorations variables ou des décolorations sont filmées deux fois afin d'obtenir la meilleur image possible.</p> |
|--|---|

This item is filmed at the reduction ratio checked below / Ce document est filmé au taux de réduction indiqué ci-dessous.

	10X		14X		18X		22X		26X		30X
	12X		16X		20X		24X		28X		32X

The copy filmed here has been reproduced thanks to the generosity of:



University of Manitoba
Winnipeg

The images appearing here are the best quality possible considering the condition and legibility of the original copy and in keeping with the filming contract specifications.

Original copies in printed paper covers are filmed beginning with the front cover and ending on the last page with a printed or illustrated impression, or the back cover when appropriate. All other original copies are filmed beginning on the first page with a printed or illustrated impression, and ending on the last page with a printed or illustrated impression.

The last recorded frame on each microfiche shall contain the symbol \rightarrow (meaning "CONTINUED"), or the symbol ∇ (meaning "END"), whichever applies.

Maps, plates, charts, etc., may be filmed at different reduction ratios. Those too large to be entirely included in one exposure are filmed beginning in the upper left hand corner, left to right and top to bottom, as many frames as required. The following diagrams illustrate the method:



L'exemplaire filmé fut reproduit grâce à la générosité de:

University of Manitoba
Winnipeg

Les images suivantes ont été reproduites avec le plus grand soin, compte tenu de la condition et de la netteté de l'exemplaire filmé, et en conformité avec les conditions du contrat de filmage.


Les exemplaires originaux dont la couverture en papier est imprimée sont filmés en commençant par le premier plat et en terminant soit par la dernière page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration, soit par le second plat, selon le cas. Tous les autres exemplaires originaux sont filmés en commençant par la première page qui comporte une empreinte d'impression ou d'illustration et en terminant par la dernière page qui comporte une telle empreinte.

Un des symboles suivants apparaîtra sur la dernière image de chaque microfiche, selon le cas: le symbole \rightarrow signifie "A SUIVRE", le symbole ∇ signifie "FIN".

Les cartes, planches, tableaux, etc., peuvent être filmés à des taux de réduction différents. Lorsque le document est trop grand pour être reproduit en un seul cliché, il est filmé à partir de l'angle supérieur gauche, de gauche à droite, et de haut en bas, en prenant le nombre d'images nécessaire. Les diagrammes suivants illustrent la méthode.

MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)




APPLIED IMAGE Inc

East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482-0300 - Phone
(716) 288-5989 - Fax

RÖGNV. VÍKTUNSSON

FERDALYSINGAR

91
6



505

THE
LIBRARY
OF THE
MUSEUM OF
ART AND
ARCHAEOLOGY
OF THE
UNIVERSITY OF
CAMBRIDGE

Ísl
914.91
P466 Íc
c1


RÖGNV. PÉTURSSON:

Ferðalýsingar

Ambólur Þjornsson

504 ALVERSTONE ST.

WINNIPEG, MAN



FRÁ SUMRINU 1912.



THE VIKING PRESS, LIMITED

Winnipeg, Man., 1914



Arnþjótur B. Olsson

Ferðalýsingar.

I. Til Boston.

Nú á síðari árum hafa
§1. Austurferðir. austurferðir færst í vöxt
Framan af árum, eftir
að bygðir Islendinga hófust hér vestra, voru
þeir fáir, er fluttu búferlum heim aftur, eða
fóru í kynnisför til Islands. Auk þess var
þeim fáu, er heim komu, oftast óvinsamlega
tekið. Voru þeir taldir vesturfara "agentar"
og að eiga það eitt erindi heim, að ginna
fólk til vesturferðar.

Á þessu er orðið mikil breyting. Fara nú
fleiri og fleiri með líri hverju heim. Er þeim
flestum vel tekið, enda er erindið í alla staði
friðsamlegt: að endurnýja fornan vinskap
og minningar um landið, eða hitta ættingja
og vini.

Á þessu sumri (1912) var heimferðar-
hópurinn stærstur við það, sem verið hefir
síðan austurferðir byrjuðu, fullir fjórir tug-
ir manna. Hafa margir þeirra, eftir hingað-
komuna, haft ýmislegt um þá ferð að segja.
Hefir sumum orðið skrafdryggt um það, sem
fyrir augum bar, eða þá um kostnaðinn, hve

hátt þeim hafi verið settur greiði, gisting, hestlán og fleira; og er það ómaklegt. Það er stórt efunarmál, hvort á nokkru landi, jafnmikil fyrirhöfn og móttaka ferðamanna útheimtir þar, sé sett jafn ódýrt. Undantekningar geta verið frá þessu, en vér urðum þeirra ekki varir.

En svo má að mörgu finna, þegar um sagnir af ferðalagi er að ræða. Sínum augum lítur hver á silfrið. Yfirleitt eru ferðasögur fremur smekklítið mál og tæplega hægt að hafa þær öðruvísi. Það er altáf verið að segja frá sjálfum sér, og þreytir það engu síður þá, sem eiga að semja, en hina, sem eiga að hlýða; og er það ekki fyrst til komið nú. Er langt síðan menn fundu til þess. Því svo er sagt, að fornmenn hafi mátt halda öllu sínu til skila, þegar þeir tókust það í fang, að segja frá ferðum sínum og afrekum, og ekki hrokkið til. Þess er getið, að Úlfur hinn úargi, hersir í Noregi, faðir Hallbjarnar hálftröllu, föður Ketils hængs, hafi ort drápu á einni nóttu og sagt frá öllum þrekvirkjum sínum. "En hann var dauður fyrir dag", segir sagan. Meiri er þó hættan nú á dögum, að mönnum verði meinna við lesturinn en samninginn.

Aðalhópur austurfara lagði af stað héðan í byrjun Maí. Upphaflega var ráðgjört, að

allir yrðu samferða og fólk úr bænum héldi hópinn, er austur ætlaði. Þó gat það ekki orðið. Sátum við eftir þrjú, er hinir lögðu af stað, og urðum því aldrei samferða, hvoruga leiðina, þeim, sem á undan fóru. —

Þá töf bar okkur að höndum, að okkur varð seinna um kveðjur en hinum.

Við lögðum af stað héðan úr bæ þann 20. Maí. Það var á mánudag, og var okkur spáð misjafnt um ferðina, að leggja upp á þeim degi. Kom það þó ekki að sök, nema ef því hefði mátt kenna um, að flutningslest, sem var á undan okkur á brautinni, fór út af sporinu, og var okkar lest tafin við það rúma tólf klukkutíma. Þetta var vestanvert í Ontario. Ekki urðum við fyrir öðrum farartálma.

§ 2. Húsin á eyðimörkinni. Ferð héðan úr borg austur að hafi er ekki viðburðarík. — Þeim, sem fer þá ferð í fimta skifti, finst fátt um alt, sem fyrir augu ber—nema vegalengdina. Hún er eilífðarleið. Þá er heldur ekki um náttúrufegurðina að ræða lengi vel; því einsog allir vita, liggur helmingur leiðarinnar gegnum hálfgjörða eyðimörk, ef farið er hér megin landamæranna, en ekki austur Bandaríki. Allur austurhluti þessa fylkis og vesturhluti Ontario

er ein grjóturð, vaxin skógi, er hér og hvar hefir brunnið, svo að eftir standa svartir stofnar. Til og frá á þessu svæði eru mýrar keldudrög og smátjarnir. Óvíða sjást grasflákar, heldur mosi og hrís, þar sem grjótið liggur ekki alveg bert ofanjarðar. Að undanteknum fáeinum þorpum, er svæði þetta mjög lítið bygt.

Fram með brautinni eru þó hús hér og hvar á strjálengi. Í þeim húa þjónar járnbrautarfélagsins, er gæta eiga brautarinnar og viðhalda henni. Mennt þessir mega heita algjörlega útilokaðir frá heiminum; þótt þeir búi inni í miðju landinu. Óvístast eru kofarnir stærri en svo, að í þeim fái búið tveir eða þrír. Og einsog þeir eru litlir, svo eru þeir fátæklegir og hrörlegir.

Í enga þessa kofa eru tengdir talþræðir eða fréttapræðir, og skemst milli þeirra eru þetta 6—8 mílur. Vita nágrannar því ekkert, hvað hjá hinum gjörast, nema þegar af hendingu fundum ber saman við vinnu á daginn, þegar þeir fara um brautina, eða þegar einhver þeirra flýr undan skógareldi í grend við sig og leitar þá til hins næsta, sé þá kofi hans óbrunninn og fólk lifandi.

Þessir menn vinna þarna árið út og árið inn. Fara altaf yfir sama spottann á brautinni á hverjum degi, til þess að huga að trjáböndunum; færa þau í lag, ef þau hafa eitt-

hvað úr lagi færst; huga að naglahausunum, sem stálteinunum halda föstum, eða hreinsa af brautinni aur og grjót, er oft fellur yfir hana eftir undangengin ofviðri og rigningar. Er æfi þeirra tilbreytingalaus. Fámennið er þeirra fylginatur, mest tveir eða þrír saman. Svo er æfin út úr skilin frá öllu því, sem er að gjörast út um heiminn, að þótt þeir búi þarna miðja vega milli tveggja stærstu borganna í þessu landi, fá þeir ekki fréttir vikum saman af því, sem er að gjörast alt í kringum þá.

En fram með veginum þekkja þeir hvern stein og hvert tré. Og vel má hugsa, að svo festi þeir vináttu við trén, að einhvern morgun, eftir mikla óveðursnótt, er þeir fara þenna sama veg og eitt tréð hefir verið felt um nóttina af eldingu, að þeir sakni þess, einsog gamals vinar, sem nú væri dáinn. Trén eru einu lifandi verurnar, sem búa alt í kringum þá. Sjálfum er þeim útbyggt úr mannfélaginu og þeir orðnir smáborgarar trjáfélagsins, sem á víðlendastar bygðir í þessari álfu.

Alt svo tilbreytingarlaust, sem líf þessara manna er, þá er þó æfi konanna enn einstæðingslegri, sem heima búa.

Þeir eru á ferð fram og aftur að deginum. Þeir sjá trén, sem eru lengra burtu, og ekki orðin eins sjónleið og hin, sem næst

standa kofunum, og eru altaf eins, og stynja altaf eins, undan veðrum og vindum. Og þótt þau tali ekki á tungu mannanna, heldur með þyti vindarins, sem ferðast utan úr eilífð, — þá eru þau þó hálf-mensk og málið spakt og dularfult, því það er röddin utan úr geimnum.

Út úr kofadyrunum sést skamt: Yfir járnbrautina og yfir runnann næsta, hinu megin. Sporin verða, einsog nálarporin, þétt hvert við annað, aftur og fram um kofagólfið, út að viðarbuðlungnum, út í vatnsbólið.

Dagarnir allir tilbreytingarlaust tilbreytingarleysi.

Vélahljóðið að morgni eða kveldi myndi gjöra ofurlítinn dagamun, ef ekki heyrðist það alla daga jafnt og væri ávalt eins.

Gestir engir; engar kyrkjuferðir; ekkert að fara, enginn að ræða við. Mannsröddin sjálf verður að lokum ókennileg.

Að vísu kemur þangað gamall maður í skósíðum klæðum einu sinni á ári, að bjóða þjónustu sína og blessun Heilagrar Móður, Kyrkjunnar. Það er ljósberinn til þeirra, sem í myrkrunum sitja, og tjaldinu er lyft um stund og saldyrum mannheima upplok- ið til hálf. — Það þarf máske að skíra eða kasta vígðu vatni á gröf!

En oft kemur hann of seint.

Hefði hann komið mánuðinum fyr, hefði hann verið beðinn að skíra, en nú er það um seinan, og nú þarf þess ekki með. — Drengurinn litli var orðinn nærri ársgamall.

Hann gengur þá að gröfinni undir trján-um, blessar yfir hana með upplyftum hönd-um og nefnir nafnið, sem búið var að helga í huganum. Skírr og útför verða samferða, — helgunar-athafnir lífsins.

Svo fer hann — með bóndanum, er hann kemur heim frá vinnunni, til næsta húss, og yfir er fallin sama þögnin og áður.

Fáir veita fólki þessu eftirtekt, sem gjörst hefir útlagar, til þess samgöngurnar geti haldist greiðar og óslitnar um landið. Enn færri þekkja æfi þess og baráttu.

Það gjörir engin stórvirki í heiminum; á engan þátt í stjórn landsins; veit naumast þegar ráðherraskifti verða, því dagarnir tilkynna það ekki, hvorki að morgni eða kveldi dags. Þó eiga menn og konur rífa þess ósegjanlega mikið að þakka. Vegna þess, að fólk þetta býr þarna í útlegðinni, fáum vér bréf vor, að austan — heiman frá Íslandi — með skilum. Vegna þess að fólk þetta þjónar sinni köllun með trúmensku, fáum vér nauðsynjarnar, skrautið, munaðarvarninginn, sem Evrópa býr til, fréttablöðin,

símskeytin; og frá oss fáum vér sent til baka aftur afrakstur vinnu vorrar og afurðir jarðar.

Á skömmum tíma getum vér ferðast fleiri þúsund mílur vegar, fram og aftur, jafn hættulaust og þó vér sætum heima hjá oss, vegna þess að þessir menn eyða æfinni í að fara fram og aftur um brautina og huga að trjáböndum og nöglum.

Hinn mikli gróði járnbrautafélaganna — þetta 40—100 af hundraði á öllu starfsfé sprettur af þjónustu þessa fólks og þeirri afsölnun, sem það gjörir við lífið. Væri það ofmikið, að elli þessa fólks, þegar æfinni hallar og kraftarnir eru þrotnir, væri trygð með örlitlum launum, örlítilli hlutdeild í gróðanum mikla? Vissulega ætti stjórnir landsins að sjá um það, hugsar maður, — stjórnirnar, sem aðstoða járnbrautarherrana og sæma þá nafnbótum og auði. Hví skyldi þær ekki líka vernda járnbrautaþjónana fyrir öreiga elli?

Þegar eyðimörk þessari
 § 3. Austur-Canada. sleppir, fer landið að breytast, og þegar komið er austur fyrir norður-bugðu Efravatns, er maður kominn út á grösugar sléttur og grænar engjar. Þar er mest alt land komið í rækt, vel hýst og mikið þéttbýli. Eftir

það liggur leiðin gegnum óslitinn aldingarð það sem eftir er til Montreal. Allstór þorp eru þar til og frá fram með veginum. Áður en varir er ekið inn í höfuðstað landsins, Ottawa, þar sem nú býr einn kotbóndi Englendinga, Hertoginn frá Connaught, bróðir Játvarðar heitins Bretakonungs.

Svo er sagt, að frá hvaða hlið, sem horft er yfir borgina, sé Ottawa tíguleg og fögur. Hún stendur á ótal hæðum með fram bökkum Ottawa fljótsins. Mikill metnaður er nú risinn meðal Kanadamanna, að gjöra borgina sem prýðilegasta.

Sú hugsun hefir glæðst mikið á síðari tímum, meðal allra siðaðra þjóða, að gjöra höfuðstað sinn sem fegurstan. Hafa Frakkar gengið á undan í því efni. Sagt er um Parísarborg, að hún sé fegurst borg í heimi og beri með sanni nafnið "Skrúðgarður" veraldar. Næst að fegurð og prýði er borgin Washington, að sögn, höfuðstaður Bandaríkjanna. Vel mætti una því, ef Ottawa gæti orðið þriðja í röðinni, en ennþá mun það eiga nokkuð langt í land.

Lestin tafði í Ottawa tæpa klukkustund; var komið þangað skömmu fyrir dagrenningu. Ekki var konungsbróðir kominn á fætur. Þaðan er þriggja stunda ferð til Montreal. Skiftum við um lest við Montreal Junction og stigum á lestina, er fór með

okkur suður til Boston. Dagleið er á milli þessara borga og liggur leiðin yfir hið fjöllótta en fagra og skrúðgræna Vermont ríki. Er það einn fegursti kaflinn á leiðinni austur og mætir auganu endalaus tilbreyting þess lengra, sem suður er haldið eftir dölunum.

§ 4. Boston.

Boston er í fleira en einum skilríngi eitt hvert mesta mena- og höfðingjasetur þessarar álfu, og elzt borga í Norður-Ameríku. Sem fræðisetur hefir hún borið ægishjálm yfir alla aðra staði hér megin hafshins í nærfelt 300 ár. Hvergi, meðal allra enskumælandi borga, er talað meðal alls almennings jafn hreint og gott mál sem þar. Er það borgar siður, að vanda mál sitt sem bezt, svo út í frá er bærinn hafður að skopi fyrir það. Eru það einhverjar vanalegastar skrítlur blaða hér í álfu, að láta Boston-búa eiga tal við einhverja vestanmenn og koma með rígbundnar málfræðissetningar, er hinir botna alls ekkert í.

Kemur þessi vöndun á máli meðfram til af því, að tala fræðimanna er þar meiri, að hlutföllum við aðra, en í nokkurri annari borg í Ameríku. Þar eru prófessorar, meistarar og doktorar á öðru hverju strái. Þar eru alþýðuskólarnir einna lengst á veg komnir, og þar er vönduð sem mest má vera öll blaða

ritun; setur þar "Boston Transcript" öðrum markið að keppa að. Hefir þetta alt ekki svo litla þýðingu fyrir almenna fræðslu. Enda er öll fræði, hvaða nafni sem nefnist, þar mest í hávegum höfð. Þegar eitthvað nýtt kemur upp, sem að einhverju leyti ber bókmentalegan eða vísindalegan blæ, er það fyrst tekið upp í Boston. Hefir það orðið að máltæki meðal Bandaríkjamanna, þegar einhver ný kenning kemur upp eða vísinda-staðhæfing: "Try it on the dog, take it to Boston" (Reyndu það á hundinum, farðu með það til Boston). Saki þessi kenning ekki Boston, er hún talin meinlaus og öðrum boðleg.

Árið 1904—5, þegar hin mikla rannsókn byrjaði í Bandaríkjunum gegn fjárglæfra-braski ýmsra auðfélaga, er leiddi til þess, að mörgum þeirra var kollvarpað, en stjórnin tók í taumana og setti strangt eftirlit með hinum, sem eftir stóðu, var það maður í Boston, sem hóf árásina á þessi félag, Thomas Lawson. En það einkennilega og fáheyrða í sambandi við það var, að einmitt þessi sami maður var við ýmislegt þetta gróðabrask riðinn. Hafði hann sjálfur orðið ríkur á því braski, en áleit samt skyldu sína að benda almenningi á, hvað fram væri að fara og vara hann við því. Hafði slíkt aldrei heyrst fyr í nokkru landi,

og var Lawson harðlega mótmælt fyrir framkomu hans af sumum auðmönnum. En ritgjörðir hans voru ómetmælanlegar. Hann hafði persónuleg kynni af öllu, sem hann sagði frá, og tímaritið, sem flutti þessar ritgjörðir hans, "Everybody's Magazine", varð eitt hið útbreiddasta um tíma. Allir lásu það og þjóðin stóð upp sem einn maður og heimtaði að þing og þjóð hefti þessar fjárglæfra-brellur, og að eftirlit væri haft með hegðan manna í viðskiftum og verzlun,— engu síður en í öðrum efnum. Var það byrjunin að hinni miklu breytingu, er í seinni tíð hefir komið yfir alt viðskiftalíf Bandaríkjanna.

Boston hefir ávalt verið aðalsetur allra frelsishreytinga í þessari álfu. Þar mynduðust fyrstu samtökin meðal Nýlendumanna gegn yfirgangi Breta, er enti að lokum með frelsi Nýlendanna og myndun Bandaríkjanna í lok 18. aldar. Í grend við bæinn var fyrsta orustan háð, milli bænda, er heima áttu vestan við bæinn, og brezku hersveitanna, er sátu í Boston. Höfðu Nýlendumenn herforðabúr í smábæjunum Lexington og Concord. Komust Bretar að því og sendu herdeildir vestur þangað, til að eyðileggja þenna skotfæraforða. Bændur komust á snoðir um það og höfðu liðdrátt um nóttina fyrir 19. apríl 1775. Fyrir hópnum var

bóndi, er Parker hét,— afi Theodore's Parkers, Únitarprestisins fræga. Fylktu bændur fram með veginum og gaf Parker þessa skipun: "Byrjið ekki ófriðinn; skjótið ekki nema á yður sé skotið; en vilji þeir fara í stríð, þá látum það byrja hér". Snemma um morguninn fór brezka herdeildin fram hjá. Bændur stóðu dreift út með veginum. Hermenn fóru leiðar sinnar og eyddu vopnaforða Nýlendumanna. Á baka-leið urðu þeir bændur varir fram með veginum. Kölluðu þeir til þeirra með hæðnisorðum, og nefndu þá drottinssvikara og sendu þeim nokkur skot. Eggjanir þurfti ekki meiri. Tóku bændur á móti og héldu uppi kúlna-hríðinni það sem eftir var vegarins til Boston, og komust aðeins fáir af hermönnum lífs til baka.

Þetta var fyrsta orusta Frelsisstríðsins. Hafa Bandaríkjakáldin minnst hennar í ljóðum og komist þannig að orði, að þá hafi verið skotið því skoti, er heyrðist í kringum hnöttinn. Hefir bærinn Concord verið síðan frægur í sögu Ameríku; en þó ekki síður fyrir það, að þar bjó lengst æfinnar skáldið og heimspekingurinn góðkunnir, Ralph Waldo Emerson.

Einsog gefur að skilja, eru margir sögu- staðir merkir og frægir í Boston. Þar eru fæðing- og margra helztu skálda og rit-

höfunda þessarar álfu. og þar standa enn hús þeirra Lowells og Longfellows. Vestanvi í bænum Cambridge stendur Almurinn mikli, þar sem Washington tók við yfirforingja embætti við nýlenduherinn nóttina 3. júlí 1775. Er Almurinn orðinn gamall og víða sprunginn. En yngdur hefir hann verið upp og víða verið gróðursettir angar af honum út um öll Bandaríki.

Í Cambridge stendur Harvard háskólinn. Var hann stofnaður með samþykkt Nýlendinga í Massachusetts árið 1636. Samþykkti það að leggja 400 pund sterling til þess að stofna með skóla eða lærðaskóla. Næsta ár var samþykkt, að setja skólann í "New Towne", er svo var nefnt, fyrir vestan Boston. Er 1638 var bæjarnafninu breytt og kallað Cambridge, eftir háskóla-bænum enska, þar sem flestir leiðandi menn nýlendinga höfðu notið skólanáms. Það sama ár andaðist John Harvard, Púritana-prestur, í Charlestown, norðan við Boston. Ánafnaði hann hinum nýja skóla helming eigna sinna, 780 pund sterlings, og bókasafn sitt. Til þessa hafði skólinn ekki komist á fót; var þá farið að hugra til að stofna hann og hann þá nefndur Harvard skóli, eftir gefandanum. Komst hann upp árið eftir. Er saga hans óslitin frá árinu 1640 ofan til þessa tíma.

Hve miklum framförum hann hefir tekið á þessum tíma má nokkuð marka á eignamati hans árið 1909, og hefir þó bæzt við all-mikið síðan. Þá voru út mælandandi eignir hans í lánum og veðbréfum \$22,716,760. En hús- og landeignir rúmar \$12,000,000. Til nemenda var þá lagt \$130,000 árlega í námssyrk og ýms verðlaun. En tekjur skólans voru þá alls \$1,074,229. Kennarar voru hátt á áttunda hundrað og nemendur nær sex þúsundum. Þá hélt skólinn út einu dagblaði; tveimur blöðum, er út komu tvisvar á viku, og þrettán tímaritum um ýms sérfræðileg efni, er út koma ársfjórðungslega, árlega eða mánaðarlega. Borðsali hefir skólinn tvo, er setja til borðs um 3,000 manns, og eina sölubúð, er flest hefir til sölu, er skólafólk alment þáfnast.

Framan af árum var Harvard skólinn eina mentastofnunin í Ný-Englands ríkjum. Við hann réðu stefnur þær í skoðunum, sem Púritanarnir fluttu með sér að heiman, í heimspæki og trúarefnum. Voru þær afar þröngar og strangar, í fullu samræmi við aldarháttinn. Á 18. öldinni fóru skoðanir þessar að breytast. Umbrot og frelsishreyfingar í þjóðfélaginu kveiktu í umbúðum þessara gömlu kenninga, svo þær birtust í allri sinni fátækt og fegurðarleysi. Gætti þessara andlegu hreyfinga mest við aðal-

mentasetrið. Varð háskólinn aðalból andlegs frelsis og víðsýnis. Þessar nýju stefnur, einkum í heimspekinni og guðfræðinni, ruddu sér skjótlega til rúms meðal kennaranna, svo að um aldamótin 1800 stóðu afturhalds guðfræðingar á öndinni yfir ástandi skólans. Árið 1805 var Dr. Henry Ware skipaður guðfræðiskennari við háskólann. Var hann mjög fylgjandi trúarþyrnkunar stefnunni, er þá var farin að gjöra vart við sig og var brátt skýrð Únítaratrú. Varð það til þess, að hinum íhaldssamari guðfræðingum var nóg boðið. Dr. Ware hafði áður látið í ljósi, að hann feldi sig ekki við forlagakenningu Kalvínista kyrkjunnar, né heldur kenninguna um gjörspillingu mannlegs eðlis. Töldu þeir, að árás væri þá gjörð á flest það, sem heilagt væri og gott og myndi kristnin ekki lengi fá haldist, ef þessu færi fram.

Sagði þá íhaldssamari hluti kyrkjunnar alveg skilið við háskólann og stofnaði guðfræðisskóla þar skamt frá, í smábænum Andover. Var skóli sá nefndur: Andover Theological Seminary. Átti hann að bana "Harvard og vantrúnni". Við þenna nýja skóla var sú regla upptekin, að hver kennari var látinn vinna hollustueið að trúarjátningunni á hverjum þriggja ára fresti. Stofnendurnir óttuðust, að fræðigrúskið

myndi geta veikt þá í trúnni. Liðu svo tím-
ar, að skóli þessi tók ekki tilvonuðum fram-
förum, en "Harvard og vantrúin" liðu ekki
undir lok. Var þá farið að bera í skólann
fé, svo að námsstyrkur óx með ári hverju.
Gátu nemendur og kennarar lifað í vellyst-
ingum praktuglega. En alt kom að því sama.
Skólinn dróg ekki að sér tilsvarendi nem-
endahóp, og sízt þá, sem framarlega höfðu
staðið við háskólana. Fjöldinn af þeim,
sem sóttu skólann, voru þeir, er ekki áttu
kost annarar uppfræðingar sökum fátæktar.

Er fram í sótti fór líka að smádraga úr
réttrúnaðar-áhuga þeirra, sem að skólan-
um stóðu. Varð það svo úr að lokum, er
skólinn hafði staðið rétt 100 ár, að sótt var
um leyfi að mega flytja hann til Cambridge
og sameina hann guðfræðisdeild háskólans.
Höfðu þá engir kennaranna unnið hina fyr-
irskipuðu eiða að trúarjátningunni í síðast-
liðin tíu ár. Umsókn þessi var veitt, og
með því hafði Harvard gleypt það, sem
verða átti honum bana-bitinn, og ekki orð-
ið meint af. Sýnir þetta bezt, hvaða andi
og stefna eru að verða ráðandi í mentamál-
um Ameríku. Öllu eru settar skorður, og í-
haldsseminni við skólana líka. Tímans
kvörn malar seint, en hún malar ákaflega
smátt, og engum tekst að stöðva rás við-
burðanna, hversu sem hann reynir.

Meðal safnanna, sem standa við háskólann, er Ameríska þjóðmenjasafnið með þeim nafnkendustu (Peabody Museum of American Archeology). Er það fullkomnasta safn í heimi yfir allt, sem lýtur að frumbyggjum þessarar álfu, Indíanunum, og fyrirrennrum þeirra Haugbúunum (Mound-builders). Var þjóðflokkur sá útdauður löngu fyrir daga hvíttra manna hér í landi, en leifar hans hafa fundist í haugum og dysjum fram og aftur í Ohio-dalnum og víðar. Voru það steinaldarmenn og hefir menning þeirra verið á mjög mikl ærnsku-skeiði. Þjuggu þeir í neðanjarðar haugum og holum, og er álitid, að Indíanar muni hafa útrýmt þeim, er þeir breiddust út um álfuna. Ýms goðalíkneski eru þar til sýnis frá Mið- og Suður-Ameríku og vestan frá Kyrrahafsströnd. Er það safn fróðlegt mjög og sýnir ef til vill hvað bezt hin mismunandi menningarstig Indíána hér í álfu fyrir daga hvíttra manna.

Annað mjög ágætt safn við háskólann er Náttúrugripasafnið mikla, sem kent er við hinn heimskunna vísindamann Aggasiz (Aggasiz Museum). Eru þar sýnda allar þær tegundir dýra og jurta, er fundist hafa og menn hafa nokkur kynni af. Að safni þessu vann Aggasiz í meira en 20 ár, og ferðaðist í þeim erindum um alla Ameríku út

og suður. Er svo sagt, að tilgangur hans hafi verið sá, að láta líftegundirnar sjálfar á einu allsherjar safni hrekja að fullu og öllu breytipróunar-kenningu Darwins. En flestum finst það verk fremur hafa mistekist. Í safni þessu er einnig eitt hið fullkomnasta steinasafn, sem hér er til í þessari álfu.

Meðal listasafnanna, er í sambandi standa við háskólann, er Þýzkasafnið (Germanic Museum) mest. Geymir það eftirlíking helztu listaverka þýzkra og norrænna þjóða. Til safns þessa gaf Vilhjálmur Þýzkalandskeisari gripi, er virtir voru til tveggja millióna dollara, og sendi bróður sinn, prins Hinrik af Prússlandi, með gjafirnar. Tilgangur keisarans mun hafa verið sá, að efla þýzk áhrif þar við skólann, en jafnframt að vingast við Bandaríkin. Skólinn þakkaði gjöfina og gjörði Hinrik að heiðursdoktor í lögum og taldi það góð skifti.

Ekki er hér drepið á i.e.ama minstan hluta þess, er segja mætti um háskólann, ef lýsa ætti honum að einhverju leyti; en út í þá lýsingu hæfir ekki að halda.

Af merkum stöðum í borginni, er ekki tilheyra skólanum, má einkum nefna Almenna bókasafnið. Er það eitthvert hið mesta bókasafn hér í álfu. Þá er salurinn, sem hýsir safnið, einn hinn dýrðlegasti, sem

hér er til í þessu landi og gengur næst bóka-
safns-byggingunni miklu í Washington. —
Húsið er alt skreytt innan með málverkum;
í framsalnum er flokkur mynda eftir franska
málarann fræga, Puvis De Chavannes, og
eiga myndirnar, sem eru tólf talsins, að sýna
framför mannkynsins í siðmenningu og fögr-
um listum. Myndirnar eru málaðar í ljós-
um vatnslitum og bera einkennilega dulræn-
an blæ. Í hvelfingu hússins er málverkið
mikla eftir Sargent, **Sköpunin**, og á veggj-
unum í aðal lestrarsalnum er málverkið
fræga eftir Edwin A. Abbey, **Sir Galahad**,
forna dýrðlingssagan forn-keltneska, um
leitina að kaleiknum helga. — Hefir bók-
hlaðan sjálf kostað \$2,486.000.

Boston er afar-mikil kyrkjuborg, og eru
þær margar fagrar og fullkomið undra-
smíð. Þar standa sumar elztu kyrkjur lands-
ins, bygðar á landnámstíðinni, nú inni í
miðjum bæ; umhverfis þær eru kyrkjgarðar
að fornum sið. Má lesa þar mörg nöfn, er
löngu eru fræg orðin í sögu þessa lands.

Enginn hefir þó séð alt hið fegursta í
Boston, er ekki hefir komið út í aðal graf-
reit borgarinnar, "Mt. Auburn Cemetary",
"Borgina dánu". Liggur grafreitur þessi
upp með Karls-á, uppi í hæðunum vestan
við Cambridge. Er hann umgirtur afar-
hárri stálgirðingu. Tvö hlið eru á girðing-

unni, og eru þau opnuð hvern dag við sólarupprás, en lokað við sólsetur. Yfir reitinn að horfa, sem er þéttsettur allskonar legsteinum, er einsog að líta ofan af hárrí fjallsbrún, yfir stórborg er stæði niður í afar djúpum dal. Steinarnir, með allri löggun og gjörð, blasa við einsog turnar og hin- ar margvíslegu veggjaraðir stórborgar í fjarlægð.

Sannarlega er grafreitur þessi líka stórborg og niðri í djúpum dal.

Að sumarlaginu til er reitur þessi allur í einu marglitu blómaskrúði. Öllum er honum deilt í sundur í ótal ferhyrninga og smáreiti, sem aðgreindir eru með mjóum götum, er allir bera viss nöfn. Fram með einni götunni, sem heitir "Indian way", hvílir skáldið Longfellow. Á einum hólnum, innarlega frá garðshliðinu, hvílir Dr. Aggasiz; en yfir gróf hans liggur afarstórt, óletrað og óhöggið bjarg, minnisvarði reistur honum af náttúrunni sjálfri.

Boston bærinn sjálfur er að mörgu sviplíkur Evrópu bæjum. Þar eru engar afarháar byggingar. Göturnar eru flestar þröngar, og eru margar þeirra í einlægum bugðum og beygjum. En svo hefir verið lögð við forna bæjarstæðið mýri, sem fyllt hefir verið upp og hafa þar risið upp margar skrautb. ggingar, fram með breiðum og vel-

lögðum götum, og breytir það bænum nokkuð. Er þessi hluti borgarinnar nefndur Back Bay og talinn skrautlegasti hluti bæjarins.

Vestanvið miðbæinn liggur aðal skrautgarður borgarinnar, er kallaður er "Boston Commons"; nær hann suður undir Back Bay, en að norðanverðu stendur þinghús ríkisins, á Beacon hæðinni. Fram með þeirri hæð, upp með Beacon stræti, var aðal aðsetur "heldra fólksins" fyrr á árum — á 18. öldinni og fram eftir miðri síðustu öld —, og notaði það Boston Commons fyrir kúabeit. Til er reglugjörð, samin seint á 18. öld, um það, hverjir eigi haganytjar á þessum almenningi. Er þar margra frægra manna getið. Í gamni hefir það verið sagt, að göturnar út frá Boston Commons og austur séu kúatraðir og fylgi nú strætin þessum fornu tröðum, enda beri þau sum hver ýms fjósaheiti, svo sem "Milk Street", "Water Street" o. s. frv., en á engu mun sú umsögn bygð.

Eitt breiðasta og fegursta stræti borgarinnar er "Commonwealth Avenue". Fram með því búa nú helztu ríkismenn staðarins. Langs eftir því miðju liggur grasrindi, alsettur trjám; en víða milli trjánna standa líkneski helztu stjórn mála- og umbótamanna Bandaríkjanna. Syðst við götumótin stendur myndastytta Leifs Eiríkssonar hins hepna, niður við Karls-á. Mynd þessa gáfu þeir

bænum, Ole Bull, fiðluleikarinn frægi, og Dr. Horseford, háskólakennari, er varð stórríkur maður af "lyfti-dufti" (Baking Powder), sem hann fann upp; einnig kakaó og sjókkólaði. Sagði hann af sér kennaraembætti sínu við háskólann og lagði stund á tilbúning þessa "lyfti-dufts", sem við hann er kent, og flestar húsmæður í Bandaríkjunum kannast við. Síðari hluta æfningar, eftir að auðurinn var orðinn nógur, fór hann að gefa sig við fornfræði, en þó einkum við sögu Vínlands hins forna. Hélt hann því fram, að Vínland Leifs Eiríkssonar væri Massachusetts ríkið og að Leifur hefði fyrst komið á land þar sem nú stendur Boston bærinn. Af ræktarsemi við þessar skoðanir sínar lagði hann mikið fé til þessarar myndastyttu. Rannsóknnum í sögulegum efnum hélt Horseford áfram eins lengi og hann lifði, en hæpnar þykja sumar ályktanir hans, einsog til dæmis sú, að fyrir vestan Boston hafi myndast þorp, er burtfluttir Íslendingar frá Grænlandi áttu að hafa bygt á 13. öld og seinna. Nefndi hann þorp þetta "Norumbega", því svo átti það að hafa heitið á norrænu! En þótt setja megí út á margt af því, sem Dr. Horseford ritaði, eða lét rita um þetta, þá er þó ekki að vanþakka viðleitni hans, að leiða sannleikann í ljós um ferðir Norðmanna í fornöld hingað til álfu, og að reyna að draga svolítið

úr Columbusar-dýrkuninni í Ameríku. Höfum vér Íslendingar fulla ástæðu til, að heiðra minningu hans sem Íslandsvinar og lofa gæfuna, sem gaf honum "lyfti-duftið" og skildingana. Sennilega er það áhrifum frá honum að þakka, og svo auðvitað Ole Bull og öðrum norrænu-vinum, að stofnuð var deild við Harvard háskólann í norrænu og Norðurlanda tungumálum. — Það var líka dóttir Dr. Horsefords, er að einhverju leyti átti þátt í hingaðkomu þeirra, 1896, Dr. Valtýrs Guðmundssonar og skáldsins Þorsteins Erlíngssonar.

Dagana, sem við
 § 5. Kveðjur í landi. stóðum við í Boston, stóð yfir vorþing Ameríska Únítara kyrkjufélagsins. Var það haldið í Tremont Temple, einsog venja er til. Hafði eg smáerindi að afgreiða við forstöðumenn félagsins; tafðist okkur því nokkra daga í bænum, áður en því yrði lokið og við kæmumst af stað.

Rúmum mánuði fyrr vildi það mesta slysil, er komið hefir fyrir á sjó í manna minnum. Stærsta fólksflutningaskip, sem smíðað hefir verið, eign White Star línufélagsins, skipið "Titanic", rakst á ísjaka austan við Nýfundnaland, í fyrstu ferð þess yfir hafið, og sökk með meginþorra farþega um borð. Í slysi þessu biðu yfir 1600 manns bana; —

ríkir og fátækir, listamenn og bókmentafrömuðir; menn, sem kunnir voru um allan heim, og fátæklingar úr stórborgum Norðurálfunnar, sem heimurinn þekti ekki neitt, entu þar æfi saman og sukku í svellkalt hafið.

Út af slysi þessu var skipuð rannsóknarnefnd til þess að íhuga, hvernig komast mætti hjá þvílíkum slysum í framtíðinni, og komst hún að þeirri niðurstöðu, að breyta yrði leiðinni meðan nokkur hætta væri á ísreka að norðan. Lagði hún svo fyrir, að tekin væri skálína suður, til austurs frá Ameríku, og haldið í þá átt, unz komið væri suður á 37. breiddarstig; væri þá stefnunni breytt til norðausturs aftur. Með þessu móti myndi verða komist hjá að lenda í ís. Skyldi leið þessari fylgt síðari hluta vetrar og framan af sumri, meðan siglingum gæti nokkur hætta stafað af ís. — Kendi nefndin því um, að "Titanic" slysið hefði orsakast af því, að farið hefði verið of norðarlega, en félagið hugsað um það eitt, að skipið hefði sem greiðasta ferð yfir hafið.

Auglýstu nú öll skipafélögin, að skip þeirra þræddu þessa nýju skipaleið, er rannsóknarnefnd Bandaríkjanna teldi ugglauasta. Ennfremur létu þau þess getið, að öll varúð væri í frammi höfð til þess að vernda

farþega frá líftjóni, ef óvænt slys bæri að höndum. Var þetta að mörgu leyti satt, því á þessum mánuði, er liðinn var frá því sjóslysið mikla kom fyrir, hafði verið sett þráðlaus fréttatæki á flest eða öll skip, er út voru gefin fyrir fólksflutninga; en á það hafði mikið skort, að þau hefðu það öll áður. Þá var líka séð um, að ekkert skip færi svo úr höfn, að ekki hefði það nægilega marga björgunarbáta meðferðis, fyrir alla, er á skipinu voru, — en á það hafði mikið skort á "Titanic". White Star félagið auglýsti, sem hin önnur, þau þægindi og þá tryggingu gegn slysum, er farþegar hefðu á sínum skipum. En hugur manna var mjög æstur gegn félaginu, því almenningur áleit, að það hefði átt að vera ábyrgðarfult fyrir slysinu. Voru því fáir, sem verða vildu til þess, að ráða sér far með skipum þess, og stafaði það meir af gremju við félagið, en hinu, að nokkur óttaðist, að fremur væri hætta búin með þeirra skipum en annara.

Er til þess kom, að ráða sér far til Englands, var okkur mikillega ráðið frá því, að taka okkur far með White Star skipunum. "Farið ekki með þeim; félagið á ekki skilið, að nokkur maður kaupir sér far hjá því. Það væri meira en maklegt, að það tæki ekki einn eyrir eftir skip sín þetta ár"; — þannig kváðu við raddir úr öllum áttum.

Fanst mér það meira en maklegt sjálfum og hugsaði mér, að eg skyldi hlýta þessum ráðum.

Cunard línufélagið hefir einhver vö .d- uðustu skipin, sem í förum eru milli Boston og Liverpool. Leituðum við því þangað og eftir nokkurt kaupslag réðum við okkur farrými með skipinu "Laconia", er sigla átti frá Boston þann 28. maí. White Star línufélagið fékk þó enga peninga frá okkur. Vissi eg þá ekki, og ekki fyrr en komið var norður undir England, að sömu eru eigendurnir að mestu leyti að báðum þessum félögum, svo að mitt góða fólk í Boston, er hefna ætlaði "Titanic" slyssins á White Star félaginu með því að fara sem flest með Cunard skipunum, greiddi eftir alt saman White Star línufélaginu tollinn.

Að kveldi þess 27. fórum við um borð. Gekk það seint og í all-nokkru þrátti að fá kistur merktar og komið fram. Manngrúinn var ótölulegur. Var margt betra en þurfa að troða sér þar gegnum þyrpinguna og bera þungar feiðatöskur í báðum höndum. Nú vorum við komin fram á skip — út á sjó, þó enn værum við inn á Bostonhöfninni, og vorum í þann veg að leggja af stað til Evrópu, — hinnar fornu og söguríku Evrópu, þangað sem öll vor ameríska menning, ill og góð, átti rót sína að rekja,

og fullur helmingur allra íbúa þessa megin-
ands, — fullur helmingur, nei, langmestur
hlutinn. Hugsun þessi og óteljandi aðrar
leiddu okkur ekki strax til sængur. En kveld-
ið var hlýtt og fagurt, skipið skrautbúið og
uppljómað og því gott að rölja stundarkorn
eftir þilfarinu.

Um morguninn var staðið upp snemma.
Skipverjar voru teknir til sinnar fyrri iðju
um kveldið, að skipa niður farangri. Mesti
manngrúi var kominn ofan að höfninni og
fjöldi enn að fara um borð. Á bryggjunni
stóð fólk og faðmaðist og grét einsog það
væri að kveðjast í hinsta sinn. Að vísu
voru stöku menn að yfirgefa konur og börn
um stundarsakir og öðru konar að skilja
menn sína eftir heima. Sáust líka hrygðar-
merkin á þessu fólki, það grét svo beisk-
lega, að tár þau voru meira en skilnaðar-
sorg; það var líkast því, sem það væri að
gjöra iðrun fyrir syndir allrar æfinnar og
lengst inn á eilífðarbrautina.

Það var liðið fram yfir miðjan morgun,
þegar haldið var frá landi. Helli-sólskin og
heiður himinn, örlítil austanátt, nóg til þess
að búa til spé-spegil úr sjónum.

Um hádegi vorum við komin út í fjarðar-
mynni; sást til hins forna Kjalarness á hægri
hönd. Um kveldið var landi skotið í sjó.

§ 6. Félagslíf á sjó.

Þerrir var góður um daginn, enda þornuðu furðu fljótt skilnaðartárin. — Og það var ekki komið út fyrir Marthas Vineyard eyju, þegar þessir hryggju ástvinir tóku gleði sína á ný. Fóru þeir að leita sér að öðrum kongi eða drottningu, eftir því sem á stóð, einsog segir í æfintýrunum. Sænsk kona kom um borð um morguninn í Boston. Hafði hún með sér dreng 4—5 ára. Var hún mjög harmþrungin, er þau kvöddust hjónin um morguninn. Taldi eg víst, að hún myndi ekki huggast láta fyrr en hún kæmi í sitt land. En drottinn leggur líkn með þraut og þetta sorgarinnar barn var farið að brosa skömmu eftir að skipið létti akkerum. Og að degi liðnum hafði hún fyrirhitt hjartagóðan Júða, óvænan að álitu, er alist hafði upp suður á Ítalíu, en sjálfsagt vænsta mann, og gekk hann henni í eiginmanns stað. En eftir það var drengurinn litli bæði föður og móðurlaus, unz skipstjórnin fór að blanda sér inn í þessar einkasakir

Ameríkanskur umferðarsali kom einnig um borð í Boston. Skyldi hann eftir konu og börn í landi og sýndi af sér viðeigandi sorgir. Hann var hinn karlmannlepasti að vexti, en andlitið einkar einkennilegt: nefið langt og mjótt og afar-skamt á milli augna.

er voru smá og lágu innarlega í höfðinu. Hratt hann harmi von bráðar eftir að komið var af stað.

Um borð komu líka tvær rosknar konur, er lítið höfðu gefið sig að solli og hégóma, og aldrei felt hug til nokkurs manns, en stundað kvenleg störf og felt við það fyrsta roða æskunnar. Komust þær í kunnleika nokkra við þenna ameríska einstæðing, en ekki fyrr en síðla um daginn. Voru þau saman öll þrjú eftir það, hvern dag á þilfarinu uppi. Og var nú gaman að lifa! En lofa skyldi hvern dag að kveldi. Inn í þessar sakir þurfti skipstjórnin líka að stinga nefinu; og þráðu nú sumir ekkert heitara en að komast til lands aftur, fyrst ófrelsið var svona mikið á sjónum.

Skipið "Laconia" er með þeim stærstu, er frá Boston sigla til Englands. Er það rúmt 18,000 tonna skip og nýsmíðað; var það nú að leggja upp í aðra ferðina austur. Eftir mitt sumar átti að taka það úr millilandaferðum, en setja það suður á Miðjarðarhafið, í skemtiferðir fram með Afríkuströndum. Allur umgangur var hinn bezt og hreinlæti mikió. Hreptum við hið bezta veður alla leið. Eftir að sunnar dróg, suður undir 37. breiddarstig, var blæjalogn og sjórinn einsog gler. Var það hin fegursta og einkennilegasta sjón, er kvelda tók.

Einn dag á norðurleiðinni var grátt loft og úfán sjór.

Að kveldi þess 4. júní sáust vitaljós frá Írlandi. En eftir því sem nær dróg landi, fór að skyggja, svo ekki fengum við að sjá Eyjuna grænu. All-margir Írar fóru í land í Queenstowne. Gjörðu þeir glaum og gleði mikla strax og sást til lands, og byrjuðu að kveðja meðfarþega sína sína með írskum alúðleik og vinsemd, og drekka ættjörðinni til. Ánuðu þeim allir heimkomu heilla, því þeir höfðu verið hinir beztu og skemtilegustu samferðamenn alla leiðina.

II. Á Englandi.

§ 7. **Fishguard.** Næsti viðkomustaður var Fishguard í Wales, áður en komið væri til Liverpool. Höfðum við ákveðið, að fara þar í land og þaðan til Lundúna. Var komið þangað snemma morguninn eftir, þann 5 júní.

Fishguard er dálítið þorp, er stendur fast fram við sjóinn á vestur skagatá Wales. Hús eru þar flest bygð úr rauðum tígulsteini. Fyrir nokkrum árum var þar aðeins ofurlítill útróðrarstaður fiskinnanna og helzt engin höfn. En um það leyti féll landeignin í hendur Cunard línufélagsins og The Great Western járnbrautarfélagsins enska. Var þá höfnin löguð og bygð þar hafskipabryggja. En áður en því varð við komið, varð að höggva þar framan úr nesinu og færa til um 200,000,000 ton af grjóti. Er höfn sú eitthvert mest mannvirki við Englands strendur. Margur mun spyrja, til hvers út í þann kostnað hafi verið farið og hvort eigi sé nógu góð höfn í Liverpool. Að vísu er það. En hér bar annað til. Vegalengd á landi milli Fishguard og Lundúna er hin sama og milli Liverpool og Lundúna.

En heil dagleið á sjó er á milli Fishguard og Liverpool. Með því að hægt væri að lenda í Fishguard, styttist vegalengdin milli Ameríku og Lundúna um heila dagleið — 12 tíma ferð á sjó. Þótti það ærið tilvinnandi, þótt það kostaði bæði fé og fyrirhöfn. Bæði Bretinn og Ameríkumaðurinn kunna því bezt, að komast sem fyrst leiðar sinnar. Hafa engar þjóðir í víðri veröld kostað meira til samgöngubóta og vegagjörða en þeir. Og enn sem komið er, er flestra erindi frá Ameríku til Lundúna. Lundúnir eru sölutorg allrar veraldar. Ræður hún bæði peninga og vöruverði að mestu leyti í heiminum. Með því að stytta leið til Lundúna, var heimsmarkaðurinn færður einni dagleið nær Ameríku. Fyrst um svo mikið var að ræða, var það ekki talið eftir, þó færa yrði til fáeina steina!

Um leið og skip
 § 8. Með lestinni koma til Fishguard
 til Lundúna. bíður þar hraðlest,
 er flytur farþega til
 Lundúna; eru það um 260 mílur vegar, og
 fer lestin það á $5\frac{1}{2}$ klukkutíma. Er það
 öllu meiri ferð, en hraðskreiðustu lestir fara
 hér. Á þessari leið voru ýmsar torfærur áður
 ur Great Western brautin var bygð. Meðal
 annars liggur leiðin yfir mikið af hálendi

Wales og svo Severn fljótið, er fellur þar fram til sjávar. Undir það hafa verið graf-in göng, og er lestin langa stund niðri í göngunum; fer hún þó á fullri ferð, og má á því sjá, hvað göngin eru löng. Ferðin austur eftir þessari leið getur verið mjög skemtileg. Útsýnið er afar fjölbreytilegt og landið allstaðar fagurt og vel ræktað. Hið ein-kennilegasta, sem mætir auganu, er skifting landsins í einlæga smáreit, niðri í hlíðunum og dalverpunum. Þéttbýlið er svo mikið. Um hvern reit eru hlaðnir torfgarðar, en allir eru þeir grænir og grasivaxnir.

Um langan spöl er farið fast fram með sjó. Stóð svo á, að þá var fjara,, er við fórum þar hjá; lágu því sandar lengst út til hafs. Þar er ákaflega aðgrunt, því landbrot hafa verið þar tíð síðan sögur hófust. Út alla sanda var fólk á ferð, ýmist akandi eða gangandi, karlar og konur, alt næstum eins búíð, að virtist. Var það að tína þara. Blautir sandarnir glóðu þarna í sólargeisl-anum einsog gler, og var því líkast til að sjá, sem fólk þetta gengi á sjónum. Varð eg undrandi, er eg horfði fyrst á þetta. Heyrt hafði eg getið um það í fornum sögum, að menn hefðu gengið á sjónum, en átt ervitt með það hjálparlaust og viljað sökkva. En þarna gengu menn og málleysingjar á haffletinum einsog á renasléttri

jörðinni. Það vissi eg líka, að Valir þóttu gjörningamenn í fornri tíð, en eigi hélt eg, að sú forneskja héldist við hjá þeim enn, né að þeir gætu skákað sjálfum postulunum með þeim fíttons-anda og teymt asna sína og eyki með sér út á sjóinn.

Þegar nær Lundúnum dregur, breytist útsýnið og landið. Það verður meira skógi vaxið, sléttara og að mun skróðugra af alls konar gróðri. Landsetabýlin eru betri, og hallir landsdrottanna reisulegri. En þar sem annarsstaðar eru öll hús rauð, — úr rauðum tígulsteini, og svo voru þau um alt England það sem við sáum.

Þá hugmynd hafði
 § 9. **Lundúnaborg.** eg skapað mér um
 Lundúnaborg, að

hún væri tröllsleg stórhýsa þyrping, þar sem hver byggingin væri annari meiri og hærri, svo naumast sæist upp í himininn. Þar væri manntroðningur svo mikill á götunum, að enginn fengi snúið sér þar við. Þar væru göturnar svo mjóar, að ervitt væri að aka þar kerrum hvorri framhá annari. Hvort eg hafði fyrir mér einhverja ýkta mynd af New York borg, eða að eg hafði ætlað þeim 7,000,000 manna, sem þarna búa, að komast fyrir á minna svæði en borgin þekur,

veit eg ekki; en þetta reyndist öfugt við það sem er. Margar göturnar eru breiðar. Þar er engu meiri manntroðningur, en á sér stað á fjölförnustu götunum í Winnipeg. Og ef ekki er miðað við turnana, eru engar byggingar þar afar háar. Húsin eru flest þetta 4 til 6 gólf. En stór eru þau og mikilfengleg og prýðileg í fylsta mælir. Það er yfir þeim tignarsvipur. Húsin og hallirnar í Lundúnaborg eru—einsog þau væru lífi gæddar verur — fríð, burðaleg, gáfuleg, sköruleg, með sál í hverjum boga og línu. Á þetta við í þeim hlutanum er við skoðuðum, er var mið- og vesturhluti borgarinnar. Skemtigarðarnir eru stórir, sérstaklega Hyde og Regents Park, og skrýddir og prýddir af mestu list.

Lestin kemur inn á biðstöð útvestarlega í borginni, svo nefnda Paddington Station. Sé haldið til niður á Strand, niður á Tempsár bökkum, liggur leiðin gegnum einn skrautlegasta hluta borgarinnar, ofan Oxford og Piccadilly, framhjá Trafalgar Square, nokkuð norðan og austan við þinghúsið. Engir sporvagnar eru þar ofanjarðar, en mótovagnar ganga í þess stað fram og aftur, eftir vissum slóðum.

Fyrir þá, sem naumir eru af tíma og peningum og ekki mega tefja nema nokkra

daga, verður margt óséð og óskoðað í Lund-
únaborg, er annars væri vert að skoða. Og
þeir, sem ekki eru því betur að sér í Eng-
lands sögu, kunna tæpast að meta helming-
inn af því, sem fyrir augun ber, þó ekki tefji
þeir þar nema örfá augnablik. Nema ef
vera skyldi mannfólkið, sem flest er mjög
hversdagslegt og sýnir það, sem fjöldi nafn-
kendra Englendinga kvartar um, að þjóðin
sé andlega og líkamlega á hnignunarstigi.
Hvort á því kann að verða breyting, er fram
líða tímar og hagar alþýðunnar breytist,
einsog Ólöf Schreiner heldur fram, skal lát-
ið ósagt, þótt þess væri óskandi. Hreyfing-
ar fólksins eru allar fjörlitlar, andlitsfallið
óskeppulegt, og tæplega mætir maður svo
erviðismanni, að ekki leggi af honum megn-
an vinnuf. Sýnir það, hvert förinni er
heitið.

Englendingarnir, er sigruðu heiminn, —
gjörðu Bretland að sigur- og sæmdarheiti
sögunnar, eru ekki á ferð um Lundúna göt-
ur nú. En ekki er svipur þeirra horfinn.
Þessir fornu garpar lífa. Stórsálirnar, vóxt-
urinn, siðferðisþrekið, heimsdraumarnir
miklu — alt sem þeir voru og áttu mest, er
greipt í vegg kastalanna, borganna og bygg-
inganna, er standa fram með götunum! —
Borgin ber mynd þeirra og yfirskrift, sem
er afl, stórvirki, stefnufesta og spaklyndi,
hvar sem litið er.

Ekkert sýnir andlegan þroska og hugsjónir þjóðanna betur en afreksverkin. Af ávöxtunum skuluð þér þekkja þá. Og ekkert sýnir menningu betur en byggingarlistin. Hugsanir hljóta ávalt að búast í efnislegan búning, að öðrum kosti njóta þær sín ekki. Þegar menn hreyfa stórbjörgin úr stað og klappa þau til í ýmsar myndir, — hlaða þeim upp í háa dranga eða pyramída, sýnir það að hugurinn og andinn horfa upp, leita upp, og að smátálmanir eru ekki láttnar hefta þá hugsun. Það sýnir líka, að þessir menn eiga þrek til að bera og hræðast ekki að eiga í stríði við öfl náttúrunnar meðan þeir eru að leitast við að gjöra sér hana undirgefna.

En þegar menn færa björgin úr stað, hlaða þeim saman í hallir og kastala fjöllunum fegri; hlaða úr þeim turna, er bera við bláloftið, svo að með skugganum einum mæla þeir rás himintunglanna, — bera verkinn þess sannarlega vott, að andinn er búinn að slíta af sér hversdags-fjötrinn og hefir öðlast æðri og meiri sjóndeildarhring, en stritið fyrir daglegu brauði veitir.

Það er hinn sorglegi vitnisburður sögunnar, að þeir, sem ekki kunna að byggja, þeir kunna ekki að stjórna. Í fornri tíð var það svo, og enn í nútíð er það svo. Það er á fleira en einn veg hægt að þýða sög-

una um húsið, sem bygt var á sandi. Sú þjóð, sem ekki kann að byggja, leggja stein við stein og kalla fram úr holtum og hæðum töfrahallir, — hún kann ekki að lifa, að stjórna högum sínum, smíða sér þjóðfélag — úr grjótinu. Hún býr á heiðum uppi og í öllum menningarlegum skilningi er hún heiðin.

Það er til heiðni í fleiri en trúarlegum efnum. Það er til heiðni í siðmenningu. Og sú þjóð er í siðum heiðin, er ekki kann að búa hugsjónir sínar í fastan búning, eða á engar svo skipulegar hugsjónir, að það sé mögulegt, og fyrir þá skuld er eilíflega dæmd til að vera annara þjóða undirlægja.

En Englendingar kunnu að byggja, og þeir hafa kunnað öðrum þjóðum betur að stjórna. Mikilfenglegustu byggingarnar í Lundúnum eru kyrkjurnar, Lögmannasalurinn, listasöfnin, þinghúsið, aðalshallirnar og verzlunarhúsin. Það er einsog hver steinn sé þar lifandi vera í einhverju allsherjar þjóðfélagi; hann ber, ef svo mætti að orði komast, sinn sérstaka svip, yfirlit, sál, jafnframt því, sem hann skipar sinn sérstaka sess í veggnum.

Arnþjotur B. Olson

THE UNIVERSITY OF MANITOBA
LIBRARY

Mest allra kyrknanna í öllu Bretavaldi er St. Páls kyrkjan, og þó er hún ekki eins mikil andans stærð einsog Kaustra-kyrkjan í Westminster. Að lýsa St. Páls kyrkjunni reyni eg ekki; en hið einkennilega, sem ber þar fyrst fyrir augu þeirra, er ganga þangað inn, er alt það, sem þar er geymt. Þar hanga skildir og hertýgi baróna og hertoga fram og aftur um veggina; þar standa í kring með öllum hliðum líkneski hinna frægustu hershöfðingja Breta, er æfi sína gáfu út fyrir að gjöra ríkið völdugt og víðirægt um allan heim, eða létu lífið í lausnargjald fyrir þjóðina, þegar henni lá sem mest á. Kyrkjan, þetta völduga og afarstóra hús, er við fyrstu sýn innan að sjá einsog listasalur, þar sem hver myndastyttan þrengir að hinni. Maður verður hugsí og spyr sjálfan sig, hvort þetta eigi við; hvort ekki sé með þessu móti tekið burtu alt hið kyrkjulega, en í þess stað sett hið verzlega, er einkenni hverja algenga sýningarhöll. En við nákvæmari athugur, áttar maður sig skjótt. Hér er sýningarhöll að vísu, en þó svo margfalt meira. Þetta er ekki listasafn í nokkrum algengum skilningi, því í smíði líkneskjanna, sem þarna standa, er ekki kept að því, að ná ákveðnum fegurðar-myndum — föstum fagurlínum og reglubundnum vöðvadráttum, heldur þvert á móti eru margar

myndirnar fremur ljótar. Fyrirmyndirnar hafa verið ófríðar, oft með ýmsum líkamslýtum. En allar eru myndirnar sannar, — sýna menn, brezka menn, rétt einsog þeir voru. Myndirnar eru lista-safn; þær eru myndir listamanna þeirra, er hugsað og smíðað hafa það völdugasta ríki, sem myndast hefir í þessum heimi. Og maður verður ánægður með, að þær séu þarna í kyrkjunni, í skjóli þeirrar stofnunar, er fóstað og geymt hefir hið andlega líf þjóðarinnar og myndað "karaktérinn", sem þarna er til sýnis og greiptur er í glæstan marmara, í mynd og líkingu þjóðarinnar huguðustu og djörfustu sona.

Sannarlega er hús þetta kyrkja, í tugulegustum og göfugustum skilningi, — kyrkja full heilagsanda, — ástarinnar til föðurlandsins! Kyrkjan er full af föðurlandsást og þjóðar-fremd og þjóðar-virðing — alveg upp í rjáfur! Er það þó um tuttugu mannhæðir upp frá gólfi, svo hátt upp hafið, að frá svölunum sýnast þeir, er niðri standa, naumast fingurhæðar háir.

Maður gengur þaðan út, alvörugefnari og meir hugsandi en er maður gekk þar inn. Og til Wellingtons, er þar situr á hestbaki inni, fyrir miðjum dyrum, lítur maður ósjálf-rátt með virðingu og hugsar: "Mikið og frítt er lið þitt, konungur!"

§ 11. Temple kyrkjan.

Miðja vega milli Páls kyrkju og Westminster standa Lögfræðinga salirnir og Dómhúsin. Er svæði þetta kent við smákyrkju, er þar stendur inni í miðri húsaþyrpingunni, og kölluð er Temple Church. En sú kyrkja var byggð af Riddarareglu, er stofnuð var skömmu eftir fyrstu Krossferðina, eða um árið 1100, og nefndist Knights Templars. Kyrkjan var smíðuð um árið 1166, og er því sú elzta á Englandi, og einhver sú elzta, sem nú er til og leifar eða minjar bera þeirrar reglu. Kyrkjan er úr rauðleitu grjóti, byggð í hálfhring, með hellugólfi og öll tjölduð innan skjöldum og merkjum hinna fornu riddara.

Í kyrkjunni eru margir frægir hertogar grafnir frá 13. öld.

Að koma inn í þessa kyrkju er einsog að hverfa til baka í tímanum aftur í miðaldir. Í kyrkjunni eru engin sæti og hlýddu riddarar þar helgum tíðum standandi, í alvæpni og hölluðust fram á sverð sín. Fyrir löngu er nú hljótt í þessum sal. Nú ganga þar um tvær aldraðar konur, er hafa auga með gestum, er þangað koma forvitnisför. En hver sá, sem kann vel að hlusta, getur enn heyrt í fjarska bergmálið frá þessum fornu sölum, þegar herskararnir tróðu inn stein-

gólfíð með ber höfuð og féllu á kné í bæn frammi fyrir krossmarkinu helga og tóku á móti árnaði og blessan allsherjar kyrkjunnar.

Fegurst allra kyrkna

§ 12. Westminster. í Lundúnaborg er Westminster. — Ytri prýði hennar er svo mikil, að naumast er hægt að hugsa sér, að steinhús verði betur smíðað. Kastala-turnarnir tveir, sinn hvoru megin framdyranna, og upp af þeim hvorum svo aftur aðrir fjórir smærri turnar, en út frá þeim aftur eru samskonar turnar, settir með jöfnu millibili ofan á alla hliðina, — veita smíðinu svo einkenni-
legan og tígulegan svip. Innan er í fyrstu svipað um að litast og í Páls kyrkjunni, nema að hér skilur, að flest minnismarkin, sem skipað er fram með öllum göngum og veggjum, eru líkneski þeirra, er gjört hafa Bretland að stórveldi í heimi andans. Hér hvíla, auk aðalsmannanna mörgu, allir mestu lista- og vísindamenn Bretlands. Hér standa einnig myndsteypur þeirra, er verið hafa ljós manna á liðnum öldum, í öðrum löndum og álfum. Kyrkjan er byggð í kross. Veit krossinn austur, en aðalinn-
gangur kyrkjunnar er á norðurgafli. Undir austurhlið stendur háaltarið gullna, þar sem

konungsvígsla fer fram; en á bak við það, í hægri armi, er kapella Hinriks VII. Bretakonungs, er forfaðir var Tudor-konungsaettarinnar á Englandi, og sem leiddi til lykta hið ógurlega Rósa-stríð, er staðið hafði út af ríkiserfðum þá nærfelt í öld á Englandi. Í kapellu hans er margt konungafólk grafið. Og þar er grafin móðir hans, Margrét Beaufort, er góðfrægust er fyrir ölmusugjöfina, er enn helzt við. Á dánardægri afhenti hún klaustrinu stórar eignir, og mælti svo fyrir, að á hverjum laugardegi frá þeirri stundu skyldi vera útbýtt meðal 50 ekkna, eða fátækra kvenna, og hverri gefið eitt brauð, biti af kjöti og 2 pence, og hefir skipan þessari verið fylgt síðan. Er það geta manna, að þessi 2 pence hafi átt að vera fyrir öl með brauðinu og kjötinu.

Í kapellu Hinriks VII., fyrir stafni, var lagður Oliver Cromwell, hershöfðinginn mikli, og lýðveldismaðurinn. En eftir að konungsstjórnin var sett á fót aftur, var hann grafinn upp, að boði Karls II., og vita menn ekki nú hvar hann er grafinn. Var það lýðveldismanninum mikla sæmd, að vera færður á burtu úr konunga-þvögunni þar í gólfinu! Jafnaðarlegast er þessi hluti byggingarinnar lokaður, svo að þótt hann sé að vísu til, þá spillir hann ekki helgi og tíguleik kyrkjunnar.

Auk skáldanna standa myndir af stjórn-
málamönnum Breta í aðal-kyrkjunni. Ber
þar einna mest á Pitt og Beaconsfield og
Gladstone. Fyrir miðri hlið að vestan eru
grafir Darvins og Newtons. Í gólfinu er
höggvin steinhella yfir leiði Darvins, með
áletran, er gefur til kynna legstað, fæðingu
og dánardægur hins mikla vísindamanns.
Leiði hans er yfirlætislaust, einsog æfi hans
var öll, en um það ljúkast bjartir geislar frá
hliðarglugganum þar fyrir ofan, — vel sam-
boðið starfi spekingsins í þarfir ljóssins og
sannleikans.

Yfir allri kyrkjunni að innan hvílir djúp-
ur og þögull friður, — aldanna ró, er bylgj-
ir tímans fá ei hrært. Allur blærinn ber
með sér speki og hóglæti. Einsog djúp-
tæki mannlífsins alls hafi numið sér þar bú-
stað; er þar eigi aðgreining lengur í stundir,
ár eða aldir. Þar mætast ároði eilífðarinn-
ar og kveldroði tímans, og af vegamót-
unum má sjá yfir á land hins varanlega og ei-
lífa, — viðlíka skýrt einsog þegar mörgun-
ljósið fyrsta lyftir rökkurhjúpnunum af sof-
andi bygð, — þó enn sjáist til breytinganna
og hverfleikans í hinum stundlega heimi.
Umhverfis mann standa skáld, þjóðfræð-
ingar, vísindamenn er borið hafa uppi mann-
réttindin, hugsjónirnar, sannleikann og gefið
þeim verkandi myndir ofan allar aldirnar,

dánir, en þó lifandi, stundlegir og dauðlegir menn, en þó eilífir og ódauðlegir, svo lengi sem heimur varir.

Sjálfir steinarnir í veggnum tala á tungum aldanna!

Kynslóð eftir kynslóð tók við, ein af annari, að hlaða þetta volduga musteri, fullkomna þessa máttugu mynd. Sú fyrsta, vitandi að henni myndi aldrei auðnast að sjá verkinu lokið, og síður en svo skiljandi í, hvaða sýn og undramynd var með tilhjálp hennar handa, að öðlast fastan líkama og búning. En hlýðin og trú hugsjón byggingameistarans hlóð hún öldunum lof. — Og byggingameistarinn sjálfur gat heldur ekki búist við, að fá að líta þessu verki lokið, en í það ítrasta, ofan af fjallinu, að hann fengi á deyjanda degi að hvíla augun við þess fullkomnuðu mynd, frammi á ókominni öld!

Lögin í veggnum telja kynslóðirnar, en byggingin öll eilífðarheim mannlegra vona, drauma og trúar.

Mannsæfin er svo stutt!

Fyrir suðurgafli kyrkjunnar er langur gangur, í lögun einsog smá kyrkja. Skilur hann grár steinveggur frá kyrkjunni sjálfri. Gólfið er lagt hellum, einsog í aðalkyrkj-

unni. Gluggarnir eru þröngir en háir, eins og mannlegar langanir. Þeir taka fast upp að súð og niður í miðjan vegg, og lýsa með óljósri birtu, einsog þá lýsir inn í hús meðan dagur rennur. Þetta er bænasalurinn. Þar heyrst aldrei orð af munni mælt, en stunur og andvarpanir fylla þar þögnina.

Einkennileg hugsun grípur mann við að koma þar inn. Úti í hinni stóru, glaðværu og munaðarríku borg ætlar maður ekki að þyngsli hvíli á hugum og hjörtum manna; að hlæjandi ungmenni, eða fólk um miðjan aldur flýji kvíð . og kulda lífsins, beri djúpa sorg í sál. En þó hafa hingað gengið menn á öllu aldurskeiði, kynslóð eftir kynslóð, falið ásjónu sína í höndum sér, og með beygðu kné beðið um styrk og frið! Og á þessum stað er eg fullviss, að friðinn hafa þau fundið, þessi sorgmæddu börn. Hann hefir fallið yfir þau einsog ljúfur morgunroði; einsog hið hreina ljós dagsins, er þrengir sér þar inn um gluggana. Gólfíð sjálf er orðið gengið til hálf, undan hinum þungu sporum þessa fólks.—Þungt og fast stígur hann til jarðar, er ekki á í sálunni frið!

En Lundúnaborg er
§13. Brezka safnið. stór. Auk kyrknanna
 eru ótalmargir fleiri
 staðir, er með sér bera veldi og menningar-

brag hinnar brezku þjóðar. Má þar til nefna hin ýmsu söfn. Er þar Brezka safnið mest (British Museum) og alkunnast. Er þar saman komið slíkt ógrynni af munum snertandi menningarsögu veraldar, að ekki verður tölu á komið. Um ótal mörg ár hafa Bretar kostað sögu-rannsóknir í Austur- og Suðurálfu. Við þessar rannsóknir hefir fundist fiarskinn allur af leifum frá afar-fornum tíma. Mestar hafa rannsóknirnar verið í Biblíu-löndunum, Egyptalandi, Babilon, Sýrlandi og Palestínu; enda er þaðan mesta ódæmi komið inn á Brezka safnið. Allskonar ker, er notuð voru undir vín, vatn, olíur, smyrsl og þess háttar, eru þang-að komin; einnig borðker og handlaugar, hreinsunarker, blótskálar, hlautteinar, hníf-ar og vopn; ennfremur klæðnaður og gripir, er bornir voru við hátíðar, blót og veizlu-höld. Er það ekki ósennilegt, að þar séu borðker og aðrir munir úr eigu ýmissa stórmenna Austurlanda á fornri tíð. En Bretinn hefir fundið það og eignað sér og álitíð, að sá eigi fund sem finnur, ef eigi er eftirspurt. En svo er nú orðið langt síðan, að ölværð-in dó í höllunum þeim og hinir fornu höfð-ingjar rýmdu þar sæti, að þeim er löngu gleymt, hvað þeir áttu. Og aðrir eru ekki til eftirspurna. Fær því Bretinn óátalinn að halda því, sem hann finnur. Hin forna

Babýlon er í eyði, og svo er um margar aðrar borgir austur þar. Hallirnar fögru eru fallnar, ljósin öll slokknuð, veraldar undrin týnd, herrar og þrælar komnir undir græna torfu, — sigurvegar og bandingjar hvíla hvorir við annars hlið. Herlúðurinn er þagnaður, spjótin brotin. Letrið, sem höndin ritaði á vegginn, bak við ljósa hjálminn, eitt veizlukveld í feigðarhöllu Balshazzar konungs, er nú rist á rústum allra borga þessa mikla ríkis.

— “Mene, Mene Tekel Upharsin” eru sögulok.

En á Brezka safninu eru geymd goðalíkneskin, eirkerin og ljósa stíkur, er fundist hafa í rústunum. Skart og dýrgripir hinna fríðu Austurlanda kvenna, hefir verið grafið upp úr öskunni, fægt og flutt þangað.

Með því að skoða alla þessa hluti, má vel gjöra sér hugmynd um starf, lifnaðarhætti og búninga Austurlanda að fornu. Sögurnar, er segja frá klæðnaði og vinnubrögðum þessara þjóða, verða ljósari og skýrari í huga manns við það að skoða þessa fornu muni. “Að leggja hönd á plóginn” verður skýrt, þegar maður sér Austurlanda plóginn, og að hann er einskeptur. Sagan af Rebekku við brunninn, er hún “tók skjóluna af öxlinni í hönd sína” og gaf

sendimanni Abrahams að drekka, verður auðskilin, þegar austurlenzku vatnskerin eru aðgætt og það sézt að þau eru öll búin til að berast á öxlinni. Ástarsaga Jakobs og Rakelar verður líka mjög ljós. Jakob hitti Rakel fyrst við brunninn, með hjörðina. — Brunnarnir hafa í þá tíð verið fundarstaðir yngra fólksins. — Hún gætti sauða föður síns. En strax og Jakob sér til hennar veltir hann steininum af brunninum og vatnar fyrir hana hjörðinni. Og þegar hann hafði lokið því, segir sagan: "Þá kysti Jakob Rakel og hóf upp rödd sína og grét". En af hverju Jakob fór að gráta, um það fræðist maður ekki á Brezka safninu, nema hvað þess má geta sér til, að hann hafi verið orðinn svona þreyttur að roga þessum þungu vatnskerum upp og niður úr brunninum.

Í musterum, fyrir hallardyrum og borgarhliðum voru oft settar stórar myndir úr höggnu grjóti. Getur þeirra í G. T. Voru líkneski þessi kölluð "Kerúbar" og "Seraphar". Hafa menn á seinni tímum smíðað sér það, að þessir fornu Kerúbar hafi verið skínandi fagrir englar, fegurri öllum jarðneskum verum, mönnum sem konum. Við hliðar Paradísar voru settir Kerúbar með logandi sverðum. Nokkrir þessara engla hafa fundist í Babýlon og verið fluttir til Englands. Áreiðanlega eru þeir þyngri og

meiri en nokkrir menskir menn. Því hver um sig, er fluttir hafa verið á Brezka safnið, vega mörg ton; en eigi eru þeir að sama skapi fríðir. Eru þetta vængjuð naut með afarlögum ljónshala. Þó er myndinni þannig breytt stundum, að í stað nautsins kemur ljón með mannshöfði og arnarvængjum. Voru þetta land- og borgarvættir Austurlanda, einkum Babýlonar og Assýríu manna. Til vætta þessara hafa Grikkir þekt, og ekki vilst á þeim og englunum. Í þjóðtrú þeirra voru óvætti, er "Griffónar" hétu, og er það sama nafnið og Kerúb.

Alt svo margt, sem er af menjum Austurlanda á þessu mikla safni, er þó meira víðsvegar að frá Egyptalandi, svo sem skrautgripir vopn og munir, leturspjöld og handrit. Flest þetta hefir fundist í grafhvolfum Pýramídanna. Í grafhvolfum þessum hefir fundist siðbók Egypta, er notuð var við greftranir, með tilheyrandi fyrirbænum og ávörpunum til Egyptaguðsins Osiris. Er hún skrifuð á pappírlengjur, er vafðar voru um líkin, og á steinspjöld, er reist voru hjá þeim dauðu. Hefir bók þessi verið lesin saman úr þessu, er fundist hefir, og gefin út í þýðingum á Norðurálfu-málum. Er hún kölluð "Bók hinna dauðu". — Einnig hefir stórt múmíu-safn verið þangað flutt. Eru það leifar konunga og drottninga, er geymst hafa

um þúsundir ára og nú verið færðar úr sínum forna legustað inn á Brezka safnið. — Þjuggu Egyptar svo um lík konunga sinna og presta til forna, að þau rotnuðu ekki, heldur þornuðu og að lokum urðu steinrunnin. Voru þau fyrst smurin, því næst vafin dúkum, er ofnir voru úr sefi, því næst hördúkum og þá lagður dúkur yfir andlit þeim og umbúið sem vandlegast. Þá voru þau kistulögð, og er á kistulokin grafin mynd þess, er undir hvílir. Oftast eru kisturnar úr rauðum leir, og á þær fleyglettraðar bænir til guðanna, en hrós um þann látna. Er svo kistan látin í stóra steinþró lukta, og svo frá gengið, að ervitt sé að opna. Hefir þó Bretum tekist, að opna steinþró þessar, er fluttar hafa verið til safnsins, og með því veitt gestum sínum leyfi að ganga fyrir Faraó. Þar er kista Faraós þess, er "ekki þekti Jóseph" og þrælkað á að hafa Israelsbörn, Rameses II. Var hann merkur konungur Egypta um árið 1400 f. Kr., byggingamaður mikill, og lét sín líka að mörgu getið. Nefna lét hann eftir sér borgir víðsvegar um landið og allstaðar setja upp höggna myndir af sér. Hefir einn fádæma grúi verið til af þeim um hans daga. Þess ber líka Brezka safnið vott. Allstaðar er Rameses II. Ekki er svo hægt að fara um safnið, að maður reki sig ekki hvervetna á þenna digra og rembiláta konung.

Mikið er hér saman komið af forn-grískum munum, frá eiröld Grikkja og tíð Trójuborgar. Þá eru og miklar leifar, er fundist hafa eftir frumbyggja Norðurálfunnar frá steinaldar-tímanum. Á það að vera vopn og veiðibúnaður, að manni er sagt, þó lítið smíðisiag sé á. Er sú gáfa mikil og óskiljanleg, sem fornfræðingum er gefin, að búa til úr öllu rusli allskonar mannaverk og segja oss fáfróðum mönnum um það langar sögur. — Léttast virtist mér myndi vera, að koma sér upp all-álitlegu safni af steinaldarleifum, því ekki myndi annars þurfa með, en fara í einhvern lækjarfarveg eða skriðu og tína upp eftir vild steina og helluflögur, — gefa því svo öllu ýms heiti.

Handritasafnið er stórfrægt; eru geymd þar bókfell og bækur fágætar frá fornri tíð. Ein deild þessa safns geymir bréf og skjöl ýmsra hershöfðingja og konunga Bretlands. Má þar sjá margu góða skrifhönd, en þó fleiri óskýrar og ófríðar.

Þá er listasafnið íburðarmikið, og nær yfir öll tímabilin eldri og yngri. En tiltölulega kveður þó minnst að þessu safni og sjáanlega minstu verið til þess kostað.

Telja má það safn
 §14. Dýragarðurinn. — þó í öðrum
 skilningi sé, en
 Brezka safnið — dýrasafnið í Regents Park,
 "The Zoological Garden". Er það vafa-
 laust sá stærsti söfnuður í heimi taminna og
 ótaminna dýra. Einhver gamli kyrkjufað-
 irinn sagði, að kyrkjan væri Noah örk, full
 hreinna og óhreinna dýra. Í þeim skilningi
 er "The Zoological Garden" reglulegasta
 kyrkja, eða söfnuður, þó ervitt yrði að
 sverja á hann sérstakan rétttrúnað. Flest-
 um, sem skoða garðinn, hlýtur að finnast
 það álitlegur búgarður og Bretinn furðu
 fjármargur. En væn yrði sú örk að vera
 og viðamikil, er borið gæti allan þann sæg.
 Og tafsamt yrði það einum manni, að koma
 sér upp þesskonar bát og ætla að smíða
 hann í hjástundum sínum. En svo eru þar
 líka fleiri dýr en þau, sem ekki mega vökna.
 Auk flestra tegunda fugla og jarðardýra, er
 þar einnig stór söfnuður fiska og flæðar-
 dyra, sela og sæljóna.

Garðurinn er afar-stór, og dýrahúsin mjög
 reisuleg. Skrautlegust eru þó dýrahús kon-
 ungs. Á Indía-för hans í fyrra gáfu höfð-
 ingjar honum hópa af öpum, skrautfuglum
 og filum, og hefir hann látið byggja yfir það
 safn þar í garðinum. Mest er apahöllin og
 ströngust siðagæzla. Gestum eru settar regl-

ur, er ganga vilja fyrir konungs-apa, og fyrirboðið, að hafa þar nokkrar glettur í frammi, eða reita þá til reiði. Enda gæta dýraverðir þess stranglega og ganga sjálfir um með hinni mestu hæversku. Má það á þeim sjá og á orðum þeirra heyra, að þeim finst þeir standi í nokkurskonar hallarþjónustu þar frammi fyrir öpunum og búi við einhvern hluta hirðarinnar í návist aðsalsins. Öðruvísi eru þjónar þessir í viðmóti en hinir algengu, er ekki umgangast apa. Kemur þetta vafalaust til af því, að þeir eru konunglegir apa-þjónar, en ekki hinu: að dregur hver dóm af sínum sessunautum.

Apabúrin standa fyrir neðan miðja vegg, á breiðum og ramligum loftsvölum, er liggja inn húsið. Verða því allir, er inn ganga, að reigja sig og rétta upp höfuðin til þess að fá litið upp til apanna. Er það múgur manns, er daglega gengur þar um salinn. Það er ekki laust við, að falin sé meinleg glettni í þessari gjöf indversku höfðingjanna til Englendinga, er komið hefir því til leiðar, að apinn er settur ofar fólkinu og litið upp til hans. En sjálfsagt finna engir til þess. Svo er það líka kent, að gott sé og nytsamt þjóðinni, að eiga eitthvað, sem svo ofarlega er sett, að líta verði upp til þess. Gjörir þá minst til um, hvað það er. — En víst er um það, að mikið er dáðst að

öpunum, og mest fyrir það, að þeir eru konungs-apar.

Einn sterkasti og grimmastí apinn stökk fram á grindurnar, nagaði þær og hristi, rammhvolfdi augunum, skældi sig allan, hvæsti og ýlfraði ámatlega. Það skein í gular vígtennurnar og andlitsbjórinn snörjat allur til og belgdist. "Hann hefir konunglegt skap þessi", sagði gömul kona, er horfði á þessa tilburði apans með mestu lotningu. Aumingja kerlingin, hún vissi, hvað hún söng. "Og konunglegan svip", hefði hún mátt bæta við.

Enginn ætti svo að fara um Lundúnaborg, að hann ekki skoðaði dýragarðinn. Má þar margt og mikið læra, þó ekki sé nema það eitt, að víst var það gott, að mannkynið slapp úr þeirri þrísund, að búa samvistum með dýrunum, — eða er að sleppa úr þrísundinni, þar sem menningunni er svo langt komið. Að það var gott, að það var rekið úr Garðinum forna, og fór að læra að þekkja mismun góðs og ills. Að hafa átt að búa innan um þann lýð — í þeim líka þef! — þeim ópum og háreisti, þeim gauragangi, þeim hálfvita sköllum og solli, þar sem hrafnar og gaukar, hegrar og gæsir, kríur og kjóar rífa nefin allan liðlangan daginn, og inn í þetta fábjánalega fuglaþref blandast svo grimdaróp tígrisins, ljónsöskrið og

asnahrynurinn, — hefði ekki verið tilhlökkunarefni, þó óneitanlega hefði það getað komið í stað borga- og bygðar-samfélagsins með þess óteljandi afkima félögum, "skrall-ballettum", "sjúkra samkomum", "ölmusu-regni" og "vindla-pólitik". — — Nei, aldrei þessu vant hugsaði eg hrærður til vorrar gömlu og friðelskandi Evu, er kom sér og manni sínum burt úr þessum félagskap og kaus heldur friðinn og fámennið en aðrar eins návistir. Vér getum ekki fullþakkað það, né heldur dætrum hennar á síðan, er freistað hafa manna sinna og dregið þá úr sollinum frá dýrunum.

§ 15. Höll Wolsey
kardinála.

Margar fornar og frægar hallir eru í Lundúnum og þar í grend. Eru þær flestar

notaðar nú undir ýmiskonar söfn, því löngu hafa konungar hætt að húa þar. Ein af höllum þessum er Hampton Court. Er hún frá öndverðri 16. öld og hið skrautlegasta smíð. Í henni er geymt hið konunglega myndasafn og nokkuð af húsbúnaði eldri konunganna. Höll þessi var smíðuð nokkru fyrir siðaskiftin af hinum volduga kardinála Wolsey, er mestu réði um alt England framan af ríkisstjórnartíð Hinriks VIII. En er Hinrik afrækti Katrínu drottningu sína

og krafðist skilnaðar frá henni, til þess að geta gengið að eiga Önnu Boleyn, er hann var í þingum við, og honum var huga næst þá stundina, en Wolsey fekk ekki skilnaðinum til vegar komið við páfa; svifti konungur hann öllum metum og með nauðungar-afsali lét hann fá sér hallir sínar og óðul. Tók Hinrik þá Hampton Court og aðrar eignir kardinála og bjó þar síðan. — Skilnaðinn veitti hann sér sjálfur, og gekk svo að eiga Önnu Boleyn, er móðir varð Elízabetar drottningar. Sagði konungur sig úr kaþólskum sið, og gjörðist sjálfur höfuð kyrkjunnar á Englandi, svo hann hefði óbundnar hendur í öllum sínum hjúskaparmálum, og var þetta hin lofsamlega byrjun siðabótarinnar á Englandi!

Eftir þetta varð Hampton Court konungs aðsetur ofan til daga Vilhjálms IV.

Höll þessi er einhver sú skrautlegasta og ber af fornu ensku konunga-höllunum nú við líði. Hún er reist í ferhyrning um opinn reit steinlagðan. Hallarhliðin að norðan og sunnan eru afar há, og var ekið eða riðið inn um þau áður. Við höll þessa var bætt smámsaman af konungum þeim, er tóku við af Hinriki. Kveður mest að umbótum þeim, er Oraníu Vilhjálmur lét gjöra, enda ber öll höllin merki hans. Víða á veggjum í

áheyrenda og veizlusölum, eru myndir Vilhjálm's málaðar í skýrum litum.

Umhverfis höllina er afar stór og víðlendum garður. Er hann ræktaður sem best má vera og líkastur og lýst er hinum fornu töfragörðum. Þar er vínviður einn undir glerþaki, hátt á annað hundrað ára gamall, og ber hann ávexti enn. Ennfremur eru þar allar þær jurtategundir gróðursettar, er finnast um víða veröld. Garðurinn er sléttur, með fljótandi lækjum og settur skógarlundum til og frá. Norður af höllinni er vöndur skógur einn frægur um allan heim. Hann er einsog þéttur víðirunnur til að sjá, en þó svo, að sá sem í hann gengur, fær ekki komist út þaðan, hversu sem hann reynir, án hjálpar. Runnur þessi er nefndur "The Maze", eða "Leiðskógur", og er gengið inn í hann á einum stað, og eigi tekur hann yfir meira en rúma ekru af landi. Hann er ekki mjög hár, en er settur svo þétt, að ekki verður milli trjáanna komist. Götur liggja eftir honum í einlægum svigum og krókum. Tekur maður fyrst götuna til vinstri og getur farið hana svo klukktímum skiftir, og á hún, að virðist, engan enda. En til þess að komast út úr Leiðskógi á að snúa við, þegar búið er að fara allar króka-göturnar og komið er á móts við innganginn; skal þá beygt til hægri handar og því

fylgt, hvar sem að gatnamótum er komið. Er þá komist út að lokum. Talinn er garður þessi sá fegursti, sem til er um alla Norðurálfuna.

Konunglega myndasafnið, sem geymt er í höllinni, er mest myndir eldri og yngri konunga og drottninga Englands og frændmenna þeirra. Einna tígulegastur er Vilhjálmur af Óraníu, enda hefir hann verið hinn ásjálegasti konungur. Skrautmaður hefir hann verið mikill, enda bera herbergi hans þess minjar, því veggir og hvelfingar eru allar málaðar hinum fegurstu myndum og goðsögnum.

Til hallar þessarar út frá Lundúnaborg er um tveggja tíma ferð með mótorvagni.

Hver, sem mætur hefir á Englandssögu, hlýtur að hafa hina mestu unun af að heimsækja þenna stað. Í höll þessari, meir en á nokkrum öðrum stað Bretlands, hefir það gjörst, er mest áhrif hefir haft á síðari sögu landsins. Þó um sali þessa gangi eigi aðrir nú en fátækir þjónar ríkisins og gestir og ferðamenn, hafa þar yfir palla legið brautir þeirra, er eftir hafa skilið óafmáanleg spor á söndum tímans og sögu veraldar; sum hver stefnt til framfara og heilla, en mörg til böls og dauða. Felmtri og skelfingu sló yfir hirðir og herskara við skóhljóð þeirra,

er hér gengu um. Einokun og einveldi í andlegum og veraldlegum efnum áttu þar aðsetur um langan aldur. Orð gengu héðan út af vörum konunganna einsog sverð, svo við hvert orð, er þeir mæltu, féllu höfuð margra landsins vitrustu og beztu manna blóði drifin til jarðar. Inn um þær hallardyr lágu spor ungra karla og kvenna til glaums og gleði, en út þaðan til smánar, fjötra og höggstokksins.

Yfir alt þetta grær, og tíminn felur leiksviðið bak við gleyskunnar tjald. Og eigi er grasið þar í garðinum troðið niður nú eða bælt af þeim, sem þangað sækja nautn, óminnismunað og dauða. Fórnar-ölturin eru flutt á aðra staði.

Önnur höll engu
§ 16. Lundúna kastali. Ómerkari í sögu landsins er kastalaborgin mikla, "The Tower of London". Borg þessi er frá fornri tíð, og byrjar smíði hennar á 11. öld. Er hún svipmikil, einsog flest það, sem búið er að vara um langan aldur. Stendur hún á suðurbakka Tempsfljótsins og lágu að henni bryggjur í fornöld, og lentu fornkonungar þar skipum sínum. Upphaflega var kastali þessi bústaður Normandíu konunga. Innan borgarveggja

er fjöldi húsa og þó öll samföst, einsog rísi þau öll af sama grunni. Er kastalinn mikið hervirki og hústaða-margur; skiftast bústaðir í hallir, hirðsali, svefnhús, varðstofur og fangelsi. Tvær kyrkjur eru í kastalanum, helgaðar postulunum Pétri og Jóhannesi. Var Péturs-kyrkjan dýflissu-kyrkjan og þar undir altari hvíla tvær konur Hinriks VIII, hins fullífa, Anna Boleyn og Katrín Howard, er hann lét báðar af lífi taka. — Ótal fleiri aðalsmenn eru þar grafnir, er sömu örlögum urðu að hlýta af hendi hinna fyrri konunga. — Jóhannesar-kyrkja var bænasalur konunganna, og er hið prýðilegasta hús.

Kastalinn var aðal-ríkisfangelsið um langan aldur, og var kastað í dýflissur hans öllum þeim, er í ónáð féllu við konung. Nú er hann notaður sem geymsluhús yfir herklæða- og vopnasafn ríkisins og skrautgrip krúnunnar. Þar eru geymdar kórónurnar, ríkissverðið, veldissprotar, dýrgripir, gimsteinar og gullborðbúnaður ýmiskonar. Í herklæðasafninu eru brynjur ýmsra aðalsættanna ensku, svo og merki og skildir. Þar má sjá herklæði þau hin dýru, er Maximilian keisari gaf Hinriki VIII.; eru þau öll gulli drifin. Voru konungi gefin þau í brúðkaupsgjöf árið 1514, og er mikið að furða, að Maximilian skyldi geta það, er ávalt var


Handwritten text, possibly a signature or name, appearing in the center of the page. The text is mirrored, suggesting bleed-through from the reverse side of the paper.

Arnljotun B. Olson

Arnþjótur B. Ólson



1.—St. Pálskyrkjan, í Lundúnaborg, bls. 42.



2.—Lundunaborgar kastali, bls. 63.

Arnþjotur B. Olsen

Handwritten text, possibly a signature or name, oriented vertically.

í slíku peningahraki og bar auknefnið "hinn félausí". Auðvitað tók hann drjúgum til láns, og það hjá Hinriki sjálfum, er hann galt aldrei aftur. Hefir hann kannske á þann hátt fengið borguð herklæðin.

Í einu afhýsinu eru sýnd pínungarverkfærin, er höfð voru við rannsókn sakamanna, einkum þeirra, er brotlegir urðu við kyrkju og konung; svo sem fingurskrúfan, stökkurinn, aftökuöxin og það, sem Englendingar nefndu "The Scavenger's Daughter", og höfðu sjálfir fundið upp. Var það áhald haft til að teygja á liðamótum þeirra, er ekki vildu gjöra játningu. Engin eru þessi áhöld á fullri stærð, en leyna þó ekki þrælmensku-lund þeirra, er gripi þessa fundu upp. Orðtækið, "að toga út úr einhverjum með tögum," bendir sennilega á eitt áhaldið, er notað var við yfirheyrslur sakborinna manna á þeim tímum.

Í einum fangelsis-turninum, "Beauchamp Tower", eru veggirnir víða merktir, og furðu djúpt rist, orð og setningar í steininn. Er það eftir fólk, er haft var þar í haldi og beið þar dauðans. Gegnir furðu, að fangarnir skyldu geta gjört þetta áhaldalaust, þó tíminn gæfist nógur, er þeir sátu þar svo mánuðum og árum skifti.

Í fangelsum kastalans voru tvær konur

Hinriks VIII. geymdar eftir að þær féllu úr náð konungs, og úti á grundinni þar fyrir neðan voru þær hálshöggnaðar, svo að sjá hefði mátt til úr konungshöllinni hefði hann búið þar. Er staður sá nú merktur, gestum og ferðamönnum til glöggvunar, því engin sjást hans merki önnur. Blóðið er löngu þvegið þaðan burtu af veðri og regni, nú í nær 400 ár, þó alls ekki sé það, fremur en annað saklaust blóð, þvegið af höndum konunga Norðurlálfunnar. "Að nefna konungsnafn, er að nefna morðingja", er haft eftir Voltaire hinum franska; og ekki er frítt um, að sú hugsun grípi hvern og einn, er reikar um yfirgefnað konungabúðir fyrri alda. Að minsta kosti ber "The Tower of London" þess merki. Er það vorri öld gott, að bústaður sá geymir ekki lengur annað en skugga liðinna atburða og harmkvæla, og sorgar-endurminningar, er fylgja sögnunum um þá, sem hvíla þar í kastalanum og nöfnum þeirra ógæfusömu manna og kvenna, er rispuð eru þar á vegg.

Þótt þjóðsagan segi,
 § 17. Zion Önnur. að Ivar Beinlausi hafi
 fyrstur bygt Lund-
 únaborg og fengið land með vélum, hann átti
 að hafa fengið að gjöf hjá Ellu konungi jafn

stóra jörð og ein uxahúð stöfi yfir, en svo rist húðina í örmjóa þvengi og teygt utan um þar sem nú stendur borgin, — þá mun hitt þó sanni nær, að borgin sé aðalsmíð handverksmannanna og verzlunarstéttarinnar ensku. Snemma á öldum fengu stéttir þessar sér-réttindi og voru undir enga landsdrottna eða barúna seldar, enda til þessa dags ráða þær mestu um stjórn borgarinnar. Þessi verzlunar-uppruni borgarinnar er hvarvetna sýnilegur. Gegnum skjöld og brynju eldri tíma grisjar í vörumerkið, gegn um siðfágun síðari tíma — í gullið. Pund sterling er verð og vörumælir allra hluta. Það er "pundið", sem ekki má fela í jörðu. Þannig þýðir Landúna-maðurinn ritningarnar; og frá blautu barnbeini er honum kent, hversu ávaxta megiundi tvíungföld og hundraðfalt.

Borgin má kallast verzlunar-háskólinn veraldarinnar, sá stærsti, frægasti og fullkomnasti, er til hefir orðið síðan heimur byggist. Hún hefir vaxið að sínu leyti á svipaðan hátt og sumir háskólarnir fornu: úr litlum kotbæ í smáþorp, úr smáþorpi í stórborg, úr stórborg í yfirborg allrar veraldar. Hún hefir verið aðal verzlunarskóli allrar þjóðarinnar, — og, á síðari tímum, flestra hinna siðuðu þjóða. Þar hefir enska þjóðin lært viðskiftafræðina og þaðan hefir gengið út við-

skiftalögmálið, er orðið hefir allstaðar að allsherjar boðorðum í verzlunarheiminum. Þar var fyrst hinum dýru málmum, gulli og silfri, gefið fast verð. Þar eru bankar fyrst á stofn settir, svo að haldi komi. Er nú svo komið, að þar er mat lagt á alt verðmæti heims í löndum og lausum aurum. Allir hlutir eiga þar sitt ákveðið verð: sá sess, sem einstaklingurinn skipar í mannfélaginu; alt, sem fram við manninn kemur, frá því hann fæðist og þangaðtil hann deyr.

Frá "Lundúnaskóla" er sprottin öll vor viðskifta-menning nú á þessum tímum. En ofan á viðskifta-menningunni byggir öll menning þessarar aldar. Hin mikla efnishyggja, er sett hefir yfirskrift sína á flest í heimi bókmenta og trúar, er þaðan sprottin, og mynduð eftir boðorðum verzlunarfræðinnar. Lundúr borg, er aðallega hvílir á valdi auðs og fjársófnunar, er "Borgin Helga" vorra daga siðmenningar, þessarar aldar kristni. Þar er meginhof þessa nýja fagnaðarboðskapar. Þar er musterið.

Hún er hin nýja Jerúsalem. Hún er Zíon.

Friðartalið, Friðarþingin, sem ljá eiga siðmenningu vorri mannúðarsvip, eru þaðan líka, að einu leytinu til, upprunnin. Þaðan kemur hugsuninni, er vaknaði endur fyrir

löngu í sálu einhvers lítils metins hugsjónamanns, og til grundvallar liggur fyrir hinum síðari tíma friðar-hreyfingum, — búningurinn, glitofni og gullsaumaði, er klæðir hana svo að hún þekkir sig ekki sjálf. “Bergmálið á eyðimörkinni” er flutt inn í gullið musteri, sem reist er í skjóli og skugga Verzlunar Hallarinnar. “Friður á jörð” var fagnaðarkveðja við hingaðkomu lítils barns. Friðar-Musterið er reist, þegar Stálgjörðar Sambandinu mikla er hleypt af stokkunum!

Friðurinn er verzluninni nauðsynlegur. Þegar herskipin sveima um hafið, verða kaupförin að fúna upp í naustum. Þegar ófriður er í landi, er yfirferð öll bönnuð með söluvarning. Láttu hygginn manni í friði, og hann er ekki lengi að fletta klæðum þann vanhygna. Láttu hygna þjóð í friði, og hún flytur bráðlega burtu — herskaparlaust — með góðu, alt sem hin óhygna á til fémætt í eigu sinni. Það er ekki hættan, sem mannlífnum mörgu er búin á ófriðartímum, sem skotið hefir á friðarþingunum. Það er viðskifta-valdið. Það vald er lífinu lítið eitt vægara en stríðin. Í þjónustu þess búa margir við harðan hermannskost og ljúka lífinu snemma. Þeir eiga í friðsömum bardaga. Þeir skiftast á höggum, eða standa vörð, með klofinn skjöld og höggvar hlífar. Allir, háir og

lágir, eru gagnteknir og haldnir af sigurhugsaninni, einsog þeir, sem standa á vígvöllunum! Sigurinn er það, að verða ríkur, — komast yfir ærið fé, — þó ekki svo að skilja að jafnt sé sótt eftir smáum sem stórum sigri. — smáum sem stórum ávinningi. — Að Lundúnaborg stendur öðrum stöðum frammar í öllu því, er snertir verzlunarlífið, er því sízt að undra. Segir það sig sjálft, þar sem hún er aðal verzlunar-miðstöð álfunnar. Verzlunarlífið er þar líka í sínum fríðasta blóma og birtist í sinni fegurstu og verstu mynd.

Sölubúðirnar eru afar skrautlegar, stórar og smekklegar, hreinar og skipulegar. Öllum varningi er svo vel fyrir komið, að það verður ekki betur gjört. Viðskifti öll eru greið og afgreiðsla hæversk og trúðmannleg.

Inn í eina þessa stórbúð komum við, — síður til kaupa en gamans. — verzlunina "Peter Robinson" við Oxford Circus. Búðirnar eru tvær, sín á hvoru götuhorni að norðan og sunnan; en grafhvolf er undir götunni, er sameinar þær. Göng þessi eru öll uppljómuð, og eru þar til sýnis hafðir þeir munir — svo sem skófatnaður —, er menn geta valið sér, án þess dagsljóssins njóti við. Í annari búðinni er seldur kven-

fatnaður og alt, sem að fatatilbúningi þeim lýtur, en í hinni karlmannafatnaður.

Við skoðuðum okkur fyrst um í þeirri búðinni, er til sýnis hafði kvenfatnaðinn og rósóttu dúkana alla. Er við höfðum litast þar um nokkra stund, lét eg sem eg þyrfti að kaupa mér hatt. Hefir mér ávalt reynst það hættuminst, hafi mig langað til að litast um í verzlunarbúð og komast þaðan á kurteisan hátt, án þess á því bæri að eg væri að fara þangað forvitnisför, að spyrja eftir hatti. Og svo reyndist það enn. Var nú farið með okkur gegnum jarðgöngin og yfir í hina búðina. Eftir litla stund komst eg að hattasölu-borðinu og fór að skoða hattana. En þar að kom, að ekki gat eg fengið neinn á hæfilegri stærð, þeirrar tegundar, er eg vildi eiga. Segir búðarþjónninn þá við mig, og hélt eg það vera í spaugi, að hattinn gæti eg ekki fengið, og úr því hann væri ekki til hér í búðinni, myndi verða leit að honum hér um slóðir, en eg myndi geta fengið hann nyrðra. "Nyrðra, hvar?" spurði eg. "Í Edinborg?" — "Já", sagði hann, "eða þar norður í bæjunum". — "Eru þá Skotar höfuðstærri en Englendingar?" spurði eg. — "Eftir því að dæma", sagði hann og setti upp rembingssvip. Hafði eg hálf gaman af, að hann skyldi reiðast spurningunni, því eg taldi víst, að samtalið væri í gamni.

Í nokkrar fleiri búðir komum við og er sama sagan að segja af þeim öllum: Þær eru hver annari reisulegri, og hafa alt kaupfang veraldar á boðstólum.

Öðru máli er að gegna með járnbrautarstofurnar. Stingur þar mjög í stúf við það, sem vér eigum að venjast hér í landi. Þær eru fjöldamargar, en örlitlar, og virðast umboðsmennirnir helzt ekkert vita um annað en það, sem næst þeim er. Við gengum frá einni stofunni til annarar, til þess að fá upplýsingar um skipagöngur til Danmerkur og hvað farið kostaði með þeim skipum. Viðast hvar voru svörin: "We don't know, we are not supposed to know", — vér vitum það ekki og ekki til þess ætlast. Hafði hið "Danska Sameinaða" sjáanlega ekkert farbréfasölu-samband við járnbrautarfélögin ensku, og komumst við að því síðar, er við töltum upp stiga í gamalli byggingu í austurmiðbænum, þar sem það hefir afgreiðslu- og skrifstofur sínar.

Þar sem verzlunarandinn hefir þrýst innsigli sínu á alt félagslífið, kemur í ljós stöðug fjárhyggja og löngun og leit eftir peningum. Einsog hjá hermanninum, sem

§ 18. "Yðar þénustubúinn".

stendur í fylkingunni: sigurlöngunin og sigurvonin, er löngun eftir sigurvinningum, svo er löngunin hjá almúganum, þessu óbreytta málaliði verzlunarvaldsins, — löngun í peninga. Skildingar! Pund! Gull! skjóta hliðum og kljúfa fylkingar fram að því merki. Verður þetta augljósast gestum og framandi, og er þetta hin ófagra hlið verzlunarlífsins, er þannig birtist í hreinum og beinum sníkjum.

Altaf er boðin þjónusta, og úr öllum vikum, stórum og smáum, er búin til þjónusta, er skilið eigi laun. Eigi er þó svo, að um laun sé samið eða þjónusta föluð. Fólk er til með, að sýna allsháttar undirgefni, skríða fyrir ferðamönnum, svo þeir verði örlátari við það á gjöfum. Þyki því skamturinn of smár, er því veitt full einurð, að biðja um hann meiri. Í hugsunarhættinum lifir að einhverju leyti sú tilfinning, að laun þessi séu ekki verðskulduð, og er því engin tilraun sýnileg í þá átt, að vinna til peninganna, heldur að ná þeim, án þess að beita verði ofbeldi. Hvaða áhrif þetta hefir á sjálfstæðis- og velsæmis-tilfinningu manna, er segin saga. Í stað þess sem frjáls maður að semja um ákveðið starf og heimta svo ákveðin laun fyrir, sem skyldugjald, þá er skriðið að fótum manna og fyrir verkleysu eina sníkt og snapað eftir ölmusu-eyrir. —

Hlýtur það fyrr eða síðar að leggja drengskapinn og velsæmið í gröfina.

Allstaðar bar allmikið á þessum sníkjum, en einna mest á gistihúsum og opinberum stöðum. Fornu Eddu-kenningin, að kalla gull Þursa-tal, á þar bókstaflega við. Talið hnígur að gulli, og talað fyrir gulli. Spyrjir þú einhvers — leysir "skildingurinn" bezt úr spurningunni. Í þjónustu greiðasöluhúsa-anna í Lundúnum, er margur annálsvörður Jóhannes Gullmunnur, þó ekki sé hann prédikari á við kyrkjuföðurinn fræga.

§ 19. Mikið um kvöddum við Lundúna-
kveðjur. borg. Ekki bjóst bær-
inn í sorgarbúning við

burtför okkar, og höfðum við þó sýnt það lítillæti, að tefja þar í tæpa viku. Tókum við okkur farbréf með lest Great Eastern járnbrautarfélagsins til Hervíkur (Harwich), en þaðan var ferðinni heitið til Jótlands.

Meðan við tókum farangur okkar saman og borguðum greiðann, rosinni konu, sém var bókhaldari á Loudoun Hotel, þar sem við höldum til, — hafði alt þjónustulið hótelsins komið ofan og einsog venja er til, þegar gestir eru að fara, raðað sér í ganginn beggja vegna dyranna. Þar voru þeir líka

komnir, er vinna þar á nóttunni; hafði þeim verið stökkt upp úr rúmunum og neru þeir nú stýrur úr augum. Var fólk þetta komið þar til að kveðja okkur. Og þótt við myndum ekki eftir, að hafa séð sumt af því áður eða heilsað því, þá gladdi það okkur samt, að fá nú færi á að kveðja það. Var það þarna komið til að taka við sínum offurpening, og var hægt að merkja það á svip og augnaráði. Fremur óhægðist því, er við létum bera farangur okkar fram í vagninn, áður en við byrjuðum að "kveðja". Fó var kurteisinn söm og stök. Er við höfðum leyst okkur frá því og kvatt á venjulegan hátt, brosti allur skarinn, og varð hringurinn einsog ein logaskær sólbraut, hneigði sig og var horfið á samri stund! Við stóðum nú ein eftir hjá ökumanninum, er við báðum að fara hafa sig til vegs.

Þannig kvöddum við þá borg Ivars Beinlausa, þakklát fyrir komuna þangað og viðstöðuna, — Þakklát fyrir góða skemtan, en þó eigi sízt þakklát fyrir að vera nú lögð af stað til hinna gömlu og goðfrægu Norðurlanda. Þangað hafði hugurinn oft reikað. En það er einsog að ferðast um nótt. Það sem auga hefir ei séð, hefir ei í huga komið.

En nú ætluðum við að sjá þau um dag!

Aðeins sólin vildi nú skína!

III. Til Norðurlanda.

§ 20. "Hið Danska Sameinaða."

Harwich, eða Hervík, er lítið sjóþorp austanvert á Englandi. Þaðan ganga skip milli Danmerkur og Englands og til Hollands. En fremur eru þau skip öll smá-vaxin og ólík drekunum stóru, er sigla Atlantshafið. En svo tekur ferðin skemri tíma, — rúman sólarhring. Skipið, sem við fórum með, lá búið við höfnina, er lestin kom inn til bæjarins; fórum við því strax um borð, og mátti það ekki seinna vera; því hefðum við beðið seinni lestarinnar frá Lundúnum, er vanséð að við hefðum fengið svefnherbergi; enda var okkur kent það ráð í Lundúnum, að fara með fyrri lestinni, því um svefnrúm yrði að semja við skipstjóra, með því skrifstofan hefði ekki umráð yfir því.

Skipið var 1425 smálestir að stærð, langt og fremur mjótt, lágt yfir sjó og hét "N. J. Fjord". Heitir það í höfuðið á einum hinum merkari síðustu aldar manni Dana, er danska þjóðin á mikið að þakka allar framfarir í smjörgjörð og mjólkurbúskap. Er fróðleg ritgjörð um hann í Þjóðvinafélagi-

almanakinu 1903 eftir Þórhall biskup Bjarnarson.

Er við fórum um borð og kvöddum England, fundum við fyrst til þess, að við vorum komin að heiman. Fram til þess tíma hafði sú meðvitund tæpast gjört vart við sig, því hvar sem maður fór og hvar sem maður var staddur, var töluð enska. En frá því við fórum um borð í "N. J. Fjord" og þangað til í bakaleiðinni aftur að við komum til Skotlands 12. september, var það undantekning, að við heyrðum enskt orð.

Er fram á skipið kom, lá fyrst fyrir að leita uppi skipstjóra og fá ávísan hans á herbergi í skipinu. Var hann auðfundinn, en frá sér vísaði hann til "Jómfrúarinnar". Fór nú að vandast málið. Hvað var til merkis um "Jómfrúna"? Hver var hún, og hvar átti hennar að leita? Nú voru fyrst að gjörast breytingar. Í stað hinna ófínu og fremur ruddalegu "stewarta", er með höndum höfðu herbergja geymslu á línuskipunum stóru, komu "jómfrúr", fríðar og hæverskar, frómar og hreinhjartaðar, sem herbergja-verðir, hjá hinu "Danska Sameinaða". Eftir því munu allir siðir fara á skipinu, hugsaði eg, og vera nettari og hæverskari en hjá hinum ensk-amerisku. Já,

Dönum er viðbrugðið sem prúðmennum, fer því hvað eftir öðru, — og hjá hinu "Danska Sameinaða" líka.

Fór eg nú að leita uppi "Jómfrúna". Fátt mun ljótt á Baldri, hugsaði eg. Eg mætti forkunnarfríðri ungri konu niðri í skipsganginum. Kvaddi eg hana hæversklega og spurði hvort hún væri "Jómfrúin"; en hún kvað nei við og kastaði til mín kuldalegu augnaráði. Nei, hún var ekki "Jómfrúin". Eftir nokkrar frekari fyrirspurnir var mér loks leiðbeint til hennar, að litlum klefa í miðju skipinu innan við ganginn. Drap eg á dyrnar og um leið og þær opnuðust kom miðaldra kona fram í ganginn; var hún á bláum strigakjól, með hvíta svuntu, er tók fast upp undir höku. "Hvítur kross á bláum feldi", hugsaði eg. Þetta var "Jómfrúin" og var hún búin einkennisbúningi "Hins Danska Sameinaða".

Eg hafði oft heyrt getið um "Dönsku Mömmu", en aldrei séð hana, hafði hálfvegis eigi trúað því, að hún væri til. Það sem hennar var getið og eg hafði heyrt, var oftast á svo mikilli huldu mælt, og stóð í sambandi við ýmiskonar ógnanir, að eg var farinn að álíta að hún væri einhverskonar þjóðsagnavera, ekki óáþekk Grýlu, og notuð til þess að hræða með henni fráman og ráðvandan landann. En þarna var hún

komin, og þarna stóð hún ljóslifandi frammi fyrir mér í dyrunum á Jómfrúklefanum!

Eg bar upp fyrir henni erindi mín og afgreiddi hún þau fljótt og vel, — fékk okkur ágætis vist vinstra megin á skipinu.



Klukkan 10 um kveldið var lagt af stað. Kveldið eftir var komið til Esbjerg.

Auk þess, sem siglt var undir "Dönsku flaggi", var ýmsri háttsemi breytt á skipinu við það, sem tíðkaðist á Atlantshafi. Eigi voru máltíðar eins reglubundnar og þar. Töluvert fleira fólk var með skipinu, en svo að það yrði sett alt í einu við borðin. Farþegum voru heldur ekki fengin sæti, eða þeir látnir velja, hvort þeir vildu sitja fyrir eða eftir. Maturinn var allur annar en á brezku skipunum: ægilegur íburður af allskonar sjómeti, steiktu, soðnu, hangnu, — en öllu köldu. Heitur matur var framborinn á kveldin, — eða svo var það á Islandskipunum. Lítils var neytt af kaffi eða tei, en öl og vín drukkið með öllum máltíðum jafnt af konum sem körlum. Því höfðum við ekki vanist fyrri, né hinu, að öli væri haldið að ungum börnum og þau látni drekka alt hvað í þau varð komið. Svo var með tóbaksreykingar, að reykt var helzt allstaðar um skipið, en mest yfir kaffi, er drukkið var að lokinni máltíðinni, að kveld-



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



4.5

5.0

5.6

6.3

7.1

8.0

9.0

10

11.2

12.5

2.8

3.2

3.6


4.0

2.5

2.2

2.0

1.8



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

inu til, í setustofunni. Reyktu konur sem karlar, hvert í kapp við annað. Var siður þessi um hönd hafður á "N. J. Fjord", og einnig á skipunum milli Danmerkur og Íslands; mun þetta því vera hofsiður hjá því "Danska Sameinaða".

Það var alls ekki laust við, að hornauga væri litið til þeirra, sem neyttu vatns með máltíð, í stað öls eða víns, — en um annað var ekki að velja. Sem dæmi þess má geta, að á uppleið til Íslands voru allmargir Reykjavíkur farþegar okkur samferða, og fylgdu þeir allir skipssiðum. Þeirra á meðal var ung kona, er von átti á manni sínum í Leith. Kveldið, sem hann kom um borð og sezt var að máltíð, sátu þau öndvert okkur, og segir hún þá: "Æi, kæri, eg get ómögulega drukkið vatn með mat". Svarar hann þá með hásum róm: "Hver er að tala um vatn?"

Get eg þessa aðeins til þess að sýna, að farþegum fanst brotinn borðsiður með vatnsdrykkjunni.

En hver hefir sína siði, og margt féll okkur mæta vel hjá því "Danska Sameinaða".

Eftir rúma sólarhringsferð
 § 21. Esbjerg. í blíðviðri lentum við
 syðst og vestast á Jótlandi,
 rétt suður við landamæri Slésvíkur, við

bæinn Esbjerg. Er það yngsti bærinn, af meiri háttar bæjum, í ríki Dana. Lét Kristján IX. reisa hann, eftir að Danir mistu her-togadæmin til Þjóðverja 1864. Lendingarstaður er þar góður og fagurt á höfninni, — rindar og tangar skróðgrænir teygja sig fram í sjó.

Þótt verzlun Dana sé að mestu leyti frjáls fer þó fram tollskoðun, er komið er til landsins. Stendur tollhús bæjarins niður við höfnina, og var öllum stefnt þangað, er með skipinu komu. En afgreiðslan var fljót. Sýndum við í skjóður okkar og var ekki meir um fengist. Konunglegur umboðsmaður, með stór spanga-gleraugu, svo stór, að glerið tók niður með nefi, út með gagnauga og upp að brúnum, og ramlega gjört utan um, — merkti þær með krít og festi á þær lítinn miða, er varla var hægt að sjá, nema með svona stórum gleraugum. Féll eg í stafi fyrir þessum manni, og fanst mér stóru gleraugun vera merki þess, að einsog ekki yrði horft út undan gleraugunum, svo yrði ekki farið í kringum lögin dönsku.

Nú beið I. st eftir farþegum, og gátu þeir, er það vildu, haldið áfram til Kaupmannahafnar. En af því kveldsett var kusum við heldur að bíða til morguns, svo kostur gæfist, að sjá þann hluta landsins, er leið lægi

um. Urðum við því eftir, en mestur hluti samferðamanna okkar hélt áfram.

Fórum við nú að svipast um eftir verustað fyrir nóttina. Þar við tollhúsið var ráðað að vögnum, er sendir voru frá gistihúsum. En lítið höfðu ökumenn sig í frammi við gesti, og ekkert svipað því sem er í enskum löndum.

Sökum þess, að eg var ókunnugur, en hefi oft heyrt illa látið af Danskinum, helzt af þeim, er hvorki hafa heyrt hann eða séð, fór eg til manns, er klæddur var einkennisbúningi Cunard línufélagsins, og spurði hann ráða, hvar eg mundi geta fengið góðan gististað um nóttina. Sagði hann það vera "Mission-hóтелиð"; kvaðst hann þekkja það, hafa sjálfur gist þar oft og mörgum þangað vísað. Fanst mér nafnið viðsjárvert, en fékst þó eigi um, en fór að leita að vagninum. Fann eg hann skjótlega, en leist ekki á; var hann næsta óhreinlegur og að öllu hinn óásjálægasti. Snöri eg þaðan hið bráðasta, og kom það snjallræði í hug, að velja verustaðinn eftir vagninum. Gistum við með þeim hætti á "Hotel Spangsberg". Er það hinn ágætasti staður og hefðum við getað unað okkur þar vikum saman. Okkur voru fengin 3 herbergi samstæð, setustofa með svefnstofum tveim sinni til hvorrar handar. Tóku gluggar niður í gólf og

sneru mót hafi. Sátum við stundarkorn í setustofunni, fengum okkur hressingu og horfðum út á kveldroðann og sjóinn. Vorum við búin að strengja þess heit, að við skyldum láta fara vel um okkur fyrstu nóttina á Norðurlöndum, og gekk sú heitstrenging að efndum. Umhverfi og aðbúnaður úti og inni það fylsta, sem við fengum óskað. Nóttin varð því vær og svefninn hressandi.

Morguninn eftir spurði eg gestgjafann eftir, hvaða verustaðir þessi "Mission-hotel" væru. Sagði hann þau vera að hálfu leyti guðspakka-hús, í umsjá og gæzlu trúfélaga. Þar ætti að vera strangari siðagæzla en á öðrum gistihúsum, þó það vildi nú stundum farast fyrir. Ættu þau að vera athvarf einstæðingum og ókunnugum. Skýringa þuifti eigi fleiri. Þau voru stofnuð í guðspakka-skyni, og átti tilgangurinn að bæta fyrir hræinlætis- og fágúnarskort, og alt annað, er á kynni að vanta.

höfðum beðið um sólskin, þegar við kæmum til Norðurlanda. Það var bjartur morgun, er við vöknuðum til og sólin skein af skýlausum himni. Haf og jörð glóði í miðsumars geisladyrðinni. Ásettum við okkur að nota morguninn til þess að litast um í bænum.

Gestgjafinn sagði 'kur með dálitlum drýgindum, eftir að hann hafði frétt að við værum frá Ameríku, að þessi bær — Esbjerg — væri Chicago Danmerkur. Bærinn hefði ekki enn náð fullum mannsaldri, og teldi þó yfir 20,000 íbúa. Aleit hann víst, að við myndum síður sakna neins að heiman, ef við hefðum Chicago!

Bærinn er snotur, hreinlegur og vel hýstur. Flest eru hús úr rauðum tígulsteini. Nokkur stórhýsi sáum við. Einna myndarlegast er barnaskólahúsið. Við vorum stödd þar fyrir framan rétt áður en skóli var settur um morguninn. Voru kennararnir að láta börnin gjöra æfingar þar úti í skólagarðinum. Var hálf gaman að sjá það og heyra glamrið í tréskónum, er þau báru á fótunum, er þeir námu við steinlagða grundina. Var það smávaxinn her, en óskandi að honum vaxi svo megn og megin, að hann fái varið danska jörð, gegn frekari ágangi prússneskra böðla.

Þegar börnin voru öll komin inn, gengum við á eftir inn í skólann. Þar í ganginum voru hillur og á þeim raðað húfum barnanna; en á gólfinu neðan við hverja húfu stóðu tréskórnir, er þar voru skildir eftir og ekki gengið með inn í kenslustofuna. Kenslustofurnar voru háar, bjartar og rúmgóðar.

og öllu betri virtust mér þær en kenslustofur eru í barnaskólum hér í Winnipeg.

Í miðjum bænum liggur aðaltorgið. Þar stendur myndastytta Kristjáns IX. Er torgið kent við hann og aðalgatan, "Kongensgade" Þar á aðalgötunni gæti vel hugsast, að maður væri staddur í stórbæ, því svo er háttað bæði húsagjörð og útsýni. En greinilegt er það þó, að ekki er bærinn enskur.

Helzt mátti merkja það á búningi fólksins, en þó einkun barnanna. Auðvitað var sól og sumar þenna dag, enda voru smábörn öll, er við sáum á götum úti, eins búin: í einum smokk, sem næst erma- og skálmalausum, með stráhatt á höfði. Svipað búnir voru eldri drengir.

All-mikil merki ber bærinn höfuð atvinnugreinar Dana: smjör- og ostagjörðarinnar. Reisuleg mjólkur-verkstæði voru hér og hvar og ostasölu-hús, eign sveita- og samvinnufélaga.

Við kvöddum Es-
§ 22. Yfir "Danaveldi". Þjerg og vertinn á Spangsberg um hádegi. Vorum við þá búin að skoða hina "dönsku Chicago,, einsog okkur lysti. Lagði lestin af stað kl. 12.17 eftir hádegi, austur yfir Jótland ofan til Fredericia; en

Þaðan var farið á ferju yfir til Middlefart á Fjóni. Landið virtist heldur magurt og víðast hvar mjög sendið. Mátti þó sjá, að menn höfðu verið að verki á því landi, því svo mátti heita, sem hver lófastór blettur væri ræktaður. Veitir það landinu fegurri svip og tilkomumeiri, hve fátæklegt sem það annars kann að vera.

En rykið í lestinni var ægilegt, af sandfokinu upp af brautinni. Var það ekkert lítill hluti Danaveldis, sem festist í fötum okkar, svo eg óttaðist, að við myndum flytja burtu með okkur eitthvert greifadæmið. Urðum við fegin, að komast úr lestinni og fram á ferjuna.

Allur annar svipur hvílir yfir Fjóni, enda er það kostaland mikið. Fult eins fagurt er þar yfir að líta og þar sem fegurst er á Englandi. Þó eyjan sé ekki stór, er hún einhver frjósamasti hluti Danmerkur. Járnbraut liggur yfir hana þvera og beið lestin við landinguna, er ferjan kom að vestan.

Einsog alkunnugt er, eru Danir mestir smjörgjörðarmenn Norðurálfunnar. Fylgir því, að land er mjög ræktað, en flest eru býlin fremur smá, því þéttbýli er mikið. Telst svo til, að til jafnaðar búi um hálf t þriðja hundrað manns á hverri fermílu í eyjunum; en þá eru taldir bæjirnir með og

Kaupmannahöfn, sem er mestur bær á Norðurlöndum.

Fram með brautinni voru allstaðar kýr í tjóðri, og var einsog þeim væri raðað í fylkingar, því þær stóðu hlið við hlið. En það, sem okkur furðaði mest á var það, að þær voru allar í fötum — klæddar —, í saumuðum stakk eða peisu, er tók aftur að hala og fram á háls og að framan niður á hné. Auðvitað voru framhandleggirnir berir, svo ekki var brotið í bága við móðinn! Til hvers þær voru klæddar, skildi eg ekki, því þetta var um hásumarið og gat því ekki verið til þess að verja þær kulda. Hlýtur þetta að stafa af einhverjum öðrum orsökum og gátu mér ekki hugsast nema tvær: Danir eru bæði skartþjóð og sparsemdarfólk. Fylgja konur mjög móðnum, en það kostar það að breyta verður oft til fatasniði. Eru þá föt oft lítið slitin, þegar að leggja verður þau niður og taka upp önnur ný. Nú, af því þjóðin er bæði nýtin og sparsöm, er hugsanlegt, að til þess að láta fötin ekki verða alveg ónýt, séu kýrnar látnar hafa það seinasta út úr þeim. — Annað er líka til með þetta: Nú síðari ár hefir vandlættinga-stefna mikil náð sér niðri um alla Danmörku, er fylgir hinni svokölluðu "innri-mission". Forðæmir hún mjög alla heimshætti og "náttúru líf". Er því ekki óhugsandi, að hún hafi

ekki kunnað þeirri ósvinnu, að kýmjar gengi berar. Hefir hún komið mörgum gagnlegum umbótum til leiðar í svipaða átt, og má vel vera, að þetta sé henni að þakka. Hefir farið mjög saman og verið lítt aðgreinanlegt nú síðari ár, öll stefnu-breyting í trú og búfræði, á Norðurlöndum. Hin andlega vakning hefir einkum rutt sér til rúms í kyrkjunni og fjósinu. — —

— — Er komið var austur yfir Fjón, var aftur farið með ferju yfir til Sjálands. Tók það fulla klukkustund. Eftir var þá enn, frá því lent var, tæp þriggja stunda ferð til Kaupmannahafnar. Ef dæma má af því, sem maður sér út um vagnsgluggann, virðast búin vera færri en stærri á Sjálandi, en á Jótlandi og Fjóni. Eigi er þéttbýlið þar eins, en fagurt er landið, grænt og grösugt. Nokkru áður en komið er inn til höfuðstaðarins, er farið gegnum langan og myrkan skóg. Eru skógar flestir í Danmörku beykiskógar; eikin sem næst á förum, hinn forni "Óðins-meður".

Þegar komið er í
§ 23. Kaupmannahöfr. nándir, eða inn til stórbæja hér í álfu þá bera fyrir augu ógrynni öll af járnbraut-
 arvögnum, hrúgur og haugar af kolum, timbri, járn og allskonar rusli og óhreinind-

um. Járnbrautarsporin hlið við hlið á stóru svæði eru sem næst óteljandi. Gufuvagnar eru á einlægu skaki frá n og aftur, og leggur upp úr þeim reykinn í þykkum flókamekki. Utan með sporunum standa vörugeymslu- og varningshús á strjálungi, öll sótuð af reyk. Og lengra út frá brautinni: verkstæði, málmsteypuhús, eða vélaverkstæði, er spú sóti, eldi og eimyrju í þykkum torfum upp um strompana. Til og frá um allan járnbrautargarðinn er sótuð og strigaklæddir menn á hlaupum, að lykkja sporin fyrir vagnatrossurnar. Upp úr reyknum rofar fyrir stórhýsa-mergðinni, einsog klettaborgum, af allri gjörð og löngun.

Ólíkt þessu er að koma inn til stórborga í Norður-Evrópu. Það er ekki farið með farþega fyrst út um allan járnbrautargarð og þeim sýndir sorphaugarnir, ruslið og óþverrinn, — sem hver stórborg framleiðir í svo ríkum mæli —, áður en þeim er leyft að horfa yfir bæinni. Maður verður tæpast var við aðrar lestir á ferð en þá, sem maður er með. Brautin liggur eftir grænum völlum, og er hvergi að sjá annað en hið mesta hreinlæti, hreina mold og hreina, grasi klædda torfu-rima milli sporanna. Er komið er inn í bæinn, hallar brautinni niður, unz komið er ofan í göng og eftir göngunum er haldið inn á biðstöðina.

Þannig er að koma inn til Kaupmannahafnar.

Maður verður þess tæpast var, að verið sé að koma inn í bæinn, fyrr en þangað er komið og lestin stönuð. Mjög lítið sést til borgarinnar úr lestinni, enda fá stórhýsi þar eftir amerískum mælikvarða. Járnbrautarstöðin stendur inni í miðjum bæ, skamt frá Ráðhúsinu, er alt er miðað við, og ekki nema steinsnar þaðan inn á allar helztu göturnar. Biðstöðin er stór og hreinleg og hin skrautlegasta. Lestin staðnæmist niðri í afar stórum sal, opnum til beggja handa; gengið er upp stiga og þaðan út á götuna. Það er þegar út kemur, að fyrst sést til borgarinnar; stendur maður þá inni í miðri borginni og blasir við á aðra hönd lystigarðurinn Tívoli, og Ráðhússtorgið með skrautbyggingum þess, en á hina verzlunarçötur. breiðar og blómlegar. Þetta er heilsanin fyrsta, er borgin býður, og verð eg að játa að eg kunni kveðju þeirri vel og betur en margra amerísku borganna. Óheppin vorum við þó með veður. Byrjað var að rigna um kveldið, er við komum, og höfðum við okkur því hið snarasta yfir á hótél á Vesturbrúgötu, þar sem við héldum til þann ½ mánuð, sem við töfðum í borginni. Var það að tilvísan eins samferðamannsins. Heitir hótelið "Savoy", ekki mjög stórt, en einkar

þægilegt, og er þar fyrirtaks góður berðsalur. Er það mjög nálægt miðbiki borgarinnar og þægilegt afstöðu ferðafólki, en dvelja ætla skamma stund og mest til að kynna sér bæinn.

Kaupmannahöfn er kunn um Norður-Evrópu með nafninu "Turnaborgin fræga", enda eru turnar borgarinnar margir. Turnar á kyrkjum og húsum og turnar hlaðnir alla leið frá götunni og upp, og því eintómir turnar. Eru margir þeirra verk Kristjáns IV., einsog raunar mikill hluti höfuðbygginga borgarinnar. Ber hún mjög merki hans. Það er fyrst utan af sundinu, er komið er fram á skip og nokkuð frá landi, að turnafjöldinn kemur í ljós. Bera þeir þá hver við annan, þétt, einsog tré í skógi. Veitir það borginni mikinn svip og tígulegan.

Fyrir þá, sem vanir eru borgum í Vesturheimi, ber Khöfn fremur ellilegan svip: húsin flest ellileg, utan að sjá, en þó traust og bera vott um, að þau þoli veðrin. Því eins og borgin ber þess vott ytra, að hún hafi ekki orðið til á einum degi, svo finnur maður, að henni muni eigi vera skapaður aldur til einnar nætur. Ellisvipurinn er líka ytra einkenni festu og varanleika. Þó undarlegt megir virðast, grípur sú tilfinning mann, frá ytra útliti bæjarins, að maður sé hólpinn og öruggur, hvar sem maður sé staddur í bænum, strax þó ókunnugur sé.

Einsog alkunnugt er, þá er Khöfn mestur lista- og menta-bær Norðurlanda. Háskólinn hefir lengi verið frægur, enda er hann nú rúmt 430 ára gamall, stofnaður 1479. Hafa mentastofnanir þjóðarinnar, og ekki sízt háskólinn, verið þess valdandi, að nú um nokkrar aldir hefir Danmörk staðið frammarlega að tölu vísindamanna, rithöfunda og skálda.

Margir hinna seinni tíðar manna Dana hafa náð heimsfrægð. Má slíka menn nefna sem Georg Brandes, Harald Höfðing og Valdemar Poulsen, þann er fann upp og fullkomnaði þráðlausa talsímenn. Er uppgötvun hans, er gjörir það að verkum, að menn fá talast við úr yztu fjarlægðum, án nokkurs sýnilegs sambands þeirra á milli, öllu merkari en uppfundning Marconis, sem þó er eitthvert hið mesta frægðarverk síðari tíma. Um Höfðing hefir verið sagt, að hann skipi sæti í fremstu röð heimspekinga og sálarfræðinga þessara tíma. En að víðtæki og áhrifum kemst enginn ritdómari og bókmentafræðingur til jafns við Brandes.

Gjöra allir þessir menn garðinn frægan eigi síður en skáld og vísindamenn fyrri alda. — Þá má líka minna á ljósgeisla læknirinn góða, Niels Finsen, er lézt nú fyrir nokkrum árum. Hefir Kaupmannahöfn hlotið eigi minsta frægð af starfi hans, því orð-

stír hans og uppgötvanir er nú rómað um allan heim. Ætti oss Íslendingum að vera sérstaklega ljúft að minnast þess, þó eigi væri nema vegna þess, að hann var Íslendingur.

Alla norræna fræði og sögu hafa aðrar þjóðir á liðnum tímum orðið að sækja til Kaupmannahafnar. Hefir hún verið vizku-brunnurinn, sem sagnfræðingar hafa orðið að sitja við og ausa af. Fer vel á því, að borgin hafi forustu fyrir Norðurlöndum í öllu því, sem að hinum fornu fræðum og sögnum lýtur, einsog Danir höfðu lengi vel forustu norrænna þjóða eftir að sögur hófust. "Dönsk tunga" hét, út í löndum, tunga skandinavisku þjóðanna á þeim tíma.

Hitt er annað mál, hverjum sú frægð er að þakka nú á síðari tímum, og er ávalt sjálfsagt að geta þess, að það er Íslandi einu og sonum þess. Ættum vér Íslendingar að vera ánægðir með það, en ekki að sjá ofsjónum yfir því, að frændþjóðu vorri hljótist einnig af starfi voru orðstír og frami. Tekur það ekkert frá oss, og myndi engu við oss bæta, þótt vér gætum hamlað því.

Undirstaðan að allri þessari frægð er hið mikla norræna handritasafn Arna Magnússonar, sem nú er eign háskólans, — og svo auðvitað fræðimennirnir íslenzku, er tengd-

ir hafa verið háskólanum eða safninu hver fram af öðrum um langan aldur; svo sem Þormóður Torfason, Árni Magnússon, Finnur Magnússon, Konráð Gíslason, Jón Sigurðsson. Nöfnin eru svo mörg og merk og helg, að mann brestur hug til þess, að ætla að greina frá þeim öllum. Má um þá með sanni segja, að einsog Kaupmannahöfn var skólabeckurinn, öll Norðurlönd kenslustofan, svo var Evrópa öll áheyrendasalur þeirra; en lærisveinarnir hafa farið út um allan heim og kunngjört öllum þjóðum fagnaðarerindi norrænnar menningar og listar, fegurð hinnar norrænu tungu. Enn frekar kveður þó á um þetta, skáldið Þorsteinn Erlingsson í nýrtu kvæði. Lætur hann ekki staðar nema hér, en segir að Konráð sé að lesa engla-systrum á himnum fornkvæðin og Eddurnar. Trúi eg því vel, og veit eg að Þorsteini má um þetta kunnugt vera. Eg gríp hér inn í erindið:

—“Óðinn á dýrð í hverju ljóði,
Fyrir þá langa sæmdar söngva
Syngja' honum hjarðir lofts og jarðar.
Nú er að lesa í ljósi nýju
Listir hans, Konráð, engla-systrum”.

Þess utan hafa ávalt verið á öllum tíma hópar merkra manna, er staðið hafa í skjóli og skugga háskólans, er dreift hafa út frá sáttum og fræðum, yfir lýði og

lönd. Og nú á þessum tíma á þjóð vor tvo merka menn á sviði þessarar vísindagreinar í kennara-embættum við háskólann, þá Dr. Finn Jónsson og Dr. Valtýr Guðmundsson. Eri Finnur einkum frægur og víðkunnur vísindamaður og afburða starfsmaður.


Margt og mikið hafa Íslendingar stundum sagt um hin illu áhrif háskólans danska á íslenska nemendur. Er þá oft blandað þar saman við áhrifin frá háskólanum áhrifum þeim, sem stórborgarlífið hefir á íslensk ungmenni, er úr sveitakyrðinni koma heima og fara til Kaupmannahafnar. Hafa þau oft verið með ýmsu móti. Hefir því stundum verið lýst með átakanlegum orðum, hversu hinar línhvítu og hreinu unglingsálfir hafi orðið þar grómtæknar; hve þær hafi verið dregnar á talar, lokkaðar út á braut óreglu og lasta.

En hefir nokkurntíma verið gjörð grein fyrir, í hverju áhrif Kaupmannahafnar eru skaðlegri, en áhrif annarar stórborgar, hinum ungu mönnum, ef þeir hefðu þangað farið? Mun það ei sannast vera, að flestir vilja freistast, er í freistni leiðast? Stórborgarlíf hefir ávalt verið hættulegt þjóðinni. Í uppeldi hennar til heildar og hópa er einhverskonar vöntun, er kemur því til leiðar, að hún kann sér ekki læti, þegar hún kemur í stórborgirnar. Þar sem sollur og

glaumur, gleði og munaður kallast á. Þá brestur hana dómgreindina og þrekið. Hún hefir aldrei tamið sér sjálfstjórn og kann því ekki að láta á móti sér eða halda í við langanir sínar og tilhneigingar. Mun því fullsterkt að orði komist, að tala um "lín-hvítar" sálir, í þessum efnum, en rökkur-liturinn eolinu líkari og sögninni samkvæmari.

Um hin góðu áhrif háskólans er sjaldnar rætt. Verður því þó ekki neitað, að beztu og mestu menn þjóðar vorrar hefir hann undirbúið fyrir æfistarf þeirra, og fyrir það á íslenska mentunin og menningin botn, að hann hefir búið leiðtoga og kennara hennar undir lífið. Einhverjir hafa líkt honum við "sópaða húsið", þar sem sjö andar syndaranum verri hafa tekið sér bólfestu. En það munu vera þeir helzt, er hugsa sér hástigmentunarinnar, að ganga upp úr sunnudagaskólanum einhverntíma — á gamals aldri.

Stóran sjóð yrði Ísland að eiga til þess að vextir hans nægðu til að launa tveimur mönnum, svo að þeir mættu gefa sig alla við vísindastarfi æfilangt, án frekara kaupgjalds, og þess utan gæti veitt 30—40 nemendum um 70 króna styrk hverjum mánaðarlega, og ókeypis kenslu að auk. En þetta er það, sem háskólinn leggur til mentamála vorra Íslendinga á ári hverju. Sjóðurinn yrði að vera ein millión krónur. Má því



Arnljotter B. Olsen

Arnþjotur B. Olsen




3—Thorvaldsens listasafnið í Kaupmannahöfn, bls. 97.



4.—Standmynd Thorvaldsens, eftir hann sjálfan.

Arnljotur B. Olson



Handwritten text, possibly a signature or name, oriented vertically within the illustration area.

segja, að Island eigi millíón króna háskóla-
sjóð, því ígildi þess eru hlur tinda-ítök þau,
sem þjóðin hefir eignast við Kaupmanna-
hafnar háskóla.

§ 24. Thorvaldsens-
safnið.

Auk þeirrar frægð-
ar, sem Kaupmanna-
höfn hefir stafað af
háskólanum og verk-
um þeirra manna, er við hann hafa staðið,
mun þó frægð hennar meiri, út um heiminn,
fyrir það, að eiga og varðveita safn þess
manns, er verið hefir mestur listamaður, svo
kunnugt sé, síðan á dögum Grikkja — Al-
bert Thorvaldsens. Geymir safn þetta öll
listaverk meistarans, og meginhlutann í frum-
myndunum einsog hann gekk frá þeim. Er
það að líkindum hið ágætasta safn, sem til
er þeirrar tegundar í víðum heimi. Þó þjóða-
öfund og metnaðarsýki sé treg til sannmæl-
anna, er það alment viðurkent, að aldrei
hafi Norðurálfan átt meiri snilling né fræg-
ari listamann, en Thorvaldsen, frá því á
blómadögum grískrar listar. Er þess er
minst, hvernær ættar hann var, eru það enn
Íslendingar, sem gjöra garðinn frægan.

Svo lítill viðburður var fæðing Thorvald-
sens, að ekki vita menn með vissu, hvenær
eða hvar hann er fæddur; en gísl er á,
að það hafi verið árið 1770, og sá umir

að hann hafi verið borinn úti á hafinu. Er hann því af hafinu kominn. Minnisstæðari atburður var andlát hans, þv. rægðarhöfuð Norðurlanda hné þá í hinstan svefn. Hann andaðist snögglega að kveldi þess 24. marz 1844, er hann var að horfa á sjónleik í Kaupmannahafnar leikhúsi.

Húsið, sem geymir safn hans, er bygt í ferhyrning utan um opinn reit; í miðjum reitnum hvílir Thorvaldsen sjálfur undir blómum. Að lýsa safni þessu og fegurð listaverkanna, er mér ofvaxið. En þess má geta, að þegar bezt lætur býr drottiinn ekki til fegurra fóli., karla eða konur — og tekst honum þó oft mæta vel —, en Thorvaldsen hefir smíðað, er hann þurfti eigi að fylgja föstum fyrirmyndum.

Hafi til forna Vandalir, Gotar og Norðmenn brotið hof og hörða Suðurlanda, er nú bætt fyrir þau spell. Skuld sú var stór, svo stór, að menn voru farnir að örvænta að öldunum myndi vinnast aldur til að borga hana til hálf. En nú er hún goldin, og Thorvaldsen galt hana einn, fyrir forna feður og frændur!

Um alla Kaupmannahöfn eru myndir af listaverkum Thorvaldsens hafðar til sölu, og eru það víst fáir ferðamenn, er eigi kaupa fleiri eða færri. Auk þess er seldur innangangur á safnið. Er óhætt að fullyrða, að

árlega skiftir það hundruðum þúsunda króna er Thorvaldsen ávinnur borginni, um leið og heimurinn verður ríkari og betri, með því að myndir sem flestra listaverka meistarans, verða fleirum kunnar, og flytjast með gestum og gangandi land úr landi.

Það er Carnegie að
 § 25. Söfnin í Höfn. kenna, að vér hér í
 Ameríku höfum þá
 skoðun, að hvergi séu jafn miklir auðmenn
 og hér og jafn stórgjöfulir. Hlutfallslega
 við efni eru ef til vill engir stórgjöfulli en
 auðmenn Norðurlanda. En svo á það að
 vera og svo viljum vér það flest vera láta.
 Einn mesti auðmaður Dana er Jacobsen, eig-
 andi Carlsberg ölgjörðarhúsanna. Hefir hann
 gefið meira fé til opinberra menningar fyrir-
 tækja, en dæmi eru til með nokkurn auð-
 mann hér í álfu, fyrr eða síðar, og sjálfsagt
 þó víðar væri leitað. Verður eigi svo bók-
 færð menningarsaga Dana, hér eftir, að eigi
 verði Jakobsens að geta, að mörgu og miklu
 og góðu, — auk þess, sem verða mun nú
 aukaatriði þegar fram í sækir, að hann býr
 til bezt öl á Norðurlöndum. Einkum eru
 það þó lista- og þjóðmenja-söfnin í Höfn,
 er bera minjar hans.

Merkasta safnið, og sem hann hefir að
 öllu leyti kostað sjálfur og gefið borginni.

er "Glyptothekið". Er það standmynda-safn eitt hið ágætasta sinnar tegundar í heimi. Er það eflaust stærst og merkast þess konar safn, sem til er í Norður-Evrópu. Auk hins mesta fjölda mynda eftir danska og norræna listamenn, er þar samansafnað frummyndum eða eftirlíkingum flestra listaverka, er gjörð hafa verið í Norðurlálfunni. Auk þess er allmikið safn þar frá Austurlöndum og Afríku. Safninu tilsvarendi er húsið, sem er sannarlegt skrautsmíði.

Auk safnsins hefir Jacobsen gefið borginni fjölda annara listaverka og skrautbygginga, framyfir það, sem hann hefir hrest upp á konungahallirnar fornu og kyrkjurnar, því ekki hefir hann sett þær hjá. Þá hefir hann gefið sjóði til styrktar bókmentum og vísindum, og yfir hið Konunglega Danska Vísindafélag lét hann byggja hús, sem kostaði um eina millión króna.

"National Museum", eða málverkasafnið mikla er hið annað frægasta af listasöfnum borgarinnar. Stendur það í austurhluta bæjarins, skamt frá Rosenborg, bústað Kristjans IV.

Á þessu safni er sá fjöldi af ýmsum málverkum samankomið, að eigi verður tölu á komið. Einhver tilkomumesta myndin, að mér fanst, er "Kristján II. í fangelsinu". Er henni líka skipaður góður staður á safninu,

svo að hún nýtur bæði ljóss og lita og blasir við fyrir miðjum salgöngum, þegar komið er upp á loft. Er hún svo lifandi, að naumast er hægt að átta sig á, að hún sé aðeins málverk. Sést klefinn greinilega, borðið og varðfönginn, og hinn magri kostur, sem borinn er fyrir konunginn; og inn um glugga streymir sólarljósið og fellur yfir höfuð og öxl konunginum. Myndin ber þunglyndissvip, og vekur hlýjan huga til hins gáfaða en giftulausa konungs, er að mörgu leyti var hinn mætasti höfðingi.

Önnur mynd er þar, sem mikið er tekið eftir og skipar þar fyrirúm. Myndin er eftir Skovgaard og heitir "Kristur kemur til helvítis". En fátt þótti mér merkilegt við þá mynd, og er skilningurinn á efniinu mjög hleypidóma- og hjátrúarkendur. Það er efni, sem meistarahönd hefði getað breytt í listaverk, ef eigi legðu hindurvitnin hömlur á verkið. Af öllum goðsögnum kristinnar finst mér sú sögnin merkust, fegurst og mannúðlegust, er lætur réttlætið og kærleikann ná út fyrir þenna heim, — jafnt til lifenda og dauðra. Eða hver er sá, þegar hann hugsar til hinna dáu, að hann vildi eigi svo gjarnan færa þeim sínar beztu friðargjafir?

§ 26. "Kristján IV. ar Kristjáns IV. —
kongur vor". Mjög ber Höfn minj-
Fanst mér, einsog

hvergi var hægt að fara um Brezkasafnið, án þess að reka sig á Rameses II., í Hampton Court hvergi að flýja Vilhjalm frá Oraníu; svo vera hvergi hægt að þverfóta í Khöfn fyrir Kristjáni IV. Hann var allstaðar, og það eigi fremur heima í höllinni en annarsstaðar. Aðalsetur hans í Khöfn var Rosenborgar höllin. Lét hann reisa þessa höll og bjó þar öðrum þræði, og þar andaðist hann 28. febrúar 1648. Höllin stendur ofarlega í eldri bænum. Er þaðan skamt frá, aðal gróðrarstöð borgarinnar. Er hallargarðurinn fagurlega skreyttur allskonar trjám og blómareitum. Eigi er þó höll þessi nema lítilræði í samanburði við alt það, sem hann lét smíða um sína daga. Meðal stórhýsa þeirra, sem hann lét reisa í Khöfn einni eru: Hólmskyrkjan, Þrenningarkyrkjan, Frelsarkyrkjan, Sívali turninn og Regensen, eða Garður, sem Íslendingar hafa svo kallað, — bústaður stúdenta við háskólann. Þess utan bygði hann borgir til og frá um ríkið: — Kristjáníu og Kristjánssand, í Noregi; Gluckstadt á Holsetalandi, og Kristjánópel norður í Bleking. Er hann hinn mesti hefilkongur og smíðakongur, er Danir hafa átt, og að mörgu leyti sá fremsti í öllu, er laut

að iðnaði og framförum ríkisins.

Er svo sagt, að hann hafi verið manna fróðastur á þeirri tíð í stærðfræði og allskonar stórsmíði, svo sem skipagjörð og stórhýsa byggingu, og jafnast haft eftirlit með öllu sjálfir.


Í Rosenborg er nú notað undir minjasafn konungaættanna dönsku, neðan frá Kristjáni I. og fram til þessa tíma. Má þar sjá marga fágæta skrautgripi, og eru slík auðæfi þar saman komin, að ekki verður metið til verðs. Á veggjunum hanga myndir af konungafólki frá ýmsum tímum.


Er maður reikar um Rosenborg, verður manni að hugsa til allra þeirra þjóðsagna, er myndast hafa um Kristján IV. Hann tekur við ríki 11 ára gamall 1588, og ríkir 60 ár, einmitt á róstudamasta tímabili Norðurlálfunnar, meðan trúarbragðastríðið mikla — 30 ára stríðið — geisaði sem grimmast, 1618—1648. Konungurinn er stórmentaður maður, hygginn og stórhugall, en stendur ávalt á milli tveggja elda: gjör-óupplýstrar alþýðu, er fallin var í hina mestu undir okun og eynd, og hrifsandi og kaldrifjaðs aðals, er skeytti hvorki um veg föðurlandsins eða hag þjóðarinnar, en kúgaði alla, er hann náði til. Að vilja aðalsins varð hann meira og minna að láta. Og þó varð hann ástsæll öllum almenningi, og það jafnvel út

til Íslands. Hann var allstaðar, leit eftir öllu, sem var að gjörast; ópreytandi eljumaður og stórvirkur. Enda finst gestum, sem eru að skoða sig um í bænum, að án Kristjáns IV. hefði Kaupmannahöfn orðið nokkuð önnur. — En fallegur maður hefir Kristján ekki verið: ákaflega digur og stórskorinn, og einsýnn síðustu ár. Fremur myndi fót þau, er til sýnis eru höfð og hann átti, vera við vöxt sumum síðari konungum Dana, þó fríðari mættu teljast. Svo myndi og verk hans vera: þeim flestum ofvaxið.

Meðal hinna eldri
 § 27. Friðriksborg. konungasetra í Danmörku er ekkert sögulegra og meira en Friðriksborg. Er það norður af Kaupmannahöfn, í smáþorpinu Hilleröd. Komst kastali þessi í eign konungs á dögum Friðriks II., um árið 1560. Fékk konungur hann í einhverjum skiftum. Hét kastalinn þá Hyllersholm, en skifti þá um nafn og hefir heitið Friðriksborg síðan. Um þetta landabrásk konungs er til vísa, sem höggvin er í steinboga uppi yfir einu garðshliðinu:

*“Fredrik then anden god og from
 Hans naade gjorde thette bytthe,
 ath Hyllersholm under Kronen kom
 og Herluf til Skogkloster flitthe”.*








5.—Frúarkyrkja í Kaupmannahöfn, bls. 110.



6.—Inngangur í Friðriksborgar höll, bls. 104





Herluf þessi var Herluf Trolle, sjóliðsforingi Dana.

Frá dögum Friðriks II. bjuggu Danakonungar öðrum þræði í Friðriksborg, ofan til daga Friðriks VII. Við kastalann stendur kyrkja og hafa þar flestir Danakonungar verið krýndir, frá því einveldið hófst og ofan til daga Kristjáns VIII., er var síðastur einvaldskonungur Dana. Kyrkjan er ekki stór en skrautleg og prýdd með málverkum og viðburðum úr Nýjatestamentinu.

Árið 1859 skemdist kastali þessi stórkostlega af eldi. Voru þá seinna hafin samskot til að gjöra við hann; auk þess lagði konungur og ríkisjóður til þess mikið fé. Er höllin var risin úr rústum aftur, kostaði J. C. Jarobsen ölbruggari (Jacobsen eldri) alla inni bygging hallarinnar og varði til þess hálfri millión króna. Hann lét setja upp að nýju Neptúns-brunninn fræga, er rifinn var og fluttur burtu af Svíum á 17. öld. Í kyrkjuturninn lét hann setja klukkuverk mikið. Eru í því 28 smáklukkur, og slá þær sálmalög á vissum stundum dags og nætur. Árið 1877 fékk hann konungsleyfi til að snúa kastalanum upp í þjóðminja- og sögusafn ríkisins. Gaf hann til þess stofnsjóð, er veitir í árlegar tekjur frekar 35,000 króna.

Safnið er afar merkilegt. Byrjar það á

sögu Dana um miðja 10. öld, og heldur áfram upp til þessara tíma. Hið fyrsta til sýnis eru veggmyndir um stofnun Jómsvík-inga; Dráp Haraldar Blátannar af Pálna-tóka, og Orustan í Hjörungavogi, eftir flótta Sigvalda jarls, milli Vagns Ákasonar og Norðmanna. Þá er og málverk um það, er Sveinn Tjúguskegg og Knútur mikli unnu England. Þar er eftirlíking í fullri stærð af hinum fræga Bayeux-dúk, er ofinn er í tómu myndum, og sýnir orustur Vilhjálmis frá Normandíu, er hann tók England.

Auk þessara mynda eru sýnd bygginga-snið frá ýmsum tímum í Danmörku, á kyrkjum, köstulum og klaustrum. En hvert herbergi í höllinni ber sitt sérstaka snið og eru hvelfingarnar lagaðar eftir hvelfingum hinna ýmsu merkari sögustaða landsins. Í einu herberginu er eftirlíking víkingaskipsins frá Gokstad. Skip þetta fanst árið 1880 í fornmannahaugi við Kristjáníufjörð. Það er 72½ fet á lengd, 17 á breidd og 5 feta djúpt miðskipa. Eru 16 árar á hlið og talið að skipið hafi borið um 70 manna áhöfn. Það er alt járnneglt, og er það skoðun fornfræðinga, að það muni vera frá tímabilinu 900. Á því voru tvö búin rúm og tvö lík. Á sama stað er smá eftirlíking af Danavirki hinu forna, er Ottó keisari og Ólafur Tryggvason létu brjóta.

I einu herbergi er mynd Saxo Grammaticusar og Snorra Sturlusonar; en í hliðarherbergjunum við þá af Absolon erkibiskup og Valdimörunum þremur, Mikla, Sigursæla og Atterdag.

Mestur kjörgripur safnsins er gangverk, er sýnir hreyfing alls sólkerfisins, og nefna Danir það Gottorp-ku himinkúluna. Það er stór kúla og um hana ganga á haugum öll stjörnumerkin. Sólin er stór messingshnöttur í miðri kúlunni og utan um hana eru sex hringir, og á hverjum hring eru smáhnettir, er tákna eiga jarðstjörnurnar, er þá voru kunnar, en á þeim standa örlitlar englamyndir úr silfri. Sagt er, að það taki 25,000 ár fyrir kúluna að fara umferðina. Í fæti kúlnnar er gangverk, er hreyfir alt saman. Þess utan vísar gangverk þetta stundir dagsins og slær á hverjum $\frac{1}{4}$ tíma.

Klukka þessi var smíðuð árið 1657, að fyrirskipun Friðriks III., hertoga af Holstein-Gottorp, eftir útreikningi hins fræga talnafræðings Adams Oleariusar, og á hún að sýna gang himintunglanna eftir útreikningi Kopernikusar. Nú hefir hún gengið í 256 ár og ekki skeikað um mínútu. Kjörgripur þessi var um langan aldur í ýmissa eigu, en loks kom Jacobsen ölbruggari til skjalanna, keypti dýrgrip þenna og gaf hann ríkinu.

Meðan við vorum stödd í kastalanum,

um nónbilið, byrjaði hallarkyrkju klukkan að hringja. Hægt og seint liðu tónarnir yfir staðinn. Klukkan var 3.

Er hún hafði slegið stundina, byrjaði sálmalag, — hið forna og fagra lag frá miðöldunum, er sungið er hjá okkur Íslendingum við hinn ágæta útfararsálm síra Valdimars Briems: "Kallið er komið". Sagt er að lagið eigi uppruna sinn á dögum Krossferðanna. Í því er stríður skilnaðar- og kveðjuhreimur, þrunginn óblandinni alvöru og hógværum söknuði.

Upp frá ómum þessa lags höfðum við staðið, er við lögðum í ferð þessa; nú hljómuðu tónar þess á ný frá hinni fornu hallarkyrkju. Það gekk einsog fótalaus svipur um hina auðu konungasali.

Við höfðum ekki gefið okkur tóm til þess, að horfa út til dagsins, frá því að skoða fornminjarnar, eftir að við fórum inn í kastalann. Þegar við fórum þar inn, var úti sólheiður sumardagur. Smáský hvíldust neðst við sjóndeildarhringinn fjarst í vestri. Klukknahtinginn vakti okkur af þeim dvala. Dagurinn var að breytast; það var að ganga að með regn. Smáskýin höfðu fært sig upp himinhvolfið, og blöktu nú fyrir sólunni.

Klukkan 5 kvöddum við kastalann, kyrkj-

una, konunga svipina og hólum til baka til Khafnar. Með okkur voru tveir íslenzkir stúdentar frá háskólanum, er við kyntumst meðan við töfðum í borginni. Báðir hinir efnilegustu og mannvænlegustu menn. Þeir Kristján Björnsson, ættaður frá Ísafirði, og Halldór Þorsteinsson prests Halldórssonar í Mjóafirði. Stunda þeir báðir læknisfræði. Á land vort þar tvo efnismenn, er þjóð vorri verða til sæmdar, hvar sem þeir bera niður að loknu námi. Vildu þeir gjöra okkur alt til skemtunar tímunn sem við dvöldum í bænum, og leiðbeina okkur í öllu. Hefi eg oft hugsað, að allvel væri bætt fámenni og fátæki þjóðar vorrar með því, hvað Íslendingar halda vel saman, er þeir hittast á útlendum og óþektum stöðum. Þá eru engir ókunnugir og engin deiluefni, nema ef vera skyldi þau einu, að verða hver öðrum fyrri til að auðsýna gestrisni og drengskap. Tungan og þjóðernið er sterkara bræðraband en nokkurs bræðrafélags og trúrra og sannara en eiðar og merki og krossar leynifélaganna út um heiminn.

Aðal skemtigarður
 § 28. Skemtigarðar. borgarinnar er Tivoli. Hafa íslenzkir stúdentar borið frægðarorð hans út um alt. Er sízt á því að furða, því glaummeiri og

glysmeiri staður er sjálfsagt óvída til á Norðurlöndum, og hlýtur þeim að bregða mjög við, er þangað koma og vanir eru seinlætinu og kyrðinni og hversdagssvipnum úr sveitinni. Danir sjálfir halda mikið upp á staðinn og telja stofnan hans, nú fyrir rímu-um 75 árum, merkisviðburð í sögu borgarinnar og stofnandann einn af velgjörðamönnum þjóðarinnar. Helztu skemtanir í garðinum eru smásýningar, hljóðfærslátur og smápeningaspil. Hér og hvar eru bekkir og borð og allskyns veitingar til sölu. Svo eru skruðgangar fram og aftur um garðinn, er eigi getur talist stór.

Fegurstur er garðurinn á kveldin; þá er ljósadýrðin í sínu alveldi og þá er mannfjöldinn mestur. Hefir garður þessi óefað séð margar "danskar ástir" um sína daga.

Dýragarðurinn liggur suður á Friðriksbergi. Er þar all-mikill fuglasafnaður, en að öðru leyti er þar fátæklegt um að litast. Sjálfur er garðurinn víðáttumikill, vel trjáaður og ágætur göngustaður.

Þegar við komum til
§ 29. Frúarkyrkja. borgarinnar, þektum
við enga, vorum líka
þá að hugsa um að hafa stutta töf. Morguninn fyrsta kom mér til hugar, að leita uppi Dr. Valtýr Guðmundsson, fór ofan á skrif-

stofu hótelsins, og hríngdi á hann til síma-
viðtals. Langaði mig til að hitta hann og
horta á bústaði "Eimreiðarinnar", er eg
snemma lærði að skoða sem aðal tímaritið
íslenzka, og hefi ávalt lesið með ánægju í
síðastliðin 20 ár. Var það með kvæðum
Þorsteins míns Erlíngssonar, greinum Dr.
Helga Pétursonar, bókafrægu o. fl., að
hún vann ástir mínar á mínum unglings-
árum.

Síma-viðtalið gekk vel. Bauð doktorinn
mér að koma til sín þá um morguninn, því
daginn eftir yrði hann í annríki; hann væri
að húa sig með "Ceres" til Íslands, er færi
þá á öðrum dægi. Býr hann út í Amager.
Var hann þar er eg kom. Tók hann
koma minni vel og bauð mér að sýna okkur
eitthvað um borgina, eftir hádegið. Þáði
eg það með þökkum. Klukkan 3 eftir há-
degið hittumst við hjá Ráðhúsinu og fór
hann með okkur yfir á háskólann, á Garð
og til Frúarkyrkju. Var það eina kyrkjan,
er við skoðuðum, því hinar voru ávalt harð-
læstar, er við komum þangað.

Eigi er ytra skraut Frúarkyrkju mikið, en
aftur bætir húsið hið innra það upp. Eru
þar geymd líkneskin af Kristi og postulun-
um, eftir Albert Thorvaldsen, og skírnar-
kerið fræga, — engill, er krýpur fram og
heldur á hörpudiski — skírnarfontinum. Þar

eru líka höggvar veggmyndir af innreið Krists til Jerúsalem, Krossgöngunni og Fjallræðunni, allar eftir Thorvaldsen. Úti við aðaldyr kyrkjunnar standa þeir Móses og Davíð; eru þeir úthöggvir af þeim Bissen og Jerichau, tveimur lærisveinum Thorvaldsens.

Þegar Nelson skaut á Khöfn í Napóleonska ófriðnum árið 1801, brann hin forna Frúarkyrkja, ásamt fleirum merkum stöðum í borginni. Er því þessi, sem nú stendur, byggð á öldinni sem leið, en að mestu í sama stíl og hin var. Þó vantar á hana turna eins og voru á hinni, og þykja það lýti mikil. — Fyrir nokkru bauðst Jacobsen ölbruggari til að kosta turn á kyrkjuna, ef til þess fengist leyfi kyrkjuráðsins. Sagði Dr. Valtýr okkur, að um það hefði staðið mikið þref og Jacobsen verið harðneitað um leyfið. Gjört var ráð fyrir, að turninn mundi kosta um hálf millión króna. Það, sem mótspyrunni olli, var það, að einhverjir fundnir blaðamenn þar í bænum fluttu mynd af kyrkjunni með "nýja turninum", en turninn var afarstór Carlsbergs bjórflaska. Leyst þá ekki biskupum og öðrum kyrkjuaðli á og fyrirbuðu Jacobsen að smíða turninn.

Sögu sagði Dr. Valtýr okkur af Frúarkyrkju og Íslendingi, er til Khafnar kom nú fyrir löngu síðan. Maðurinn var Þorsteinn Daníelsson frá Skipalóni, nafntogaður og í

frásögum hafður fyrir dugnað og atorku. Hann var að skoða kyrkjuna með fleirum, og spurði að, hve stór hún væri, en það gátu þeir ekki sagt honum. Fór hann þá til og mældi hana í faðmi sínum hringinn í kring. Er það síðan í sögum haft, að enginn hafi faðmað Frúarkyrkju, nema Þorsteinn Daníelsson frá Skipalóni.

Ymsra síða kennir þar
 § 30. “Dannaður”. mjög frábrugðinna
 þeim, sem maður á
 hér að venjast. Danir eru yfirburða kurteisir. Þeir eru “dönnuð” þjóð. Virðist kurteisin öllum eiginleg og þjóðinni meðsköpuð frá blautu barnsbeini, og er það þeim sízt til lasts, því það ber vott um menningarþroska og listnæmi. Þó má af öllu ofmikið gjöra. Ofantökur og beygingar eru hinn hversdagslegi ytri vottur þessarar kurteisi, og sannast að segja fansí mér nóg um, er karlmenn tóku ofan hver fyrir öðrum löngu áður en þeir mættust á götunni, heilsuðust því næst með handabandi, hneigingum og bugti og stungu upp frakkastélunum, einsog fugl, sem er að taka flugið. Eins kvað það vera, þó eitthvað falli miður í geð, merkist það eigi svo mjög á orðalagi; er þá all-langt farið í útátt frá hinni upprunalegu “spiltu náttúru”.

Eg var löngu sannfærður um, að kvæði Dr. Gríms Thomsen, "Goðmundur á Glæsi-völlum", væri kveðið til Khafnarbúa, en eg styrktist enn betur í þeirri trú við heimsóknina, þó skammvinn væri:

— "Hnútur fljúga um borð, hógvær fylgja orð.

— Í góðsemi vegur þar hver annan".

Svo er kurteisinn mikil.

Efalaust var það óvananum að kenna, en illa kunni eg seinlætinu og leti-bragnum, er undantekningarlítið virtist vera fastur við alla viðskiftastaði borgarinnar. Í kaffihúsi gat maður ekki sezt svo niður, að ekki tæki afgreiðslan hátt á annan klukkutíma, og það þótt fárra rétta væri óskað. Og til getur það borið, að máltíð taki hátt á þriðja klukkutíma. Réttirnir eru bornir inn hægt og seint, — svo seint, að vel hefði mat-sveinninn haft tíma til, að eta þá alla saman á leiðinni, áður en inn var komið með þá. Þó beðið væri um örari framreiðslu tjáði það oft eigi, auk þess talið miður kurteist. Það er "amerískt", að standa sæmilega skjótt upp frá borði; hitt "dannað", að tefjast hálfan daginn að snæðingi.

Að máltíðum var reykt yfir borðum, af konum jafnt sem körlum, og kunni eg því ávalt illa. Tóbaksreykur varð hvergi flúinn, þar sem borinn var fram matur.

Umferð var mikil um götur borgarinnar, en hvergi verið í flýtir. Fólk fór sér hægt, einsog ekkert lægi á og ekki að nokkrum erindum. Svipur og yfirbragð margra var næsta frábrugðið því, sem svipur Skandinava er hér í álfu.. Fólk sléttara í andliti, fölara og feitara. Í mörgum andlitum lítill svipur og engir drættir. Bar það vott um fullmikið sællífi og líkamlega afturför og óhreysti, af hverju sem það er sprottið. Þó voru undantekningar margar og miklar frá þessu, og yfirleitt kunni eg fólkinu mæta vel.

Verzlunarbúðir eru þar margar ágætar. Er afgreiðsla mjög viðfeldin og lipur. Virtist mér margar búðir þar smekkiegri og betri en í sjálfri Lundúnaborg. Vöruverð er fremur lágt og varningur góður. Gæti eg trúað, að verð á flestu þar sé fullum helmingi lægra en hér í Kanada. Danir eru sérstakir völundar að hagleik á finni málma, og eru gull- og silfursmíðar þeirra víðfrægðar mjög.

Yfir borginni sjálfri (Khöfn) er hið bezt að láta; virtist mér hún öll mjög sérkennileg og eftirtekta verð. Hún er viðmótsglöð og vingjarnleg ferðamönnum. Aldur hennar og saga örfa mann til athugunar, og með söfnum sínum og söguminjum vekur hún hjá ferðamanninum aðdáun og lotningu fyrir

göfgi og listfengi, afreksverkum og áræði hinna norrænu þjóða, — þjóðanna, er lengst og bezt hafa haldið á lofti kyndli sögunnar, er kastað hefir ljósi yfir löndin; þjóðanna, er ruddu nýjar brautir yfir ófærurnar og eyðimerkurnar, og gjörðu að alfaravegum; þjóðanna, er brent hafa sér landnám í heimi andans; þjóðanna, er brugðu sér eigi við sár eða bana; þjóðflokksins bezta í þessum heimi.

Eg hafði sérstakar mætur á Khöfn vegna þess, að hún er skandinavisk borg. Allar borgir hér í álfu eru hver annari líkar, með sama svipnum, einsog þeim sé hrófað upp til einnar nætur, — en það er Kaupmannahöfn ekki.

Á stundum finst manni, að í smáu löndunum geti ekki verið um stórborgir að ræða, — þau séu of fátæk til þess. Koma manni þá ávalt í huga Norðurlönd. Það eru því gleðileg og ánægjuleg skoðanabrigði, að koma til Khafnar. Þar er borg, sem norrænar hendur hafa smíðað, tignarleg og fögur, — öfundar-epli Norður-Evrópu, ef ekki allrar Norðurálfunnar.

Okkur hafði verið
 sagt, að K h ö f n
 § 31. Margir eru kon- væ r i glaðværust
 ungsvinir. borga á Norður-
 löndum, gengi París næst að glaumi og gjá-

lífi. Hnikti okkur því heldur við, er við komum þangað og sáum annanhvern mann eða konu klæddan sorgarbúningi, eða bera á sér sorgar einkenni. Fjöldi ungra og aldræðra manna báru sorgarslæður á treyju eða höfuðfati, en fjöldi kvenna gengu alveg í svörtu og skautuðu svörtum slæðum, einsog væru þær ný-orðnar ekkjur og athvarfslausar í þessari vondu veröld. Skyldum við sízt í, hvað fyrir bæinn hefði getað komið. — Drepsótt hlaut það að vera, því þarna voru konur í þúsundatali, er mist höfðu menn sína; ungar stúlkur svartklæddar, og ungir menn, er mist höfðu feður sína. Það undarlegasta var þó, að blöðin höfðu ekki getið þessa. Aumkuðum við margar konur, er báru þessi ytri einkenni sorgarinnar: — "Aumingjarnir, þær eru ekkjur!"

Loks fóru okkur að þykja ekkjurnar vera nokkuð margar, — meir en önnurhver kona. Fór eg þá að geta annars til um, að valdandi væri þessari stóru sorg. Danir höfðu þá nýlega mist konung sinn Friðrik VIII. Andaðist hann mjög snögglega suður í Hamborg, með þeim atburðum, er eigi voru kunngjörðir almenningi. Fanst lík hans eftir mikla leit um borgina, á líkstofu, þar sem geymdir eru skrokkar óskilalýðs og sjóara, þar til þeir verða grafnir. Var hann jafn skjótt tekinn þaðan og fluttur heim, búið hið veglegasta um lík hans og honum veitt

greftran. Var þetta ný-afetaðið, er við komum til Khafnar.

Þessi sorgar-viðhöfn öll stafaði því af dauða konungs. Og allar sorgklæddu konurnar voru þá ekki ekkjur í vanalegum skilningi.—þær voru ekkjur Friðriks VIII. Minkuðu þá brjóstgæðin með "ekkjunum", þó mun sé rétt að geta, að margur á um sárt að binda við konungsdauða, því margir eru konungsvinirnir.

Yfir til Svíþjóðar er
 § 32. Til næstu nesja. örsamt frá Khöfn,
 — yfir Eyrarsund
 að fara. Þangað skruppum við norður meðan við biðum skips, eftir að við vorum búin að seðja mestu forvitnina í Khöfn. Ferðinni var heitið til Stokkhólms og Uppsala. Fór-um við með ferju, er heitir "Eyrarsund,, og gengur á milli Málmhauga og Khafnar, og tók það tæpa 2 tíma. Lögðum við af stað að morgni, og töfðum það sem eftir var dagsins til næsta morguns í Malmö eða Málmhaugum. Bærinn telur milli 80—90 þúsund íbúa, og hefir vaxið mest síðan í byrjun 19. aldar, að hann mátti heita lítið sjóþorp. Hann skiftist í gamla og nýja bæinn, og liggja flóðgarðar umhverfis gamla bæinn. Kalla Svíar hann: "Staden inom broarna".

Malmö er syðstur bær í Svíþjóð, sunnanvert á Skáni. Var hann upphaflega bygður af Dönnum, því bæði Skán, Bleking og Halland lutu Dönnum um langt skeið, — alt frá dögum Knútanna og fram um miðja 17. öld. En nú er hann al-sænskur og bera flest staðaheitin al-sænsk nöfn. Gústaf Adólfs torg stendur sunnan til í gamla bænum, en utan við hann og austur af eru skemtigarðarnir "Kungsparken" og "Slottsparken". — Land umhverfis bæinn er slétt og skógi vaxið víða. Virðist það vera frjótt og fagurt. Í austnorrður, um 5 mílur vegar, stendur Lundur. Þar er annar mesti háskóli Svíþjóðar og sá þriðji að aldri á Norðurlöndum.

Um og fyrir siðabót kemur Malmö allsýjög við sögu Norðurlanda. Klaus Mortensen, danskur prestur, hefur þar siðabót 1527, með því gengi, að viðtekinn er Lútherskur siður tveim árum síðar með almennu samþykki.

Hús eru þar flest úr steini og götur steinlagðar. Yfirleitt virtist bærinn vel um genginn, og þótti mér þar víða fagurt. Af sögustöðum úir og grúir allstaðar. Þó eru bæjarbúar einna mest upp með sér af kastalanum og höfuðkyrkjunni, sem kölluð er Péturskyrkja. Var kyrkja sú reist fyrst 1319; er hún bygð í gotneskum stíl, og talin ein með fegurstu kyrkjum í Svíþjóð. Altaris-

töfluna og prédikunarstólinn gaf Kristján IV. Í kyrkjugólfi eru grafin mörg stórmenni Suður-Svíá, og er kyrkjan full af letruðum graftöflum og höggnum minnismerkjum um löngu látna merka menn.

Þann 23. Júní, á
 § 33. Til Stokkhólms. sunnudags morgun
 kl. 7.30, lögðum
 við af stað með hraðlestinni norður til
 Stokkhólms. Var veður hið fegursta, bjarta
 sólskin og hiti. Leiðin liggur yfir Skán, Smá-
 lönd, Austur-Gautland og Suðurmanneland.
 gegnum Lund, Norðurkaupang, og fleiri
 smábæi. Er víða farið yfir breiða akra og
 graslendi. Allvíða er landið stórgrýtt og
 hrjóstrugt og vaxið stórskógi. Furðaði mig
 á, að ekki skyldi þar vera meiri vottur jarð-
 yrkju og land þéttbýlla en er, einsog þrengsli
 virðast þó vera í Svíþjóð og útflutningur
 þaðan mikill. Allvíða sýndust akrar vera
 í hinni mestu órækt, og á stórum flákum á
 Gautlandi voru þeir fullir illgresis, eldrauð-
 ir af "mustard". Þótti mér það kynlegt og
 Gautar ekki sýna mikla búshygni; gengur
 þeim seint að slá sverðin í plógskera.


Fagurt var þó landið. Hér og hvar risu
 háir, snarbrattir grjóthólar, er mintu á hina
 foru ætternisstapa þeirra Gautanna; þess

Arnljotur B. Olson

Handwritten text, possibly a signature or date, located in the upper center of the page.



7.--Riddarahólmskyrkjan í Stokkhólmi, bls. 121.



8.—Ríkispinghúsið i Stokkholmí, bls. 121.

Handwritten signature or name, possibly "Handwritten A. B. C."

Arnljotun B. Olsen

á milli villigjarnir myrkviðir eða grænar merkur.

Ferðalagið tók rúma 11 tíma.

Eg stóð lengst af frammi í hliðgangi vagnsins og horfði út um gluggann. Mig langaði til að sjá sem mest af landinu. Það var ljótt og það var fagurt á mis. Það var siðað og ósiðað. Það var ólíkt öðrum löndum, einsog við var að búast með Norðurlönd.

§ 34. "Lásinn fyrir dyrunum".

Kl. tæpt.7 um kveldið var komið inn til Stokkhólms og fórum við ofan á "Central Stationinni", er stendur sunnarlega í

Norðurbænum við eina breiðustu götu borgarinnar, "Vasa Gatan". Liggur hún ofan að Norrströnn; tekur þar við brú fram í hólmann, þar sem konungshöllin stendur, í miðjum Riddarafirði, og fleiri fræg mannvirki. Stokkhólms höfnin er einhver sú bezta á Norðurlöndum. Frá hafi gengur inn mjór fjörður, er kvíslast í ótal smá sund, er inn eftir kemur, og stendur fjöldi hólma og smáeyja þar og fylla sundin. Stendur borgin á hólum þessum og nesjum, er ganga á víxl beggja vegna frá, þvert fram í fjörðinn. Fyrir innan ganga tvær djúpar víkur lengst inn í land. Er sú syðri nefnd Mälaren og er miklu

stærst. Eftir henni lágu hinar fornu víkingaleiðir inn í land. Skiftir hún milli Upplanda og Neðribygða. Stokkhólmi hefir verið líkt við Feneyjar á Ítalíu, að því leyti, að báðar borgirnar standa á ótal mörgum smáeyjum. Gæti það átt við miðbæinn, er Svíar nefna "Staden mella broarna"; en norður- og suður-bærinn tekur yfir þessi nes.

Saga Stokkhólms tekur ekki eins langt aftur í tímann og sumra annara bæja í Svíþjóð. Að sjálfsgöðu hefir verið þéttbýli þar inn með víkunum til forna; en það er ekki fyrr en í kringum 1250, að Birgir jarl reisir þar borg. Er hann faðir Stokkhólms, enda er minningu hans vel á lofti haldið þar í bænum. Hann setti "lásin fyrir dyrnar", einsog Svíar komast að orði. Með byggingu Stokkhólms var öllum ófriði bægt frá Mälaren víkinni og innsigling ómöguleg án leyfis borgarinnar. Eftir Birgis daga hefir bærinn átt jöfnum framförum að fagna. Lengi vel var þó konungssetrið annarstaðar — í fornöld í Sigtúnum og Uppsölum, í Arboga, en loks í Stokkhólmi. Bærinn er talinn skrautlegastur bær á Norðurlöndum. Hann er mjög skipulega bygður, með ótal torgum og görðum, og hús flest afar íburðarmikil. Allur annar svipur er yfir honum en Khöfn, — unglegri, hraustlegri og fjögri. Hér ganga menn röskvan um göturnar

og hér er alt fljótt framborið, sem um er beðið. Enginn svefn og leti. Stokkhólmur er amerískastur allra Norðurlanda-borga, en þó um leið norrænastur. Beri svipur bæjarins svipkenni þjóðarinnar, þá eru þau hreysti, glæsimenska og menning. Fer vel á því, að konungar Svía séu lærdómsmenn, rithöfundar og skáld og hér búi dómnefnd hins heimsfræga Nobel sjóðs, er árlega veitir stórfé til verðlauna til vísinda og bókmenta og fagurra lista.

Af þeim óteljandi stöðum, er mönnum leikur forvitni á að skoða, er til borgarinnar koma, má fyrst nefna konungssetrið og Ríkisdagshúsið, eða þinghúsið. Konungssetrið er ein hin fegursta kastalaborg og stendur á aðal hólmanum í firðinum. Milli lands og eyjar er örlítill hólmi, er kallaður er Heilagsanda-hólmi; á honum stendur Ríkisdagshúsið og tekur yfir mestallan hólmann. Gengur brú yfir á hólmann og þaðan aftur yfir að konungssetrinu. Sundin milli hólmanna eru breiðari en meðalstræti. Er helzt ómögulegt að gjöra sér hugmynd um, hve fagurt er á hólmanum þessum.

Á vinstri hönd við konungssetrið, þegar gengið er upp til borgarinnar, er annar hólmi, sem kallaður er Riddarahólmi, og dregur fjörðurinn nafn af honum. Eru þar hermálastofur landsins og þar stendur hin fræga

Riddarahólmskyrkja, þar sem Gústaf Adólf sókti messur. Að kyrkju þessari kaus hann sér að vera grafinn, ef hann félli og yrði fluttur dauður heim úr ófriðnum.

Og hann féll — við Lutzen 2. Nóv. 1632 — og var fluttur heim, og að kyrkjuni er hann grafinn. Fyrir föðurlandið fyrst, og svo samvizkufrelsi mannanna lagði hann út í þrjátíu ára stríðið. Í bréfi til Oxenstjerna getur hann þess, að það sem knýi sig mest út í ófriðinn og til að veita trúarbræðrum sínum hjálp á Þýzkalandi móti Ferdinand II., sé það, að ef keisarinna fái fært ríki sitt norður að Estrasaltinu séu Norðurlönd í hershöndum fyrir herflotum keisarans. En helgi og frelsi Norðurlanda beri að verja fram í dauðann. Þá sé líka samvizkufrelsi manna hætta búin. Eftir verði ekki skilið svo mikið frelsi einstaklingnum, að hann fái dýrkað guð eftir eigin huga.

“Svíþjóð fyrst”, — Norðurlönd fyrst. Óskandi væri, að hver norrænn maður vildi taka þau orð af konungsvörum og gjöra þau að sinni helgustu játningu — í lífi og dauða.

Fyrir utan Riddarahólmskyrkju stendur myndastytta Birgis jarls, á miðju “Birgis Jarls Torgi”. Skamt þaðan er hin forna og mikla höll Bengt Oxenstjerna.

Fyrir framan, eða á hægri hönd við kon-

ungssetrið, er Skeppsholmen; eru þar her-
málastofur, virki og sjóforingjaskóli ríkis-
ins. En landmegin, á bökkum Norrström,
stendur aðal leikhúsið og þjóðlistasafnið,
"National Museet"; en á milli þeirra er dálft-
ill opinn flötur, og situr Karl XII. þar á hesti,
djarfmannlegur og tígulegur, einsog hann
var í lifanda lífi. Er staður þessi, er eg hefi
nú lýst, miðbik borgarinnar og fegursti hluti
hennar.

"National Museet" er aðal þjóðlistasafn
ríkisins. Yrði það oflangt mál, að telja upp
öll þau listaverk, sem þar eru samankomin,
í málverkum, fornum skrautgripum, kyrkju-
munum, söguminjum og fleiru.

Einkennilegastar myndir þóttu mér "Karl
XII. líkfärd", eftir Cederström. Er myndin
um það, er Svíar báru konung sinn dauðan
heim um hávetur yfir Kjöl, handan úr Nor-
egi og austur til Svíþjóðar. Má með sanni
segja, að myndin sýni líkferð Svíþjóðar sem
stórveldis í Norðurálfunni. Hinn ungi, sig-
ursæli konungur, er á skömmum tíma hafði
sigrað Norðurálfuna, nú rúinn sigurvaldinu,
búinn að missa austurlönd sín öll; úr grjóti
sænsku herborganna býið að reisa "aðalból
þrældóms" — Pétursborg, — er nú borinn
heim á herðum fáklæddra hermanna, yfir-
unninn og dauður.

Önnur mynd er þar, einkar fögur, "En

Hieltes Död", eftir N. Forsberg ("Deyjandi hermaður"). Maður helskotinn hvílir í valnum. Síðasti lífsgeislinn er að deyja í auganu; að öðru leyti hefir lífið flúið hvern hans lim. Sjálfsgagt á myndin að sýna: "einn garp frá Hálands tíð. Hann lá með höfuð hneigt á arm, með helstirð augu, særðan barm"; — einn af liðum Karls XII., því sú tíð er Svíum ástfólgnust í listum og ljóði

Átakanlegust þótti mér þó myndin: "Eiríkur konungur XIV.", eftir Georg von Rosen. Eiríkur var elzti sonur Gústafs Vasa I., sonur fyrstu konu hins marggífta Gústafs. Tók hann við ríki eftir föður sinn 1560 og ríkti 8 ár. "Honum var malet vel gefið bæði til lífs og sálar", segir Páll Melsted.— En Eiríkur var lánlaus konungur. Hann var fagur og glæsilegur, bjartur yfirlitum og fríður sýnum, en engin skaphægðarmaður. Er hann tók við ríkinu, var féhirzlan full, en það eyddist brátt fyrir honum í herkostnað og kvonbænaferðir. Sagt er að hann sendi menn til að biðja sér til handa flestra efnilegustu konungs- og greifadætra Norðurlálfunnar, þar á meðal Eilífabetar Englandsdrottningar, Maríu Stewart Skotadrottningar, Reinörtu dótturdóttur Kristjáns II. og Kristínar dóttur Filips Landgreifa af Hessen. En engin vildi Eirík; aumingja Eiríkur fékk allstaðar hryggbrot, og neyddist því til að eiga

fylgikonu sína Katrínu Mánadóttur, því konu laus vildi hann ekki vera.

Einn af ráðgjöfum Eiríks hét Göran Persson, prestsson frá Vestmannaalandi, rógberi og fúlmenni. Hann rægði aðalinn og hershöfðingja á allar lundir við konung. Þegar ófriðurinn hófst við Dani og Norðmenn, er stóð yfir í 7 ár, þótti Eiríki hershöfðingjar sínir linir í sóknum. En Göran Persson blés að þeim kolum. Varð það til þess, að konungur lét setja Niels Sture, er var af einni hinni glæsilegustu aðalsætt Svía, auk fleiri stórmenni, í fangelsi í Uppsala kastala og drepa.

Myndin er af Eiríki þar sem Göran Persson er að lokka hann til að skrifa undir dauðadóms Niels Sture. Konungur situr og er afar þungsinna. Við hlið hans situr Katrín Mánadóttir, og heldur utan um hönd honum, svo að hann fái ekki skrifað undir dóminn. Fyrir framan þau stendur Göran Persson, lymstur og undirhyggjufullur. En á veggnum fyrir ofan höfuð konungs stendur skrifað stórum stöfum: "Wee thim som orjett Lögh göra, och wrangan dom skrifva.". Og vei var konungi, því dómurinn kostaði hann há-sætið og að lokum lífið. Eftir dóminn varð hann sem ærr. Bræður hans hófu uppreist móti honum. Katrín Mánadóttir flýði með

son þeirra Gústaf til Finnlands, og dó þar löngu síðar í fátækt, en Eiríkur var settur í gæzlu, hrakinn úr einu fangelsinu eftir annað og að lokum drepinn á eitri 1577.

Aðal skemtistaður Stokkhólms er hinn svo nefndi "Skanzen". Þar er dýragarður og Norræna þjóðminjasafnið fræga (Nordiska Museet); einnig Biologiska Museet, þar sem allar dýrategundir Norðurlanda eru sýndar, og þar er sýnt úti, uppi í garðinum, bændaheimili frá ýmsum tímum og stöðum í Svíþjóð. Garður þessi er á smáhólma norður í ytra fjarðarbotni, og liggur hátt, svo að víðsýni er þaðan mikil. Norræna þjóðminjasafnið er það merkasta, sem þar er til sýnis. Auk ýmissa skrautgripa, vopna og minja konungsaettanna, eru þar til sýnis búningar bænda og alþýðumanna frá öllum stöðum Norðurlanda, einsog þeir tíðkuðust um vist skeið. Þá eru og klefar hringinn í kring í salnum, bæði uppi og niðri, er sýna stofur á bændaheimilum úr öllum héraðum Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, með öllum tilheyrandi búnaði. Svo eru sérstök söfn, frá Orkneyjum, Íslandi og Færeyjum. Er þar sýndur ýmiskonar handiðnaður, útskurður, saumur og vefnaður.

Það var á hinni stóru sólarhátíð Norðurlanda, miðsumarsdaginn, að við skoðuðum "Skanzen" og söfnin þar. Var alt fært í


1807

Annjotur B. Olson



9.—Dómkyrkjan i Uppsölum, bls. 132.

Arnliotur B. Olson



10.—Konungshaugarnir fornu, í Gömlu Uppsölum, bls. 130.





sinn fegurðar- og sparibúning, — bærinn, borgarbúar, land og lögur.

Eftir tveggja daga dvöl í § 35. Uppsafir. Stokkhólmi skruppum við norður til Uppsala, hinnar fornu og frægu háskóla-borgar Svía, og hins ginnhelga konungsseturs Svíanna alt í frá árdegi sögunnar. Eru það rúmar 40 mílur vegar og fer lestin það á einni klukkustund. Liggur leið fram hjá Sigtúnum, þar sem forðum bjó Óðinn.

Uppsalabær stendur nokkru sunnar en áður var, á Fýrisvöllum báðum megin Fýrisár, þar sem í fyrndinni var kallað að Eystri-Árósum. Hefir Fýrisá þá fallið þar ofan í Malarfjörðinn, en nú er ármynnið rúmunum fjórum mílum sunnar, og hefir því framburður úr fljótinu verið ærið mikill síðan sögur hófust. Hinir fornu Uppsafir stóðu þremur mílum norðar en nú er bærinn, og er þar kallað að Gömlu-Uppsölum. Átti Freyr fyrstur að hafa bygt þar, og segir Snorri svo frá:

“Freyr tók þá við ríki eftir Njörð; var hann kallaði dróttinn yfir Svíum ok tók skattgjafar af þeim. Hann var vinsæll ok ársæll sem faðir hans. Freyr reisti at Uppsölum hof mikit ok setti þar höfuðstað sinn, lagði þar til allar skyldir sínar, lönd ok

lausan eyri. Þá hófsk Uppsala-auður ok hefir haldizk æ síðan”.

En fátt er þar nú húsa, og hefir Uppsala-auður ekki haldist. Var bærinn færður suður, þar sem hann er nú; fyrst erkibiskupsstóllinn árið 1270, og svo bygð önnur þar á eftir. Eyddist forni bærinn af eldi um það leyti. Nú stendur þar kyrkja, þar sem áður var konungshofið, og fáein hús önnur eru þar í grendinni. Er staðurinn einkum frægur fyrir fornanna-haugana mörgu, sem þar eru. Er það vætta-helgi. Þeir eru haugarnir langstærstir og kendir við Þór, Óðinn og Frey. Eru þeir afar háir og strýtu-myndaðir. Eru það pýramídar Norðurlanda hlaðnir úr mold og gjóti, hin einu heiðni-mörk, er knýta söguöldina fornu við síðari tíma. Bera þeir göfugan vott þess, að sagnirnar eru ekki ósannar, um hreysti og hauglagningu manna, til forna á Norðurlöndum, og gefa jafnvel tilefni til að trúá, að meiri sannleikur felist í goðsögnunum sjálfum, en margur hyggur.

Á frelsisöld Svía, hinni síðari, hafði Gústaf Vasa margar mannstefnur að haugum þessum og flutti ræður yfir þingheimi af haugunum.

Morguninn eftir að við komum til Uppsala, fórum við út til Gömlu-Uppsala, til þess einasta að heilsa upp á haugbúa og fara

pilgrímsför til hinna fornhelgu stöðva. — Gengum við á Þórshaug; er hann norðastur og þaðan mikið og fjölbreytt útsýni. En ekki sást þaðan til hafs. Gjörði eg Þórsmark fyrir mér og nefndi til þeirrar bænar alla helga vætti, að Norðurlönd ættu eftir að eignast aðra blómaöld, meiri og fegurri, sem hún rinni upp á meiri og betri öld, en hin forna. Mætti og slíks vænta. ef allir bæðu þeirrar bænar — í trausti til hinnar "ósviknu norrænu ættar" og trú á framtíðina.

Af ætt Braut-Önundar verður þó Messías Norðurlanda að vera, hins forna og goðfræga Uppsala konungs, er orðstír hefir getið sér göfugastan allra konunga í fornum sið, og ágætastur verið allra Ynglinga. — Hans getur þannig í Fyrri konungabókinni: "Önundr konungr lagði á þat kapp mikit ok kostnað, at ryðja markir ok byggva eftir ruðin; hann lét ok leggja vegu yfir eyðimerkr ok funnusk þá víða í mörkunum skóglaus lönd, ok byggðusk þar þá stór héruð; varð af þessum hætti land byggt, þvíat landzfólkit var gnógt til byggðarinnar. Önundr konungr lét brjóta vegu um alla Svíþjóð, bæði um markir ok mýrar ok fjallvegu; fyrir því var hann Braut-Önundr kallaðr".

Þeir, sem brjóta vegu og byggja ónumin

lönd, eru fjörgjafar og frelsarar þjóðanna.

Það var 25. júní, síðla dags, að við fórum frá Stokkhólmi til Uppsala og um kl. 6, að við komum þangað. Gistihús eru þar ekki mörg og geta því orðið þar þrengsli, ef margt er gestkomandi í bænum. Og svo vildi það reynast í það sinn. Daginn eftir hafði verið boðað til kennarafundar þar í bænum; voru því flestar vistarverur uppteknar, er við komum. Eftir nokkra leit fengum við inni hjá Eiríki helga — Hotel St. Erik —; er það all-gott gistihús og skamt frá járnbrautarstöðinni. Fengum við þar framstofur tvær, er á skömmum tíma var breytt í svefnherbergi, og þóttumst við hafa komið okkur vel fyrir, að taka gistingu hjá dýrðlingnum, hinum heilaga Eiríki, er að erfðum tók meðal Svía í kaþólskum sið, vinsældir Freys.

Eftir kveldverð gengum við út um bæinn og þá fyrst upp að dómkyrkjunni, er gnæfir með tign og veldi yfir staðinn. Er hún allra kyrkna mest á Norðurlöndum. Var hún reist á þessum stað fyrst árið 1270, eftir að byggð fluttist frá fornu Uppsölum, en þar stóð hún áður, þar sem í fyrndinni stóð hof Óðins. Ýmsar smábreytingar hafa verið gjörðar á kyrkjunni og hefir mátt heita, að hún hafi verið í smíðum fram til þessa. Var lokið síðustu viðgjörðum árið 1893. Að kyrkj-

unni eru grafnir flestir hinir merkustu manna Svía, og þar varðveitt silfurskrin Eiríks helga og bein hans geymd bak við háaltari. Fyrir innra gafli, bak við kórinn, er bænahús Gústafs Vasa; er hann grafinn þar og þrjár konur hans með honum. Út úr kyrkjunni til beggja hliða eru bygð ótal bænahús, eða smá kapellur, helztu aðalsættanna sænsku, og í þeim hvíla ættfeðurnir. Á kyrkjugólfi stendur gamli Swedenborg. Hvíllir hann í svartri marmarakistu. Er hann sá fyrsti og eini trúarhöfundur á Norðurlöndum. Við kenningar hans myndaðist ný kyrkjudeild, er nefnir sig "Ný-kyrkjan", en almennast kölluð Swedenborgska kyrkjan. Útbreiddist hún um tíma hér í álfu og á Englandi, en mun nú hafa staðið í stað lengi.

Við töfðum all-lengi § 36. Bjartar nætur. við kyrkjuna, en ekki leið á kveldið. Vorum við búin að hugsa okkur að vera úti þangað til skuggsýnt væri orðið og ganga þá til svefns. Örskamt fyrir ofan kyrkjuna stendur kastalinn, hinn fyrri bústaður konunganna og ríkisfanganna. Nú er hann notaður fyrir amtsstofur Upplanda. Stendur hann í fögrum garði upp með Fýrisá, á einum hæsta hólnum. Gengum við þangað. Alt var þar hljótt. Einstöku karl og kona leiddust og læddust í kveldkyrðinni undir

trjánum þar í garðinum. Fuglarnir voru allir seztir að og hættir öllu þrefi. Hefir þeim fundist dagurinn vera orðinn nógu langur. Við gengum þar fram og aftur, unu að lokum við fórum að kenna þreytu, og fórum að hugsa um að halda heim og hitta sælan Eirík. Kveldið var enn jafn fagurt, þó sól væri sezt, og ljóst um alla vegu. Klukkan var að verða eitt. Héldum við því ofan á gistihúsið og bjuggumst til svefns. En eitthvað tafði nóttina! Klukkan tvö fór birtan að aukast aftur og horfðist ekki vænlega til með svefninn. Einhver hafði stöðvað sólina!

Við höfðum beðið sólina að skína, er við kæmum til Norðurlanda, en gleymt að taka það fram, að oss væri síður þökk á því, að hún skini um nætur. Það eg Eirík helga að koma nú til bjargar, svo eg fengi sofnað litla stund. Varð karl vel við þeirri bón, því okkur sofnaðist vel og sváfum langt fram á morgun.

Háskólinn er hið ágætasta og vandaðasta hús; stendur hann nokkuð fyrir sunnan dómkyrkjuna. Húsið er nýlega reist (1887) og eru fundarsalirnir einkum glæsilegir. — Bókhlaða skólans er ein með þeim tilkomumestu í Norður-Evrópu. Eru þar geymdir óviðjafnanlegir kjörgripir í handritum og bókum, þar á meðal hið fræga "silfur-hand-

rit", — "codex argenteus" — af biblíubýðingu Úlfilas biskups, frá árinu 381. Er það innbundið í silfurspjöld. Þýðing þessi er það elzta sem til er bókfært á norrænum málum. Var Úlfila biskup hjá Gotum síðari hluta fjórðu aldar. Þar eru líka handrit ýmsra merkismanna Svía frá síðari öldum, Vasa konunga, Linnés náttúrufræðingsins mikla Swedenborgs, o.fl.

Einsog skýrt hefir verið frá, stendur Uppsala borg á Fýrisvöllum niður við eystri Árósa hina fornu. Eru þar hin- ar söguríku grundir, frægar í söng og sögu Norðurlanda í fornum sið. Eftir Fýrisvöllum átti Hrólfur konungur kraki og kapparar hans að hafa hleypt, undan Aðils nági hans, er hann gjörði þeim eftirförina frá Uppsölum. Og á Fýrisvelli sáði Hrólfur gullinu, til þess að hefsta eftirreiðina, og "Svíagrís", gullinu góða, er Aðils konungur mat mætastan hlut í sinni eigu. Beygði Aðils sig þá af hestinum og rendi spjótsskaftinu eftir hringnum, þó búinn væri að víta hirðmenn sína fyrir að sinna þessum ginningum Hrólfs. Varð þá Hrólfi það að orði, um leið og hann reið að honum og veitti honum ærinn áverka: "Svínbeygða ek nú þann, sem Svíanna er ríkastr."

Fremur er nú farið að þrengjast á völlum þessum, og verður þar nú ekki lengur hleypt á skeið af her manns. Sér þar nú eigi grænar grundir, heldur steinlögð stræti og húsaraðir. Hlaðnir hafa verið bakkar að ánni og farvegurinn þrengdur. Fyrir löngu er alt gull Hrólfs kraka tint þaðan upp og verða Fýrisvalla búar að láta sér nú nægja með, að tína fáeina silfurpeninga úr vösum hinna fáu ferðamanna, er þangað koma, — og úr vösum stúdenta. En alment leikur þó ekki orð á því, að vasar stúdenta séu úttroðnir með peninga.

Yfir Uppsölum hvílir kyrðar- og ellisvipur, einsog elliró og hóglyndi gamals manns. Fyrir löngu eru konungar og aðalsmenn fluttir þaðan. Vakan er ekki rofin með hrópi og háreysti varðmannanna. Hinir fornu konungar hvílast — um langan og viðburðasmáan dag hins nýja siðar —; horfnir eru og allir haugaeldar.

Í fornum sið ríkti konungur í Uppsölum, er Áni hét. Varð hann langlífur mjög. Hét Óðinn honum lífi svo lengi sem hann færði honum fórnir. Loks bönnuðu Svíar konungi fórnfæringar. Dó Áni þá í hárrí elli. Er það síðan Ánasótt kölluð, "at andask verklauss af elli". Er svo helzt að sjá, sem Uppsalir hafi tekið Ánasótt, eða dragi nú

til hennar; því aldur og elli ein vernda engan fyrir hel og hrörnun.

Að kveldi þess 27. júní héldum við til baka, suður aftur, til Khafnar, og komum þangað morguninn eftir. Skip okkar ætlaði að leggja af stað þann 29. Fó, því tíminn að styttest til að búa sig undir ferðina. Dagarnir höfðu liðið fljótt, — allt of fljótt. En þakklát vorum við Svíþjóð fyrir viðmótið og veruna, fyrir sólskinið og sumarbliðuna — og bjartar nætur.

Aður voru mér öll Norðurlönd kær; nú eru þau mér sannheilagur staður. Fá lönd eiga fleiri og forn-helgari vætti en þau, og er það óskín óska mest, að aldrei verði þau svift goðmætti þeirra, né giftu feðranna, svo lengi sem þau fá lífi og bygð að halda.

IV. Heim.

§ 38. Til Skotlands. Pannig er skipaferð-
um háttað frá Dan-
mörku til Islands, að
þau koma við í útleið bæði á Skotlandi og
í Færeyjum. Er það löng töf, þeim sem
vilja komast beint til Islands frá Danmörku.
Settur er jafn farareyri hvort sem komið er
um borð í Leith eða Khöfn; er þó fullur
þriðjungur leiðar farinn, þegar komið er til
Leith. Frá Færeyjum, sem naumast verður
talinn meira en þriðjungur leiðarinnar til
Reykjavíkur, er farareyrir fullur helmingur
við það, sem hann er frá Khöfn. Eru þetta
rangindi, sem skipafélagið danska hefir lengi
í frammi haft, þó um það hafi verið kvarta-
að. Er með þessu móti ofmjög dreginn
taumur Dana og reynt að halda verzluninni
og viðskiftalífinu föstu við Khöfn með því
að gjöra hlutfalls dýrleika á öllum vöru- og
fólksflutningi við England meiri. Kemt
ekki jöfnuður á þetta fyrr en Íslendingar
sjálfir eiga skip í förum landa á millum og
ráða þar um sjálfir.

Við réðum okkur far með "Bothni";
er hún talin best skipa þess "Sameinaða",
sem í förum eru höfð milli Islands og Dan-
merkur. Tókum við farseðil fram og aftur;

var okkur ráðið til þess á skrifstofu félagsins, því með því móti gætum við fastsett okkur farþegarúm á skipinu í Reykjavík, hvenær sem við vildum fara til baka aftur, og hefðum þá forgangsrétt fyrir öðrum, er við hefðum borgað svo löngu fyrirfram. Kom þetta sér líka vel síðar.

Að morgni þess 29. júní var veður hið blíðasta og glaða-sólskin. Voru menn árla á fótum, því láta átti í haf kl. 9. Fjöldi farþega var kominn um borð snemma og mesti fjöldi hafði komið fram til að kveðja. Og var fögnuð að sjá á öllum þeim Íslendingum, er á þilfari stóðu, því nú voru þeir að halda heim, — nokkrir til veru, aðrir til dvalar sumarlangt. All-margir stúdentar frá háskólanum voru í hópnum, tveir útskrifaðir lögfræðingur og hinn góðkunni íslenzki vísindamaður, háskólakennari Dr. Finnur Jónsson.

Útsýn fram sundið var hin fegursta. Fegurð Khafnar nýtur sín fyrst, er horft er til lands. Höfnin öll sett smáum hólumum, skrúðgrænum og hervæddum, er halda eiga vörð yfir Turnaborginni frægu.. Þessir litlu hólmar eru landvættir Dana, — þeir einu, er ekki hafa flúið. Láta þeir ófriðlega til sín heyra, ef sigla á inn ránskipum, og fælast ekki, þó drekahöfuð séu eigi tekin af stafni. Ókosturinn við hina fornu land-

vætti var sá, að þeir skelfdust fyrir ófriði og fældust gapandi haus og gínandi trjónu. Var vörnin því fremur smá, og hefir svo oft viljað verða, er treysta hefir átt á landhelgina eina.

Norðan við sunnið blánaði hér og hvar til lands og hvarf það ekki fyrr en síðla dags, að komið var út fyrir Jótlands skaga. Sól og sælviðri fylgdi okkur einsog góðvinur úr garði, og alla leið til Skotlands. Var komið til Leith á þriðja degi. Það var um nónbil 1. júlí. Atti þar aðeins að hafa stundar viðdvöl. En svo gott er að heimsækja Bretann, að það "Sameinaða" gat ekki slitið sig þaðan burtu fyrr en undir kveld daginn eftir. Gafst því færi að ganga á land og horfa yfir höfuðstað Skota.

Staðurinn er forn og fræg-
 § 39. Edinborg. ur. Getur hans í lok ell-
 eftu aldar; en skömmu þar
 á eftir er hann orðinn höfuðstaður Skota. Bjuggu Skotakonungar þar ofan til daga Jakobs VI., að ríkin sameinuðust með dauða Elízabetar drottningar. Bærinn liggur hátt upp af Forth firðinum og breiðir sig upp hlíðarnar eftir hólum og hæðum. Er sagt, að í björtu veðri megi sjá yfir borgina ofan af hæðunum. Er hún talin með þeim allra fegurstu í Evrópu. En svo eru hreinveðurs-

dagarnir færri en hinir, og hefir hún því fengið auknefnið "Auld Reekie", eða "Gamla Súlda", af mistrinu, sem liggur oft yfir dalnum.

Á einum þessara hóla stendur Edinborgar kastali, konungssetrið forna. Í engu jafnast hann við kastalaborgina "London Tower", nema að legu og afstöðu, því hann stendur afar hátt og hefir verið eitt hið öruggasta vígi á sinni tíð. Illa er nú um hann gengið. Er hann notaður fyrir hermanna-skála; sum húsin fyllt með vistir, öðrum snú-ið upp í matreiðslusali eða svefnhús. Ýmsar minjar eru þar til sýnis, í hinum forna veizlusal kastalans. Gaf Wm. Nelson, bóka-útgefandinn skozki, til þess stórsé, að sér látum. Bent var gestum, sem skoða voru kastalann, á tvö herbergi í turninum, er sögð voru herbergi Maríu. Var þar gömul kona umráðandi, og sagði hún, að í innra herberginu, er var mjög þröngt og lítið, hefði María drottning alið son sinn. Enginn hafði neitt á móti þessu, því úr flestra minni var atburður sá liðinn.

Listasafnið í Edinborg er einkar fagurt; er það í norður frá kastalanum, á Princes St., helztu götu borgarinnar. Mestmegnis eru þar málverk til sýnis, flest eftir brezka mál-ara; olíumálverk ekki mörg, en fjöldinn mesti af vatnslitum. Eru þar myndir eftir

flesta meistarana brezku. Eitt málverkið var sérstaklega eftirtektavert, sökum þess, að efninu til var það frábrugðið flestu því, er menn eiga að venjast, og sýndi dyrfsku málarans, sem þó er brezkur, að taka það efni til meðferðar. Málverkið er eftir Wm. Plake, og sýnir "Guð að rita á steintöflurnar". Þó mörg málverk hafi verið gjörð af ýmsum viðburðum Nýja-testamentisins, hafa fá verið samin upp úr Gamla-testamentinu snertandi gjörðir guðdómsins.

Umhverfis Edinborg er landið einkar fagurt, iðgrænt og skógi vaxið upp á fjallsbrúnir. Þó er ekki að sjá, að það sé afar frjósamt, því víða er skamt ofan í grjótið. Er gróðurinn því meir að þakka hagsýni og elju manna en örlæti náttúrunnar. Þó er tilbreytni og fegurð náttúrunnar mikil, og hefir ávalt verið, þó nú sé á hana bætt og hún bliðkuð og siðuð með mannaverkunum, ef svo mætti að orði kveða. Hefir Skotland lengi verið girnilegt í augum fjalla- og fjarðarbúa, frá því Norðmenn fyrst fóru að sigla höfin.

Meðan dvalið var á höfninni kom um borð tónskáldið Sveinbjörn Sveinbjörnsson, kona hans og dóttir. Voru þau góðir gestir. Var próf. Sveinbjörnsson fyrir skömmu kominn heim héðan að vestan. Var hann búinn að bjóða okkur heim til sín, en við-

dvölin var svo naum, að við vorum orðin afhuga því að við fengjum að sjá hann. Hann var hress og kátur að vanda, og hugði gott til vesturfara að hausti komandi. Var Þórður sonur hans, þá dagana, að ganga undir læknaskólapróf við háskólann.

Um kveldið var lagt út af höfninni og látið í haf. Um morguninn var veður dimt og háskozkt: þoku-úði og all-mikill kaldi. Sást enn land, og bæjir norðan til á Skotlandi. Allstaðar voru fiskiskútur Skota. Flest voru það seglskip og sýndust sum þeirra ekki stór. Nokkru eftir nónbil hvarf land, og þá all-margt farþega af þilfarinu um leið. Tók veður þá mjög að versna, svo margir héldu sig undir þiljum. Sökn-uðu þá ýmsir Dr. Finns, sem þó er talinn lærðastur manna í fornaskju allri og fræðum Hrafnistumanna.

Daginn eftir var sama veð-
 § 40. Þórshöfn. ur og hélst til kvelds; en ekki fór að lækka sjó að mun fyrr en eftir hádegi þess 4., að í nánd dró við Færeyjar. Kom þá á logn, heiðríkja og blíðuveður. Um nónbilið lentum við undan Þórshöfn. Er það víst einhver sá minsti höfuðstaður og stjórnarsetur í víðum heimi. Voru þá allir komnir upp á þilfar og hinir glöðustu. Dr. Finnur sagði, að

hér sæjum við íslenzkt landslag, þó í smáum stýl væri: minti fjörðurinn á íslenzkan fjörð. Brátt komu bátar úr landi og fóru margir með þeim upp.

Bærinn er smávaxinn, en afar einkenni-
legur. Eru húsin líkust sauðahóp mislitum,
er hnappar sig þar saman á mölinni. Eru
þau með allri lögun og af öllum lit, sumt
torfhús, sumt steinhús eða timburhús. Þó
er þar hús eitt, eldra en nokkurt sem til er
í Reykjavík, eða rúmt 225 ára gamalt. All-
ar eru göturnar afar mjóar, þó ein sé nafn-
kendust og nefnd "Göngin". Eigi er hún
breiðari en svo, að ná má til húsa beggja
vegna, ef maður réttir frá sér hendurnar og
stendur í miðri götunni. Sagt er þó, að
Þórshöfnungar hafi gaman af "Göngun-
um", — finnast þau sérkennileg og þj ó ð-
l e g.

Flest hafa strætin verið skírð í seinni tíð
og bera mörg þeirra forn heiti: Sverrisgata,
Þórsgata, Óðinsgata. Þar er líka Finsens-
gata, heitin eftir Níels ljósgeislalæknir, er
fæddur er í Þórshöfn.

Við skemtum okkur meðan við töfðum
við að skoða bæinn; leituðum uppi kyrkju-
vörðinn og skoðuðum kyrkjuna, sem að
mörgu leyti er hið snotrasta hús. Gat kyrkju-
vörðurinn þess við okkur, að hér hefði Fin-
sen verið skríður, og vildi láta okkur taka

eftir því, að í Færeyjum hefði hann verið borinn, og teldist hann því eyjunum og engum öðrum. Fram til þessa hefir kyrkjan verið nógu stór fyrir þorpið, en nú er hún það ekki lengur, því í þorpinu teljast nær tvær þúsundir manna, en hún rúmar ekki mikið yfir sjö til átta hundruð manns.

Að lokinni kyrkjuskoðaninni vildum við þægja kyrkjuverðinum fyrir ómakið, en eigi var við það komandi. Vorum við nú komin helzt til langt norður. Var hann sá fyrsti, frá því við skildum við Boston, er ekki rétti snaran höndina strax móti því, er við vildum gefa. Færeyingar eru fornir í síðum.

Sagði hann, að ef við vildum eitthvað gefa, skyldum við víkja kyrkjunni því; væri nú verið að safna saman ofurlitlum sjóð til orgelkaupa. Fanst mér eg ekki vera staddur langt að heiman, er eg heyrði þetta. Með okkur voru nokkrar skozkar konur, og lögðu nú allir nokkuð til orgelkaupanna.

Fjórða Júlí hátíðina héldum við í kaffihúsi upp með Sverrisgötu. Gengum þar inn og báðum um kaffi og pönnukökur, er við fengum eftir litla bið. Séð hefi eg feitari hátíð þessa; en ekki var hægt að búast við henni betri þar, með þeim föngum, er þar voru fyrir hendi. Fórum við þá að leita uppi smámuna-búð, þar sem hægt væri að kaupa eitthvað til minja um eyjarnar, og

fundum hana þar niður við fjöruna. Heitir kaupmaðurinn Pétur Arge, og verzlaði með smíðsgripi, er hann býr til sjálfur, og svo myndaspjöld af merkum stöðum á eyjunum. Var kaupmaður þungbrýnn en stillilegur, dökkur á brún og brá, fámáligur, eigi ólíkur því sem maður hugsar sér Þránd í Götum. Öll var smíði hans nett og hagleg; voru það mest hnífar og rýtingar, tréskálar og skeiðar. Óskaði eg síðar, að jafn haglega gjörðir hlutir og þessir, auðkennandi Ísland, hefðu verið til boðs í Reykjavík í stað skinnskónna, er otað er þar að ferðamönnum og sæmdarlaust er fyrir land og þjóð, að til sýnis séu hafðir í útlöndum.

Nú var ekkert annað eftir, en fá einn eða tvo harðfiska, áður en farið væri til skips. Þetta var fyrsti staðurinn, þar sem hægt átti að vera að fá þá vöru. Varð þó allmikil leit úr því og gengum við úr einni búð í aðra og urðum svo búð að hafa. Komum við loks í búð til factors, er Olson heitir; er hann danskur. Hann er gamall maður, rauður í andliti, feitur og digur. Fæðist hann allur á hjól við komu okkar, en ekki hafði hann fiskinn. Hljóp kona hans í kofana þar í kring, að vita, hvort ekki fengist fiskurinn, en kom svo búin. Tróð þá faktor Olson upp á mig nafnspjaldi sínu og sagðist myndi hafa nægan fisk að mánuði liðn-

um; skyldi hann þá senda mér bagga til Lundúna, því hann vildi ekki annað heyra, en eg væri enskur og ætti þar heima, þó eg segði honum að svo væri ekki. Gengum við þá ofan til bátar fiskilaus. En kaupmannsfrúin hafði haft allar kerlingar á kreik og út úr kofunum, — en nú var orðið síðla kveldsins, um elleftu stund. Var því raðað kerlingum beggja megin stígsins alt til strandar. Voru þær að skygnast eftir, hvort við hefðum fengið fiskinn. Loks í götu-botninum stóð kerling og hélt á tveimur spyrðuböndum. Hún var fornbýl sú gamla. Hægðist nú hinum við að sjá það, því svo var helzt að merkja, sem þær héldu að orðstír Færeyja væri í veði, ef við færum fisklaus til skips.

Nokkrir Englendingar urðu varir við fiskiupphlaup þetta. Höfðu þeir gaman af, og er við komum fram, spurðu þeir, hvernig fiskikaupin hefðu gengið. Létum við vel yfir. Einn Hollendingur var þar líka. Vildi hann sem hinir sýna fyndni sína, og segir að harðfiskur sé víst kostaréttur Íslendinga, hvar sem þeir húi, og muni mér bragðast vel á fiskinum. Gamanið var ekki með öllu græskulaust, og hélt eg með sjálfum mér, að Flandranum færist ekki. Kvað eg já við og sagði, að sýnu betra þætti mér þefurinn og bragðið að harðfiskinum, en að ostinum fræga, með mörgu götunum.

Kveldið var hið fegursta. Fjörðurinn spegilsléttur, loft heiðskýrt og nóttin björt. Fyrnindi öll af vörum voru flutt í land, og grúi af Færeyingum, bátum þeirra og belgjum um borð. Ætluðu þeir að búa á þilfari, þar til komið væri til Seyðisfjarðar, en þang að voru þeir að fara til fiskjar. Uppskipun og framskipun gekk scint. Kl. var orðin tvö um nóttina áður öllu var lokið. En sami kveldlitur á lofti og bjart. Eyjamenn störfuðu strangan við að koma öllu sínu dóti um borð. Þeir gengu hoknir og hljóðir að verki; allir voru þeir vaðmálsbúnir, með skotthúfur á höfði og í háum sokkum. Töluðu þeir fátt, en unnu þeim mun rösklegar. Mjög fanst mér þeim svipa til íslenzkra bænda, í limaburði og látbragði ekki sízt: hljóðir, alvörugefnir, yfirlætislausir. Þeir eru frávillingar einsog vér, hraktir burt úr heimi framfaranna, út af alþjóðavegum, út á smáeyjar, þar sem þeir hafa orðið að hafast við í meira en þúsund ár; — grein hinnar norrænu þjóðar, undir römustu álögum, dæmd til að flytjast fram á eyðikletta í hafinu, búa þar öld fram af öld, sjá ekki til tímans, og breytast ekkert um óminnisaldur.

Þó hafa áлага-eyjar þessar komið all-vel við sögu. Allir muna enn Þránd í Götum í Austurey, þann vitrasta, hygnasta og mesta stjórnmálamann eyjanna í fornri tíð, er

lengst varði þetta ættland sitt, fyrir frelsis-
skerðing og konungs ánauð, þótt um síðir
bæri hann lægra hlut. Með kænni og þraut-
seig:i mótspyrnu, að geta náð því að verða
sjálft sögu-táknið, um óyfirstígan-
lega erviðleika og torfærur — "Pránd-
ur í Götu" — er með sæmd að vinna
til helgis og ódauðleika, — kórónu lífsins.
Sagan getur ekki um "ljónin á veginum", en
Prándur í Götu er illur hængur of-
metnaði konungs- og kyrkjubjóna.


Frá eyjum þessum tekur sig upp ungur
maður, er þar var alinn og uppfæddur og
lært hafði klerkdóm af móðurfrænda sín-
um, flytur til Noregs, brýzt þar til ríkis og
gjörist þar konungur, — yfirstígur óþroilega
erviðleika og mannaunir, — Sverrir Sig-
urðsson —, alt vegna þess, að hann dreymdi
draum, að hann væri til ríkja og mannafor-
ráða kjörinn, og draumurinn varð að rætast.
Draumaþjóð hafa þessir útlagar verið, á At-
lantseyjunum, dreymt það, sem þeir ekki
fengu að sjá — hinn stóra heim, hallir og
hirðskara, þó eigi auðnaðist nema einum að
sjá draumana rætast.

Við kvöddum þetta innra Ísland um kl. 2
um nóttina, og gengum til náða. Veðrið
var jafn fagurt. Tunglið hafði nú fært sig
upp og klifrað yfir eyjarnar að austan. Það
var rautt og þrútið í framan. Ekki tókst því



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

að auka mikið á birtuna þar á vöginum. Því albjart var fyrir.

Morguninn eftir sá ekki nema opið haf. Veður var drungalegt og sjór úfinn. Næsta morgun var okkur heitið því að ná heim.

Eigi var marg-
§ 41. "Trúin og vísindin". förlut á þilfari
um daginn; ekki

laust við rigningu og stinnur stormur á móti, svo lágu þar í kös þeir Færeyingar, er ekki kúrdur niður í lest. Á aðra hlið varð ekki gengið, því bátum þeirra hafði verið raðað yfir gangveginn; hinum megin sátu þeir innanum þvílíkt ógrynni af sútuðum skinnbelgjum, er þeir höfðu með sér og nota við veiðarfæri sín. Belgir þessir voru ekki sem fegurstir; á báðum endum bikaðir tréteglar, er belgirnir voru negldir í.

Ensk kona var á skipinu, og kom um borð í Leith. Var hún búin að segja farþegum af ferðalögum sínum; hafði hún ferðast upp um Sviss og suður um Balkanskaga. Lét hún mikið af því, hvað það væri "rómantískt ferðalag". — En konan var hnigin að aldri og ógift. — Einkanlega kvaðst hún hafa verið hrifin af hjarðlífi og einfeldni anda þeirra Svartfellinga og fjallabúa þar syðra. Sagðist hún hafa ferðast þar ein á meðal þeirra,

gist í kofum þeirra upp um fjöllin, og þegið þar beina: súra mjólk og steikt brauð. Nú sagðist hún vera að fara til Íslands. Ferðaðist hún þetta í þarfir vísindanna, því hún væri grasfræðingur. Enginn spurði hana að heiti, en hún var kölluð: 'Sú Bláklædda', því hún gekk í bláum fötum, með stóran bláan hatt á höfði, og fyrir hann hengd blá slæða.

Um morguninn er hún uppi á þilfarinu og verður starsýnt á Færeyinga og belgi þeirra. Var þar fátt manna, er hún gat náð tali af; kemur hún þá til mín og fer aftur að rifja upp, hvað hún hafi dáðst að þessu einfalda fólki á Suðurnesjum Evrópu, er búi þar útilokað frá heiminum, óspilt af allri hinni svokölluðu siðnienningu síðari tíma. Sagðist hún líta svo á, að Færeyingar mundu svipaðir þessu fólki; þeir byggju á fámennum og afskektum eyjum úti í hafi og hefðu því lítinn samgang við heiminn. Hvað hún það all-mikið ánægjuefni, að enn fyndust þó leifar frá bernskuárum mannkynsins, þó komið væri fram á tuttugustu öld.

Játti eg því.

“Hvaða hlutir eru þetta, sem þeir hafa með sér þarna á þiljunni, eg hefi verið að brjóta heilann um það í allan morgun?” spyr hún svo. — Eg setti upp spekingssvip og sagði þetta væru vatnsílát þeirra, er þei-

geymdu í drykkjarvatn sitt, og hefðu með sér til sjávar. Gæti hún nú séð skinnbelgi þá hina fornu, samskonar og getið væri um í ritningunni, og notaðir hefðu verið endur fyrir löngu í Gyðingalandi undir vín og aðra vökvun. — "Hve undursamlegt"; og nú segist hún fyrst skilja, hversu þau hafi verið þessi frægu skinn-ílát, er sagt sé frá í Nýjateamentinu. Alveg sé það furðuvert, að enn skuli geymast fornaldarheimurinn hér norður í höfum, og hefði hún þó mátt geta sér þess til. — Ekki skýrði eg þetta frekar, og ætlaði að lofa henni að færa þessa fræði í letur, í þarfir vísindanna. En undursamlegt fanst mér það ekki vera, ef nokkur hefði reynt að drekka úr þessum belgjum og troða upp í sig með nauðung tréteglunum, hnefa digrum og öllum tjörguðum.

Þá var þar einnig á skipinu útlenzkur prestur. Hann var maður fremur stór vexti, afar langleitur og nefhvass, með stór bláhvít augu, sognar kinnar og rauðbláan hörundslit. Hann gekk með gleraugu. Hann neytti lítils matar, var þó alloftast á fótum, og talaði mikið við sjálfan sig. Hann bar algengan enskan prestabúning, — var í öfugu vesti og hneptum kraganum að aftan. Ekki talaði hann nokkurt það mál, er á skipinu skildist. Voru margir á því, er eftir honum tóku, að hann myndi vitlauss vera. —

Hvað hann hefir ætlað upp til landsins að gjöra, skildu menn sízt í. Hann gat hafa verið í trúboðserindum; en þá var til alle getið. En hvert svo sem erindið var, þá hefi eg aldrei séð þvílíkan prest, og er þó margur fuglinn fagur!

Það smástyttist í hafi. Þó ekkert hefði annað verið, var það hreinasta tilhlakk að komast í land og losna við þá Bláklæ du og prestinn, — trúna og vísindin. En svo var tilhlökkunarefnið stærra og meira. Því til þess var ferðin farin, að fá að sjá þær stöðvar, er nú var siglt til.

— — —

Laugardagsmorguninn 6.

§ 42. í Landsýn. júlí var veður hið fegursta, — hreinviðri og lofn; voru menn árla á fótum. Var nú komið í landsýn. Við vöknudum við umganginn og mannamálið uppi á þilfarinu. Allir voru komnir á skrið. Fórum við að hafa okkur á fót líka. Meðan eg klæddist horfði eg af og til út um gluggann. Við vorum þra megin í skipinu. Skriðum við nú inn með háu og hrikalegu hamrabelti, er bar bláan og gróðurlausan lit, í fjarlægðinni, en litkaðist og grænkaði eftir því sem nær dróg. Hér og hvar lágu eftir því hvítar lengjur, er taka virtust ofan í sjó.

“Hann hlýtur að tafa snjóað í nótt”, sagði mágkona mín, um leið og hún snöri sér frá glugganum og gekk út.

Tafið var skamt við morgunverðinn, því hið “Sameinaða” hafði gleymt að setja á borðið um morguninn. Allir farþegar voru uppi á þiljum og horfðu til lands. Þrengdist nú fjörðurinn eftir því sem innar dró. Svo skamt var til lands, að telja hefði mátt stráin á berggrimunum til beggja hliða. Auðséð var, að ekki vorum við nú stödd við Færeyjar; landsýnin tröllsleggri en svo; og ekki heldur við Skotland, landið gróðurminna en svo og mannvirkin engin. Þetta var Ísland og siglt inn Seyðisfjörð.

Í miðri þrönginni á þilfarinu stóð Dr. Finnur og var hinn kátasti. Varð honum nú ekki undankomu auðið, frá myndatökuvélunum, er miðað var á hann úr öllum áttum. Var hann hinn ljúfmannlegasti, í öllu viðmóti, og ávarpaði alúðlega hvern sem á hann yrti. Kvaðst hann ávalt verða alheill, hversu sem veður væri, þó ófrískur væri, þegar til Íslands sæist. Er hann sannur Íslands vinur og góður sonur vorrar gömlu þjóðar. Hann hefir ekki einasta getið landi sínu frægð meðal fjarlæggra þjóða, með lærðómi og hinum afar afkastamiklu ritstörfum sínum, heldur mun þess líka leitun, að fund-

inn verði hreinni og meiri hlýleiki til lands og þjóðar, en hjá honum býr. — — — —

Lengi hafði mig langað til að sjá Island; sterkari va. sú löngun framan af, en nú síðari ár. Eg fór að gjöra mér grein fyrir því, að sá mundi eiga ervitt með að lifa sig inn í landið, er þaðan flyzt óvita aldurs. Olla því minningar yngri árána, sem knýttar eru við sérkenni landsins og þeirra staðhátta, sem maðurinn elst upp við, er áhrif hefir á skynjun og dómgreind síðari ára. Það eina, sem aftrar því að það land — f ó s t u r - l a n d i ð — verði honum fullkomið föðurland, er sögnin og vitneskjan um, að hann er þar gestur og aðkomumaður, ættlandið í annari álfu.

Aftur á móti, hinar óljósu minningar frá ættlandinu, hversu sem þær kunna að hafa skýrst við frásögn eins eða annars, eru eigi nógu þróttmiklar til þess að mynda lifandi samband milli landsins og þess týnda sonar. Ættlandið verður ekki föðurlandið, — heldur hugsjóna-landið, sem rís í hillungum úr hugmyndahafi sögu og sagna. — F ö ð u r - l a n d i ð er t a p a ð, fyrir fult og alt.

Til forna voru menn seiddir til fjalls eða fjöru. Komust þeir við það í hin römstu álög, svo eigi máttu þeir þreyja þaðan í frá í áthögunum. Úr þeim álögum komust þeir eigi fyrr en undir skapadægrið.

Álögin eru í rauninni ekkert annað en útflutningurinn. Sá, sem flyzt út á unga aldri, kemst í álög, missir sitt föðurland, eignast það aldrei aftur, — kemst aldrei úr álögnum.

Það voru liðin tuttugu og níu ár frá því eg fór af Íslandi, — var þá borinn um borð, upp kaðalstiga á "Camoens". Nú var eg kominn heim aftur, og það meiri maður sem eg var eldri, að eg gat hjálparlaust gengið í land.

Arnljotur B. Olsen

Skipið lagðist við § 43. Landtakan. bryggjuna kl. 7. Gjört var ráð fyrir, að staðið yrði við fram yfir hádegi, — meðan skotið væri út bátum Færeyinga og flutningi þeirra, ætluðu þeir nú ekki lengra að fara, — affermdur póstur og annar varningur, er í land átti að fara. Viðdvölin varð þó nokkru lengri, því ekki var farið af stað aftur fyrr en undir kveld. Tveir menn voru á bryggjunni að fagna skipkomunni — eða hirða um póstin. Höfðu þeir með sér hest og tvíhjólaða kerru. Hélt eg fyrst, að þetta væri hótelvagninn; — sá þó gjörla eftir á að svo gat ekki verið, er farið var að hlaða á hann öllu, er kornið varð af gráum sekkjum.

Fóru nú allir farþegar í land. Þetta var fyrsta landtakan, og þó fátt væri þar manna að fagna gestakomu, sýndi Ísland aðkomumönnum allan blíðskap, og fríðari morgni man eg ekki eftir. Landið var fagurt, himinn heitur og hafið — það var skínandi bjart! En helzt of snemma var gengið upp í kaupstaðinn, því víða var ekki komið á fætur. Við spurðum uppi pósthúsið, — höfðum engar fréttir haft að vestan í nærri tvo mánuði, en hugsuðum, að ef skilinn yrði póstur, gætum við náð til bréfa, er við áttum von á, er annars yrðu send til Reykjavíkur. En vonin brást, póstur hafði verið skilinn í Leith.

Pósthúsið heldur Þorsteinn Skaptason; er kona hans Þóra, dóttir síra Matthíasar Jochumssonar. Mjög eru þau hjón mannvænleg, einsog þau eiga kyn til að rekja.

Hjón ein þektum við á Seyðisfirði, er verið höfðu hér vestra, Vigfús Kjartansson og Guðrúnu Ólafsdóttur frá Firði. Meðan við vorum að spyrja uppi bústað þeirra, gengum við inn í búð þar á "Öldunni". Tveir menn fylgdu okkur eftir; á þeim kunnum við engin deili, hafði eg spurt þá eftir bústað Vigfúsar. Könnuðust þeir við hann, en það heyrði eg strax á þeim, að öfund lék á honum, fyrir "peningana, sem hann kom með að vestan".

“Hveinig líður honum?”

“Því skyldi honum ekki líða vel, hann lifir á peningunum, sem hann kom með að vortan. Þið gjörðuð hann svo andsk. . ríkan þar”, sögðu þeir. Mikla gangskör gjörðu þeir að því, með óteljandi spurningum, að fá að vita öll mín deili, efnahag og atvinnu. Reyndi eg að haga þannig svörum, með lipurð og allri kurteisi, að þeir skildi við okkur engu fróðari; en það örfaði þá við yfirheyrzluna enn meir. Hafði eg hálf gaman af, og þó sannast að segja fundust mér slíkar spurningar og forvitni lera fremur vott um ósið og ósvinnu, en að menn kynnu sig. Hrygði það mig, er eg fann vott víðar hins sama.

Haft hefir það verið í hrakyrðum um Íslendinga, að gjarnt sé þeim til að blanda sér inn í annara sakir, þó eigi séu menn til að hirða um sínar eigin. Ef löstur sá er við þá fastur, má þá ekki sanulega benda þarna á vanann og smekkleysuna, er hafa skapað hann?

En búðarhaldarinn vísaði okkur á bústað Vigfúsar. Voru þau hjón heima og þágum við þar hinn bezta þeina. Bættum við nú upp, hvað tregur hafði verið morgunskatturinn hjá því “Sameinaða” og settumst nú að íslenzkum snæðingi. Fyrsta máltíðin

á Íslandi, alíslenzkur matur, í húsi hjóna, er við höfðum kynst fy ír vestan haf!

Að mörgu leyti bótti mér frítt um á Seyðisfirði, þó mjór sé fjörðurinn og undirlendið lítið. Fjöllin eru há og tíguleg og friðsælt við fætur þeirra.

Haldið var af stað aftur seint um daginn. Fjöldi hafði bæzt við á skipið. Ætlaði fólk þetta sumt til Akureyrar, sumt til Reykjavíkur. Skamt var nú til Alþingis, og höfðu tveir þingmenn komið um borð, — Dr. Valtýr Guðmundsson og síra Björn Þorláksson. Talað var nokkuð um þingmál þar á þilfari um kveldið, en hitalaust. Eitthvað var minst á "Þræðing" og aðslutningsbann. — Hefði svipaður hópur verið á ferð hér vestra á leið til þings, hefði pólitíkin orðið háværi en hún var á Bothníu um kveldið. En svo er nú ekki orðgnægðin ætíð til alls.


Við höfðum ætlað okkur í land í Húsvík, því ferðinni var fyrst heitið upp í Suður-Þingeyjarsýslu, upp í Aðaldal. En vafi lék á því, hvort komið yrði þar við. Til allrar hamingju þurfti sýslumaður Þingeyinga að komast um borð og suður til Alþingis. Barst oss sú gleðifrét, er farið var frá Seyðisfirði.


Er kvelda tók og norðar dró, féll yfir þoka, svo eigi sá skýrt til lands. Var því

eigi eftir neinu að vaka, þó húið væri að ráðgjöra það, unz komið væri fyrir Langanes.


Það var snemma um § 44. A Húsavík. morguninn, að beygt var inn á fjörðinn fram undan Húsavík. Mótorbátur beið skipsins frammi með þeim, sem ætluðu að komast um borð. Fórum við nú að hafa okkur til ferða og 'kveðja' hið 'Sameinaða' og koma farangri okkar fram í bátinn. Eigi yrtum við á neina, er fyrir voru í bátnum, og gjörðum við það af leik, til þess að vita, hvort nokkur yrði til þess að yrða á okkur að fyrri bragði, eða kannast við íslenska svipinn. En svo var eigi. Við urðum að rjúfa þögnina, er komið var í land og biðja fyrir, að farangri okkar væri til skila haldið yfi á gestgjafahúsið. Litu þá bátsmenn upp stórum augum og spurðu, hvort við fæmum frá frá Ameríku. Játtum við því. Fór sú saga fljótt um bæinn, og gat eg ekki eftir því komist, hvort bæjarmenn töldu það hersögu eða friðarfrétt.

Gestgjafahúsið er ágætis gistiastaður. Ræður fyrir því Sigurjón Þorgrímsson, Bárðdælingur að ætt, mesti myndar- og snyrtimaður, — áttum við þar góðan dag og gisting um nóttina. Nokkrir Englendingar voru þar þá







11.—Brúðarför i Klakksvík í Færeyjum.



13.—Húsavík, í Þíngeyjarsýslu, bls. 160





fyrir, er við komum; höfðu þeir verið að skemta sér við veiðar upp um Laxárdal. Í fylgd með þeim voru þau hjónin frá Halldórstöðum, Páll og hin skoška kona hans Elizabet. Er hún að líkindum eina brezka sveitakonan á Islandi. Hefir hún nú búið uppi í Laxárdal um tuttugu ár. Gekk hún í íslenskum sparibúningi, talaði íslenzku sem innfædd væri, og söng mæta vel — íslenzkar vísur og kvæði. Sagði hún okkur, að enn væri sér þó enskan tamari en íslenzkan, þó lítið væri um hönd höfð, nema þá helst á sumrin, er útlendinga bæri að garði.

Fyrsta verk okkar, eftir að komið var á gistihúsið, var að síma upp að Ytrafjalli og fá komið boðum til Jóhannesar Þorkelssonar á Syðrafjalli, að biðja hann að vitja okkar. Leið ekki á löngu að við fengum þá orðsendingu aftur, að okkar yrði vitjað daginn eftir. Fundum við þá fyrst, og þó oft síðar, hve mikil þægindi síminn veitir á Islandi, einsog þar til hagar. Mun seint verða til verðs metinn sá tíma og verksparnaður, er hann skapar, auk þess sem hann lyftir landinu upp í tölu þeirra þjóða, er yfir eiga að ráða helztu menningartækjum nútímans. Hverjum framför þessi er að þakka, er á allra vitund, — mannum, sem mest er vanþakkað það, sem hann hefir bezt gjört, öll framfara-viðleitnin í landsmálunum, ráðherra Hannesi Hafstein.

Það var sunnudagsmorgun, er við komum til Húsavíkur. Langaði okkur til að vera við kyrkju fyrsta daginn, er við töfðum á Íslandi. Taldi eg víst, að þangað sækti öll kaupstaðarsveitin, hefði gaman af að hreyfa sig út úr húsunum í jafn góðu veðri. Embættisgjörð byrjaði um hádegi. Lögðum við af stað er byrjað var að hringja. Kyrkjan er nýtt timburhús, einkar snoturt. En fremur var autt um að litast, er við komum þar inn. Messa var rétt að byrja. Eg kastaði tölu á messufólk: að öllu meðtöldu og prestinum líka voru þarna samankomnir 25 manns, eða sálir, einsog þeir segja á Íslandi, — en eg var alls ekki viss um, að sálirnar væru svo margar. Tuttugu og fimm manns, að prestinum meðtöldum! Af þeim hóp voru níu gestkomandi. Einn þessara níu var Hollendingurinn, er upp kom með okkur. Skildi hani ekki eitt einasta orð, er fram fór.

Mér sýndist strax og messa hófst, færast þreytu- og værdarsvipur yfir þá, sem inni voru, — alla nema Hollendinginn, hann var glaðlegur og hress. Óx það að mun, er á leið messuna, og komst í hámark undir guðspjalli. Hefi eg og aldrei heyrt slíkan tón! Hélt dvalinn sami undir prédikun. Reyndi eg að fylgjast með ræðunni, en gat það ekki, — eg skildi hana ekki. Þess kon-

ar ræður og rit fær enginn skilið, er ekki hef-
ir átt kost á, að kynna sér sögu og samtíð
höfundanna áður. En til þess hefði eg orð-
ið að vera fornfræðingur.

Eg reyndi að hafa augun af messufólkinu
og horfa á Hollendinginn, eða út til dagsins
bjarta, er fyrir utan beið kyrkjuna. Vesal-
ings Hollendingurinn! — Eg fyrirgef honum
það, sem hann sagði um fiskinn. — Þessi
bjarti eldstólpi í eyðimörkinni, í kyrkjuni á
Húsavík.

Morguninn eftir vorum við í heimboði hjá
síra Benedikt prófasti Kristjánssyni frá
Grenjaðarstað. Hefir hann nú sagt af sér
prestsskap eftir nærfelt 40 ára þjónustu og
býr nú á Húsavík og gegnir þar póstmestara
störfum. Hann er maður á efra aldri, um
sjötugt, en ern og fjörugur, víðsýnn og við-
feldinn í skoðunum og einkar vinsæll. Eru
þau hjón mjög ástsæl þar innan héraðs,
enda er kona hans hin mesti öðlingur. Í
sókn hans bjuggu tengdaforeldrar mínir fyr-
ir tuttugu árum, áður en þau fluttu af Is-
landi. Var kona mín ein af fermingarbörn-
um hans, — fermd með biskupsleyfi vorið
sama, sem foreldrar hennar fluttu vestur;
mundu þau hvort eftir öðru og tók hann
þeim systrunum einsog hefðu þær verið
dætur hans. Skirt hafði hann þær báðar
og systkini þeirra — Gestkomandi voru þar

um morguninn Guðm. Friðjónsson á Sandi, kona hans og Jóhannes Þorkelsson á Syðra-fjalli, er kominn var að sækja okkur og flytja heim til sín.

Fremur þótti mér fallett á Húsavík. Er bæjarstæðið prýðilega ræktað, svo það má heita eitt iðgrænt tún. Mörg íbúðarhúsin eru reisuleg, þó innanum og einkum vestan til í bænum standi enn torfbæjirnir. Efna-hagur manna mun vera þar í ámóta lagi og í öðrum kaптúnum landsins: um engan auð að ræða; afkoma all-flestra sæmileg, þó einstöku lifi við sára fátækt. Atvinnuveg-irnir eru heldur ekki fjölbreytilegir: sjávar-útvegurinn og kaupavinnan uppi í sveitinni.

Við urðum síðbúin um
 § 45. í Aðaldal. daginn. Það var komið
 undir kveld, er við
 lögðum af stað upp í Aðaldal. Kistur okk-
 ar skildum við eftir og mæltum svo fyrir, að
 þær yrðu sendar með fyrstu skipsferð til
 Reykjavíkur, en töskur tókum við með okk-
 ur. Fór nú ferðalagið að stirðna og gam-
 anið að grána, að eiga að fara að ríða um
 landið. Þó vildum við eigi láta á því bera,
 að okkur væri eigi sama um þau ferðataeki,
 en ekki höfðum við á hestbak komið áður.
 Eigi er heldur mikið gæðingaval í Þingeyjar-
 sýslu. Sýslan er fremur hestfá og fátt góðra

reiðhesta. Með mestu slægð reyndum við að komast eftir, hve lengi riðið væri frá Húsavík inn til Syðrafjalls, en engum bar saman. Sögðu sumir á þremur kl. tímum, en aðrir sögðu það vera fimm tíma lesta-gang. Gjörðum við ráð fyrir að fara heiðarleið þessa á fjórum tímum, og myndum við þá halda fullum virðingum.

Ágætur vegur hefir verið hlaðinn upp frá Húsavík inn Aðaldal. Er hann einsog akbrautir eru beztar hér í landi, ef örlítið væri hann breiðari. Eigi var vegurinn fullgjörður inn dalinn; náði hann ekki nema til Ytrafjalls, en þar var verið að vinna við hann. Stýrði verki því Páll skáld Jónsson frá Akureyri.

Það var komið fram á nótt, er við komum til Syðrafjalls og fórum við ekki fram úr áætlun. En veður var hið blíðasta, og rökkvaði ekki, þó daginn liði. Mættu okkur hinar alúðlegustu viðtökur. Stirðnuðum við af hestunum og vildi eg lítt nota sæti, er sett var mér til boða; sagði sem var, að eigi væri eg gangmóður, því nú hefði eg helzt til lengi setið.

Rúm- vikur töfðum við á Syðrafjalli hjá mágfólki okkar, og gjörði það okkur alt til ánægju, þó annatími væri mikill. Var túna-sláttur rétt byrjaður, er við komum þangað.

og var koma okkar engin verkadrýgindi. Þó fór Svava, tengdasystir mín, með okkur fram og aftur um dalinn. Heimboð áttum við að Sandi. Riðum við norður þangað. Liggur leiðin fram hjá Hraunkoti. Þar bjuggu tengdaforeldrar mínir allan sinn búskap á Íslandi og bygðu þau upp bæinn. Var hann með sömu ummerkjum og þau skildu við hann. Lögðum við því leið þangað heim til að skoða hann. Búa þar nú bræður þrír, Halldór, Jónas og Armann, Þorgrímssynir. Eru þeir bræður Sigurjóns gestgjafa á Húsavík. Þágum við þar hinn bezta beina, og eftir nokkra viðdvöl héldum við áfram og riðu þeir bræður með okkur út að Sandi.

Var Guðmundur heima og fagnaði okkur í hlaði.

Sands bær er einn með eldri bæjum þar í dalnum, — stórar bæjardyr og löng göng til baðstofu. Standa hús þó allvel. Eigi virtist mér efnahagur þeirra Sandsfeðga meir en í meðallagi. Eru þeir að kaupa jörðina. Hefir hún nú verið færð töluvert upp við hið eldra mat hennar, fyrir það að þeir hafa bætt hana stórum. Fá þeir þannig launuð verk sín einsog fleiri leigubændur á Íslandi.

Heldur heyrðist mér á Guðmundi, að hann langa til að skjótast snöggva ferð hingað

vestur; fara hér um hygðir og kynnast mönnum. Hélt eg við hann að slík ferð myndi mega takast og verða honum ódýr. Hefðu flestir Íslendingar vestra gaman af að heyra hann og sjá, og eigi myndi þeir verða dýrir á greiða. Mun þó efnahagur hans heldur hamla slíku ferðalagi; þó hins vegar væri það ekki nema ánægjulegt, að málsmetandi menn að heiman gætu tekið sér þesskonar ferð á hendur og komið hingað í kynnisför. Myndi það færa Ísland að ýmsu leyti nær okkur, en nú er það, og við hér öðlast við það betri skilning á ýmsu, sem þar er að gjörast. Svo gæti það leitt til hagnaðar fyrir þá sem heima sitja líka. Það er alt of lítið um utanlandsferðir meðal þjóðarinnar til að leita sér fróðleiks og þekkingar, er að haldi mætti koma heima, í verklegum efnum.

Eigi væri það nema ánægjefni, ef bygðir Íslendinga hér vestra gætu orðið til þess að skapa þessar millilanda-ferðir. Erum við nú orðin svo á vegi stödd hér vestra, að við gætum boðið manni að vera, ef til okkar kæmi. Svo mjög hefir nú skipast síðari ár, síðan erviðleika árin fyrstu hurfu og álfan hér vestur um var lítið hygð. Trúað gæti eg, að tíðar ferðir heimanað gætu komið að meira gagni, en þó álega væru austur sendar nokkrar peninga upphæðir.— Enginn fer svo að heiman, að ekki færi hann

heim með sér aftur ýmsa nýrri þekkingu. Ofan á þekkingunni byggir framförin, sem þjóðinni er svo afar nauðsynleg, vilji hún reynast köllun sinni trú, "að elska, byggja og treysta" á landið".

Peningarnir héðan ganga til kaupmannsins, - - fyrir danskan mat, er engi verulega saðningu veitir, en tælir hugann þangað burtu, sem þeir koma frá, þar sem þeir eiga að liggja í haugum, einsog sandur á sjávarströnd. Þeir vekja trúleysi og vonleysi á landinu og iðreisn þess, vegna þess, hve ervitt gengur að afla auðsins heima, með hinum úreltu vinnubrögðum og tilkostnaðarsömu jarðrækt. Vonleysið étur um sig: Ekki er lifandi á landinu, og betra að vera þjónn í útlöndum, þar sem peningarnir eru nógir, en eigin herra á Íslandi.

Aftur á móti myndi ferðalög til útlanda eyða þeim sjónhverfingum og vekja löngun til að gjöra eitthvað svipað heima og ferðamaðurinn sér fyrir sér haft erlendis. Þótt forfeður vorir væru menn miklir um alla hluti, getum vér tæplega átt von á því, að menning þeirra og verkleg þekking hafi verið svo langt á undan samtíðinni, að hún sé niðjum þeirra nægileg, eftir að komið er fram á tuttugustu öld.

Hversu með okkur Guðmundi samdist, þarf eg ekki að greina. Eitthvað fann eg

að ritmíðum hans um kyrkjumál vor hér vestra, og játaði hann, að þar hefði hann verið full ókunnugur. Kom mér til hugar, að slíkt hið sama hefði hann getað sagt um afskifti vor hér vestra, af stjórnmalunum heima. En á því lét eg ekki örla, því þá hefðum við verið mát. Er hann hinn glaðasti og gestrisnasti heim að sækja, ræðinn við gesti, og fróður um margt. Vel máli farinn, falslaus í viðmóti, hreinlyndur í svari, altíðlegur og ófeiminn. Dökkhærður og gráeygður, meðalmaður á hæð, grannvaxinn og hvíkur á fæti.

Að Ytrafjalli komum við nokkrum sinnum, þó dvölin væri ekki löng í dalnum. Er Indriði Þorkelsson í tölu hinna nafrkunnu Aðaldælinga, skáld gott og í tölu hinna meiri fræðimanna í bænda röð. Eru þeir frændur hann og Guðmundur á Sandi. — Símastöð er á Ytrafjalli og er Indriði síma-stjóri; en betri virðist starfi sá til útdráttar en aðfanga, þeim sem hefir, ekki sízt þegar húsbóndi verður sjálfur að gegna síma fyrir þá sem koma og leggja niður verk við hvað sem hann er að gjöra. Ber stundum við, að frátöfin getur orðið nokkuð löng, og þótt dagur sé langur á Íslandi um hásumarið, kemur þó að lokum nóttin, þegar enginn getur unnið.

Svo vildi töfin verða síðasta skiftið, er

eg kom að Ytrafjalli. Fór eg þeirra erinda, að síma vestur í Skagafjörð.

Meðan eg tafði við símann, komu þangað síra Helgi Hjálmarsson, frá Grenjaðarstað, og Magnús Þorarinsson tóvélastjóri, frá Halldórsstöðum í Laxárdal. Var nú farið að tala um Ameríku. Spurði Magnús eftir vélum og verkfærum, er notuð væri við jarðyrkju vestra; en síra Helgi eftir ýmsum mönnum, og þó mest um kyrkjumál. Fórum við ekki af stað fyrr en undir kveld; gekk síra Helgi með mér til Syðrafjalls, en teymdi hestinn. Spurði eg hann eftir, hversu gæfist brauða-samsteypa, og lét hann lítið yfir. Hallaði það ekki skoðun þeirri, er eg hafði um það haft áður.

Brauða-samsteypa á Islandi var gjörð í því augnamiði, að fækka prestum í landinu. Einsog áður var, þóttu sum brauðin óþarflega létt, önnur of lítil og prestar of margir. Var einhver hæfa fyrir því, eins og tilhagaði á stöku stöðum. Hefir tveimur, þremur og jafnvel fleiri prestaköllum verið slegið saman í eitt, eftir því sem þau hafa losnað. Af þessu hefir leitt það, að nú eru prestaköllin orðin svo stór, að ervitt er fyrir prestinn að inna af hendi þá þjónustu og heimsóknir, er áður tíðkaðist. Getur hann búið um all-langan tíma í brauðinu,

án þess að verða verulega kunnugur helmingi sóknarmanna sinna.

Hvílík áhrif það hefir á kyrkjulíf í sókninni, er auðsætt, einkanlega þegar við það bætist, að prestinum er fremur ætlað að stunda bú en bænagjörð. Þegar brauðunum var steipt saman, sást yfir með það, að brauðstækkunin hefði í för með sér meiri vinnu, er helzt útheimti, að presturinn gæfi sig allan við embættinu. Hefði honum því ekki átt að vera ætlað að stunda bú jafnframt. En eigi voru launin hækkuð, svo að hann mætti missa þá aðstoð, sem búið veitir. Hlýzt það því af, að hann vanrækir að nokkru hvorttveggja — búið og embættið, tefur það hvað fyrir öðru.

Grenjaðarstaða prestakall tekur nú yfir fjórar sóknir, er sérskildar voru ofan að árinu 1860, — Grenjaðarstaða-, Múla-, Nes- og Helgastaða-sóknir. Er þó víða verr en þar, hvað vegalengdir snertir.

Fyrir tilmæli Guðmundar á Sandi og þeirra Þorkelssona flutti eg messu í Neskyrkju, sunnudaginn 14. júlí. Var veður hið fegursta og því vel sótt úr dalnum. Kyrkjan er nýtt og vandað timburhús, en ekki mjög stórt. Messa byrjaði um hádegi; kom organisti og söngstjóri frá Húsavík.

Er messa var úti sté Guðmundur á San li í stólinn. Talaði hann fyrst nokkur orð um

útflutninga frá Íslandi og hvað af þeim hafi leitt, — skilnaður milli ættmenna og vina, er mörgum hefði reynst gleði- og gæfumissir, er eftir sátu, eða út fóru; öðrum aftur heill og hamingja í heimi nýjum. Gat hann þá burtflutninga þaðan úr sveitinni, mintist Jónasar Kristjánssonar og Guðrúnar konu hans Þorsteinsdóttur, er vestur hefðu farið, og búið í Hraunkoti og verið nágrannar hans. Kvað hann dætur þeirra tvær nú hingað komnar, eftir tuttugu ára burtuveru, og hér staddar, ásamt þeirri þriðju, er aldrei hefði flutt. Bað hann fólk að taka þeim vel.

Vorum við Guðmundi þakklát fyrir góðvild hans; en eigi þurfti fyrir fólk að brýna gestrisni. Alúðlegri viðtökur en okkur mættu þar í sveitinni, var ekki unt að veita.

Er við komum út úr kyrkjuni, kom bóndinn í Nesi til mín, og sagðist eiga að afhenda mér sendingu, er hann hefði verið beðinn fyrir til mín. Var það lax afar mikill. Enskur maður, Captain W. A. Lambton, var þar við veiðar upp með Laxá, og sendi hann mér laxinn. . Ekki hafði eg séð kapteininn og þakkaði því sendinguna því að daginn sem eg var staddur að Ytrafjalli, var þjónn hans sendur þangað til að síma fram til Húsavíkur. Átti eg tal við hann

stundarkorn þar á hlaðinu og hjálpaði honum við símann.

Þóttist eg nú ekki hafa farið ónýtisför að Nesi þenna dag: mæta alúðar viðtökum, kynnast fjölmörgum Þingeyingum, og fá svo fjórðungs-lax að launum. Öllum gestum, er til náðist, var boðið inn í bæ og veittur þar matur. Var þröngt setin borðstofan og mun það ekki hafa verið í fyrsta skifti.

Nú var liðin rúm vika frá því við komum upp í Aðaldal, og fór nú að stytast veran þar í sveitinni. Þriðjudaginn 16. júlí var lagt af stað og ferðinni heitið til Akureyrar. Leið liggur um á Einarsstöðum; en þangað langaði mig til að koma. Þar býr Sigurjón Friðjónsson frá Sandi.—Var nú strax byrjað að kveðja, þó dvölin væri ekki lengri. Kviðum við fyrir, að færa okkur, við vorum í vina og frænda húsum, og orðin þar kunnug öllu fólki, einsog hefðum við átt þar heima í mörg ár.

Áður en eg kom til Syðrafjalls, hafði eg oft heyrt Jóhannesar getið. Guðmundur á Sandi getur hans í ritgjörð um Þingeyjar-sýslu, er út kom fyrir nokkrum árum í 'Eimreiðinni', og telur hann skáld gott, fastan í trygðum við alt það, er Ísland á sérkennilegt og gott, í sögum og siðum, og kallar það ekki af hending einni skeð hafa, að dætur hans heita: Á s a, S i g n ý og H e l g a.

Enginn er hann yfirlætismaður; fremur dulur í viðkynningu, en kynnist vel, og þarf eigi lengi að eiga tal við hann, svo vart verði greindar hans. Hann er bæði spakur maður að viti og vel lesinn, frjáls í skoðunum, þægilegur í viðmóti, og manna vinsælastur þar innan héraðs.

Við kvöddum hann um morguninn heima í hlaði. Sonur hans Þorkell, er þá um vorið tók inntökupróf í gagnfræðaskólann á Akureyri, fylgdi okkur, og fór með okkur til Akureyrar; snöri hann þar aftur með hestana. Einnig fylgdi kona Jóhannesar okkur áleiðis, inn að Einarstöðum og upp að Goðafossi.

A Einarstöðum töfðum við nokkra stund. Sigurjón er hæglátur maður og yfirlætislítill, en þægilegur og viðfeldinn heim að sækja. Hann er prýðisgott skáld, og hefir 'Óðinn' flutt mörg ágætiskvæði eftir hann. Ekki er laust við, að þunglyndisstrengur sé snertur í ljóðum hans, enda er hann maður tilfinningaríkur og sér núsfallurnar mörgum betur.

Í landsmálum hefir hann ávalt fylgt Heimastjórnarflokknum, móti bróður sínum og frændum, þeim Fjalls-bræðrum. Kom okkur þar vel saman. Það er sannfæring mín, að með kosningaúrslitunum sumarið

1908 hafi þjóðin stigið stórt afturfararspor í sjálfstæðis-baráttunni.

Frá Einarstöðum

§ 46. Til Akureyrar. var okkur rækilega fylgt úr garði. Reið

Sigurjón og systir hans með okkur vestur yfir heiði og upp að Goðafossi. Í fossinum er fólgin harpa Glúms Geirasonar, og er svo mælt, að eigi muni verða skáldavant í Þingeyjarþingi meðan fossinn fellur í gljúfrin. Þar hjá fossinum kvöddum við mágkonu mína og þessa vini okkar, er fylgt höfðu okkur á braut. Vorum við nú aftur orðin öllum ókunnug á Íslandi. Leiðir skildust við vesturenda brúarinnar á Skjálfanda, — hvort sem þær eiga eftir að liggja saman aftur.

Létt var í lofti, glaða sólskin og hiti; vegurinn góður, og fórum við nú að reyna að ríða hart. Hefðum við sjálfsagt komist lengra það kveld, ef ekki hefði töskuhesturinn tafið okkur. Hann vildi ekki rekast láta, vildi altaf snúa aftur, — og það vildum við líka.

Ríðið er út Ljósavatnsskarð. Er það langur spölur og fagur. Vatnið er annað það fegursta, er eg hefi séð. en hitt er Þingvallvatn. Enda er vatnið og bærinn, er n. . . regur af vatninu, þjóðfrægt í sögu

Íslands. Skiftir Ljósavatn með Þingvöllum frægðinni um þann atburð, er dýpsta þýðingu hefir haft fyrir sögu þjóðarinnar frá því landið bygðist. Á Ljósavatni bjó fyrir rúnum níu hundruð árum bóndi, er lögsögu hafði yfir öllu Íslandi. Var það virðulegast embætti á öllu landinu. Með fáorðri ræðu að Lögbergi kristnaði hann land allt, og á þann hátt afstýrði innanlands ófriði og vígum, er leitt hefði til glötunar fyrir þjóðina. — “Þat mon verþa satt, es vér slitom í sundr lögom, at vér monum slíta oc friþinn”. — fundu allir sannindi þessara orða, og létu svo vera, sem Þorgeir sagði fyrir um lögin. Af orða þessara hefði ávalt verið minnst, hversu margt hefði þá ekki orðið á annan veg, en skipast hefir, um hagi þjóðarinnar.

Þegar komið er heim úr löndum, þar sem minningarmarkin um ágæta menn og stórfæga sögulega atburði eru svo gott sem á hverju strái, saknar maður þess, hve fátt er af öllu þessháttar á Íslandi. Hefir þjóðin engan smekk fyrir slíkt? Ekki ætti sveitunum, hverri um sig, að vera það ofverk, með löngum tíma, að koma upp einu slíku minnismarki um sinn ágætasta mann, eða merkastan sögulegan atburð, frá yngri eða eldri tíð. Nyti þjóðin á þann hátt, í fyllra mæli, áhrifa og atgjörfis sinna beztu manna,

og héldi horfnu kynslóðun-
um með því móti kyrrum í land-
inu.

Samtímis Þorgeiri á Ljósavatni var Ein-
ar á Þverá, annar ágætismaður Norðlend-
inga, er með jafn spökum orðum áminti
þjóðina um, að verjast útlendum yfirgangi
og "konungs vináttu", einsog Þorgeir var-
aði við innlendum ófriði og lögbroti. Er
það tjón, hve lítið er til þess gjört, að halda
slíkum spakmælum og þeirra fyrir augum
þjóðarinnar. Settar ættu að vera upp mynda-
styttur af þessum fornu goðum, um land alt,
og greypt á fótstallana frægðarorðin góðu
og mörgu. Því þrátt fyrir allar frelsisræð-
urnar — á þingi og í sveitum — eru það
steinarnir sem tala best.

Mörgum hér vestra þótti það óþarfi mik-
ill, að hefja hér samskot í hitt eð fyrra til
þess að koma upp myndastyttu Jóns
Sigurðssonar, vildu heldur að myndaður
væri sjóður og keyptur fyrir hann
matu, eða þá vit í nokkra stúdent-
housa. Fundust þeim peningarnir of dýr-
mætir, að þeim væri varið til þess. Er ekki
laust við á stundum, að orðin 'sjóður' og
'matur' séu samgróin hugtök í sálarlífi þjóð-
arinnar. Mun sá skilningur ekki ésjaldan
lagður í orðin: 'safnið yður fjársjóðum á
himnum', — safnið yður mat á

h i m n u m. Gleymist það þá, að ekki verður vitið keypt; matarins getur þjóðin aflað, en dýrmætasta gjöfin er sú, að geta ávalt haft m e n n fyrir augum. — En meðal manna verður Jón Sigurðsson aldrei síztur talinn. — — —

— — Það teygðist úr veginum, og á daginn leið fyrir en varði. Við höfðum hugsað okkur, að komast eitthvað vestur fyrir Fnjóská, en urðum að hætta við það og réðum af að leita gistingar á Hálsi í Fnjóskadal. Þyr þar síra Ásmundur Gíslason, bróðir síra Hauks Gíslasonar í Álaborg og Garðars kaupmanns í Leith. Eigi voru húsráðendur heima, er við komum; var þó beini til reiðu, en eigi kvaðst þjónustukona geta heitið okkur gistingu fyrir en húsbændur kæmu heim.

Eftir kveldverðinn var mér reikað út í kyrkjuna. Hafði eg gaman af að skoða hana, því hún virtist nokkuð gömul. Er hún timburhús, bikað utan, svo ekki er ytra skrauti þar fyrir að fara. Fátt fornra og dýrra muna virtist mér þar inni. Þó sá eg þar inni í altarisskápnum forna visitazíubók, að eg hélt vera. Var hún mikið í blöðum og orðin lítt meðíærileg. Var þar innfært, yfirlit yfir eignir kyrkjunnar og getið biskups-komu, frá ýmsum tímum, í tíð Hólabiskupa. Sá eg þar rithönd Halldórs bisk-

ups Brynjólfssonar, Bjarnar prófests Hall-dórssonar o. fl. Heyrt hafði eg að allar kyrkjubækur frá eldri tíð væru nú komnar suður til Reykjavíkur. Þarna var þó ein eftir.

Er eg kom úr kyrkjunni voru prestshjónin komin heim. Tjáði eg presti vandkvæði mín að ekki hefði þjónustukona þeirra hjóna þorað að leyfa okkur gistingu án þeirra samþykkis, en eg vildi þó helst ekki þurfa lengra að fara. Kvað hann okkur gistingu heimila, og áttum við þar hinn bezta náttstað.

Um kveldið hafði eg orð á því við einn vinnumannanna, er mér virtist helst slá sér fyrir, að strok væri í einum hestinum, og væri eg hræddur um, að við myndum tapa þeim um nóttina. Ókvíðinn sagði hann eg mætti vera um það og bauðst hann til að vaka og hafa með þeim estirlit. Þáði eg það, en gjörði þó jafnframt ráð fyrir, að það myndi kosta eigi all-lítið, því daginn eftir varð vinnumaður að ganga að verki sem hinir, myndi hann þá ekki vilja leggja á sig vöku um nóttina fyrir neitt smáræði. Bað eg hann nú að sjá svo til að hestarnir yrðu allir komnir heim í hlað og týgjaðir ekki síðar en kl. 7 um morguninn. Lofaði hann því. Allir voru hestarnir vísir, komnir í hlaðið og reiðtýgjaðir um það leyti sem við komum á fætur. Spurði eg þá eftir,

hvað gæzlan kostaði og sagðist hann setja hana e i n a k r ó n u , ef mér ekki þætti það of dýrt!

— Hver myndi vilja vaka yfir hestum ferðamanna hér í álfu fyrir 27 cent um nóttina!

Eigi þótti mér fagurt á Hálsi og fremur harðbalalegt. Skildi eg naumast í, hvernig komið hefði verið til öðru eins túni og þar er, úr annari eins grjóturð. Á Hálsi bjuggu þó áður fyrri miklir ríkismenn, einsog sá Þorsteinn Pálsson, er þar var fyrra hluta nítjándu aldar og þótti höfðingi mikill. Þar bjó líka prestur um það leyti, er reisti sér þann óveglega minnisvarða, að láta eyða öllum skóginum fyrir framan Háls og ofan að Fnjóská, — svo að féð ekki rífi af sér ullina! Var mér sagt, að fengið hefði hann styrk frá því opinbera til þessa þarfa fyrirtækis! Nú er þar ekkert nema blásin grjóturð og gráir melar. Hefir hann ekki metið skóginn jafn mikils og Víga-Glúmur, er mat hvern hrísrunna hálfis eyris:

“Hálfis eyris met ek hverjan hrísrunn fyrir á sunnan”.

Við lögðum snemma af stað, og kl. 9 um morguninn vorum við efst uppi á Vaðlaheiði. Lá þá snjór víða í lautum og dældum, og það nokkru neðar en á há-heiðinni.

Setti að mér hroll að sjá það. Klukkan um 10 komum við ofan að Varðgjá; snöri Þor-kell þar aftur með hestana, en við tókum okkur ferju yfir Vaðlana.

Veglítið fanst mér vera austanvert á heið-inni, en vestanmegin er hlaðinn góður vegur, og þó nokkuð brattur, ef fara ætti yfir hann með vagni. Væri það þó vel mögulegt. Vestan af heiðinni er fagurt yfir Eyjafjörð að líta, enda er útsýni þaðan hið bezta. Var það ekki hvað sízt þenna morgun, því hvergi bar skugga eða ský á haf eða himin. "Skín mót sólu Eyjafjörður", mátti segja og gat ekki ofurmæli heitið.

Inni í fjarðarbotninum stendur Akureyri; veitir það útsýninu tilbreyting og svip. Þó er fegurra að horfa inn til bæjarins, en út frá honum. Inni í kaupstaðnum er þröngt og útsýni lítið og skamt milli fjalls og fjarðar.

Akureyri er höfuðbær Norðurlands. Þar er Gagnfræðaskólinn og þar situr varabiskupinn fyrir Norðlendingafjórðungi. Flest stórmenni staðarins voru að heiman komin, er við komum þangað: Stefán skólameistari suður til Alþingis, síra Matthías til Reykjavíkur, varabiskup til prestastefnu á Hólum. Gafst því hvorki kostur á að skoða kyrkjuna eða skólann; gengum við þó upp í skólagarð um kveldið. Stendur skólinn uppi í

brekkunni fyrir ofan bæinn. Er garðurinn umhverfis grænn og grösugur og auðsjáanlega yrktur vel.

Við gengum forvitnisferð um verzlunarhúsin, er mörg eru fremur myndarleg. Eru þar nokkrar sérverzlanir, svo sem tóbaksbúð, reiðtýgjabúð, brauðsöluhús, klæðasöluhús, auk hinna almennu sölubúða. — Hvergi sá eg kaffihús eða skeggrakarastofu, og held eg hvorugt hafi verið til. Gestgjafahús eru þar tvö: 'Hotel Akureyri' og 'Hotel Oddeyri'. Héldum við til á því fyrnefnda.

Sjávarútvegur er mikið stundaður frá Akureyri, og síldarveiði. Kveldið sem við komum vorum við að reika upp með hliðinni. Virtust kaupstaðarbúar flestir gengnir til náða, því kveldsett var orðið. Um kl. 12 blés skip fram á firðinum. Varð ailur bærinn alt í einu kvikur af fólki. Hraðaði það ferðum ofan að bryggju, og fylgdumst við með, til að sjá, hvað um væri að vera. Var þá skipið að lenda. Þetta var síldarveiðaskip.

Mest af fólki þessu voru konur og unglingsstúlkur, er vinna að síldarverkun, og hélt eg helzt þar komið vera alt kvenfólk kaupstaðarins. Lætur það nærri, að fleiri partur kvenfólks þar í bænum gefi sig í þessa vinnu. Fram á bryggju-hliðinni stóð afar langur stokkur, og var ausið í hann

síldinni framan af skipinu. Um bryggjuna lágu hálfstunnu stampar.

Fór nú kvenfólkið að draga stampana að stokknum, því ofan í þá lét það síldina. Var því borgað vist á stampinn. Tók nú hver sem betur gat til sín stampa, og urðu um það sviftingar og sumar afskiftar, er yngri voru og kraftaminni. Aftur náðu nokkrar þær eldri, fleiri sömpum, en þær höfðu með að gjöra. Var all-mikill þys um bryggjuna meðan á stampadrættinum stóð. Fanst mér vinnan og verkatilhögunin sóðaleg, og raunalegt, að ekki skuli vera um aðra atvinnugrein að ræða fyrir kvenfólk þar í kaupstaðnum, og konunum samboðnari. — Ekki var síldin verkuð annað, en að klipt var úr henni kverkin og henni svo kastað í stampinn, þar sem hún átti að saltast. Var auðséð að margar voru verki þessu vanar, því þær voru yfrið hraðhentar. — Sagt er, að Bandaríkjamenn hafi kent Íslendingum þessa meðferð á síldinni.

Við töfðum á Akureyri í tvo daga. Kom eg þar í eitt hús, til Björns Líndals málaflutningsmanns. Er hann ættaður að vestan, en kona hans útlensk — af þýzkum ættum. Er hann allvel efnaður og áhrifamaður í sýslu- og bæjarmálum. Hélt hann út blaði um tíma, en gefur sig nú eindregið við lögfræðisstarfi.

§ 47. Vestur í Skaga-
fjörð: Daginn sem við
 komum til Akureyr-
 ar, kom til móts við

okkur Rögnvaldur Bjarnarson, móðurbróðir minn, frá Réttarholti, með sjö hesta skagfirzka, útlærða í ganglist og góðum siðum, að sækja okkur og flytja heim til sín. Var Réttarholt annar bærinn á Norðurlandi er við höfðum heitið ferðar til, en hinn var Syðrafjall. Kom eg símaboðum til Réttarholts frá Ytrafjalli og átti hans því von, en ekki þekti eg hann. Skömmu eftir að við komum gekk eg norður aðal götuna er liggur upp frá gestgjafahúsinu, sá þá hvar tveir menn komu ríðandi. Fanst mér strax að annar þeirra myndi vera kominn minna erinda, en ekki var eg viss um hver þeirra það var, né hver sá væri, fanst þó eg bera kensl á hann. Staðnæmdist eg því á götunni og heilsaði. Tóku þeir kveðju minni. Spurði eg hvert þar væri kominn Rögnvaldur frá Réttarholti og játti hann því. Sagði eg þá til mín og þóttist góður af að hafa þekt hann að fyrri bragði — Röltum við fram og aftur um kaupstaðinn um kveldið og drógum ekki úr viðkyningu. Bréf höfðu gengið milli hans og foreldra minna frá því við fórum af Islandi — í 29 ár, en ekki höfðum við talast við fyrri, svo eg til myndi.

Það var farið að halla hádegi, daginn eftir, er við komumst af stað. Liggur leið-

in fyrst út með kaupstaðnum unz hún beygir inn Hörgárdalinn. Er það eggsléttur og upphlaðinn vegur. Margt svæðið er fagurt og einkennilegt á þessari leið. Er tilkomumikið yfir ána að líta og heim að Möðruvöllum, amtmannssetrinu fræga er getið hefir sér goðhelgi í seinni tíðar sögu landsins, sem bústaður margra ágætismanna, svo sem Bjarna Thorarensens, Gríms Jónssonar ofl. Til Möðruvalla riðu Skagfirðingar sumarið 1849, sem frægt er orðið, er þeir hrópuðu niður með yfirgang og lögleysur embættismanna á Norðurlandi. — Er nú aðeins einn þeirra manna á lífi, er í för þeirri voru, hinn góðkunni öldungur Brynjólfur Brynjólfsson, er hér býr vestra, en lang flestir löngu til moldar gengnir.

Er ofar dró og upp í Öxnadalinn kom, sázt heim að Bægisá. Við áðum niður með ánni, nokkru fyrir neðan bæ, hjá brúnni. Þar er iðgrænn flötur, einsog ræktað tún. Var fagurt heim að bænum að líta og ekki laust við að svipir sæjust eftir mikilmennin tvö, er halda munu uppi nafni bæjarins svo lengi sem þjóðarinnar getur. Arnljótur og Jón eða Jón og Arnljótur, — hvert nafnið á að vera á undan ?

Er upp í dalinn kemur sést Hraun-
drangi upp af Hrauni — bæ Jónasar
Hallgrímssonar. Sagt er þó að vafi leiki á

því, hvort Jónas hafi fæðst á Hrauni eða á Steinstöðum. Kemur þetta nokkuð í sama stað, því á Hrauni ólzt Jónas upp og verður bærinn ávalt við hann kendur. Einkenni-
legur er Drangurinn, snarbrattur tindur, og gnæfir upp yfir fjöll og hóla, þar fyrir ofan bæinn. “Þegar ferðamanninum verður lit-
ið upp til Hraundranga, sem gnæfir beint upp undan bænum, dettur honum ósjálfrátt í hug, náttúran sjálf hefir reist elskhuga sín-
um þenna minnisvarða,” segir Hannes Haf-
steinn. Sjálfur stendur bærinn hátt, “rétt við háa hóla, hraunastalli undir.”

Við tókum daginn svo seint, að við náð-
um ekki nema að Þverá um kveldið. Um morguninn risum við snemma og vorum komin undir Öxnadalsheiði um hádegi. Áðum við þar, hjá Lurkasteini, settumst niður í grasið og tókum upp nesti. Heiðin er víðast hvar vel grösug og furðaði mig á að hún skyldi ekki vera fyrir annað notuð en afrétt og heldur við hana bætt en af henni tekið, því nú hafa Skagfirðingar keypt og lagt undir hana Bakkasel. Girt hefir verið með gaddavír bæði austan og vestan við heiðina. Ganga nú ekki hestar Skagfirð-
inga eins á Öxndælingum og fyrrum. Á heiðinni sáum við víða stórar hestahjarðir, feitar og sællegar.

Við vorum orðin þreytt er við komum

ofan að Ytrikotum. Áðum við þar og drukkum kaffi en höfðum skamma viðdvöl, því búin vorum við að hugsa okkur að ná Miklabæjar og gista þar. En einhverra orsaka vegna var gisting ekki heimil er þang-að kom, skemst var þá líka eftir, til Réttarholts, héldum við því áfram alla leið. Vorum við þá búin að vera sextán kl. tíma á hestbaki, frá því við lögðum af stað frá Þverá. Var þetta önnur lengsta dagleiðin er við fórum á Islandi, en hin var frá Staðarbakka í Miðfirði suður í Sveinatungu í Norðurárdal.

Löng leið fanst mér vera frá Kotum til Silfrastaða og má þó vegurinn heita góður. Og gróðurleysið niður með afréttinni, sandurinn og gróðurinn, er meira en orðum verði aðkomið. — var farið að halla of mjög degi, er við komum niður fyrir Silfrastaði, og við búin að vera á ferð allan daginn, til þess okkur notaðist að öllu sem þar er að sjá og skoða. Hver sögustaðurinn er þar við annan, frá ófriðar öldinni miklu. Hauknes, Örlygsstaðir, þar sagt er að staðið hafi mannskæðust orrusta á Islandi. — — —

— Það var Skagafjörður og Borgarfjörður er börðust um völdin, eða Flugumýri og Reykholt, í enn þrengri merkingu, og slitu sundur milli sín lögum,—og friðinn,—einsog Þorgeir spáði. Hin forna öld sé til sævar

í blóði, en uppreis hin önnur, inn í ættir borin með suðrænum svikum, — öld "konungs-vina" fól og fjörvana alls drengskapar og dáða. Til hins sama hefði komið, hver sem ofan á hefði orðið, — en Skagafjörður bar hærra hlut, — þeim hefir löngum verið leitt að lúta í lægra haldi Norðlendingum.

Yfir ána sást heim að Egilsá, æskustöðvum Kristins Stefánssonar, og er neðar kom inn að túni í Flatatungu, — fæðingarstað Gísla læknis í Grand Forks, Gíslasonar.

Fram með veginum stendur Bóla, þar sem Hjálmar bjó, sannarleg bóla, því hrörlegri manna bústað getur varla. En jafn hátt er þar til lofts af hlaðinu, og á hinum bæjunum og Hjálmar huldu ekki rjáfrin, hvort hátt eða lágt var á veggbrúnina. Nokkrum neðar eru Viðivellir amtmannssetrið forna, þar bjó Hrólfur sterki Bjarnason, og síðar Pétur prófastur, faðir Péturs biskups og þeirra bræðra. Á aðra hönd eru Stóruakrar höfuðbólið forna og um nokkra hrið bústaður Skúla fógeta Magnússonar. Stendur enn frambærinn er Skúli lét byggja og mun það elztur bær nú í Skagafirði, frá árinu 1741. Er svæði þetta, einsog Skagafjarðarsýsla innanvert, eitt hið söguríkasta á landinu.

Það var komið fram yfir miðnætti og þó albjart er við komum í Réttarholt. Enn

mátti sjá um alt og er víðsýnt í Blönduhlíð. Fórum við rétt sunnan við Flugumýri, jarlsetrið forna, og heim að Frostastöðum: sást, er góðfrægir eru frá dögum Espólíns. — En við urðum fegin að beygja af veginum og heim. Biðu okkar þar hinar beztu viðtökur og við aftur komin í vina og frænda hús.

Í Réttarholti töfðum við rúma viku, og bar okkur þangað í betri tíma en að Syðrafjalli, því lokið var túna hirðingu er við komum, en það var að kveldi þess 19. júlí.

Eigi vorum við þenna tíma jafn heppin með veður og verið höfðum, var súld og salla rigning summa dagana. Á nokkra bæji komum við þó í sveitinni. Að Flugumýri sem snöggvast, og gengum þar um kyrkjugarðinn og í kyrkjuna, sem er nýsmíðuð og snoturt hús, en lítið. Við Flugumýrarkyrkju er grafinn Jón Espólin hinn fróði. Yfir leiði hans er flöt hella letuð, er síra Hákon sonur hans lét setja. Ekki er vel um hellu þessa búið og mætti betur vera, ef hún á að geymast óbrotin.

Við komum að Frostastöðum. Þar býr Magnús Gíslason Þorlákssonar. Var Þorlákur afi hans systurson Gísla Konráðssonar, en Sigríður kona Þorláks dóttir Hannesar prests Bjarnasonar á Ríp. Bróðir Gísla föður Magnúsar var Guðmundur málfræð-

ingur Þorláksson. Er Magnús talinn rík-astur bóndi í Skagafirði. Þar sá eg hafra akra, voru þeir sánir viku af júní, en svo spröttir að stöngin var nærri hné-há. Þar voru nokkrar plægingar vel gjörðar. Jarðyrkjuvélar notar hann þær sömu og hér tíðkast; skurðherfi, plóg vagn, ofl. Sýndu akrar Magnúsar að vel má rækta korn til fódurs á Íslandi. Er vonandi að fleiri fari að hans dæmi, því víða er jörð engu ver löguð til kornræktar þar í sveitinni, en á Frostastöðum. Viðtökur voru góðar á Frostastöðum, er Magnús hinn alúðlegasti heim að sækja.

Sérstaklega gladdi það mig, að fá að sjá Sigríði móður hans. Var eg hjá henni síðasta mánuðinn sem við áttum heima á Íslandi — meðan við biðum skips,—fyrir 29. árum síðan. Þjuggu þau hjón þá á Hjaltastöðum. Nú lá hún rúmföst í fótbroti. Þó var hún hress og glöð og hjá henni sama góðvildin til allra ættmenna og vina.

Enginn má svo um
 § 43. Heim að Hólum: Skagafjörð fara að ekki komi hann heim að Hólum. Þó horfin sé hin forna Hóla dýrð, er þó staðurinn forn og frægur. Þar var biskupsstóll Norðlendinga í nærfelt 700 ár. Þar var fyrsta prentsmiðja landsins og skóli um afar mörg ár. Þar sátu tveir mestu

biskupar landsins, í eldri og yngri sið, — Jón Arason og Guðbrandur Þorláksson, — Þar stóð "m u s t e r i ð", hin forna Hólakyrkja í allri sinni dýrð. Þar er kyrkjugarðurinn forni með afturgöngunum öllum og galdramönnunum! — Fjórið var of mikið í Norðlendingum til þess þeir lægi kyrrir þótt þeir dæju! — Langaði mig mest til að koma þangað allra staða norðan lands. Var því ráðgjört að ríða þar um, er við lögðum alfari af stað frá Réttarholti, suður.

Lagt var af stað 25. júlí og fylgdu okkur Rögnvaldur og kona hans Freyja (Jónsdóttir prests frá Barði í Fljótum). Stönguðum við stundarkorn á Frostastöðum, til þess að kveðja og svo aftur á Þverá. Á leiðinni komum við til Víðvíkur. Þar býr séia Guðbrandur Björnsson frá Miklabæ. Þjónar hann Hóla, Víðvíkur, Hofstaða og Rípur-sóknum. Er hann ungur maður og hinn vingjarnlegasti heim að sækja. Erindi átti eg við hann, er var að fá skírnarvottorð okkar bræðra, upp úr prestakallsbók Rípur-sóknar. Gekk erindi það að óskum.

Töfðum við þar nokkra stund og drukkum kaffi. Heldur heyrðist mér á honum hann finna til þess hve prestar út um sveitir eru útilokaðir frá öllu sem er að gjörast út um heiminn. Þögnin er ekki rofin nema

endrum og eins, ef pósturinn flytur einhverjar nýjungar, er þá sjaldan eru spánýjar. Tómlægt hlýtur það líka að vera, fyrir ungan mann að setjast þannig að, og geta aldrei búist við að taka sér hvíld, eða ferð á hendur sér til hressingar

Áhugamaður er hann talinn um allt, er að hinum andlegu málum lýtur. Fremur virtist mér hann hallast að aðskilnaði ríkis og kyrkju og taldi hann það spor til viðreisnar og eflingar kyrkjunnar. Vorum við þar sitt á hvoru máli. Leitaðist eg við, að benda honum lítils háttar, á annmarkana á fríkyrkjunni, einsog þeir vildu gjöra vart við sig hér vestra. Eru fleiri en hann á þessari skoðun, er þó, einsog hann, hafa enga trú á millibilsstefnunni sem stungið hefir sér niður hér og hvar.

Á jafn strjálbygðu landi og Íslandi, er fyrirsjáanlegt ef kyrkjan væri skilin frá ríkinu, yrði hún skjótt afnumin á stórum svæðum. Í hverri sókn myndu margir hætta að leggja til hennar er lögin leystu þá frá þeirri skyldu. En nú hagar víða svo til, að ekki mega færri vera en sóknirnar telja, svo unt sé að halda uppi kyrkjulegum félagsskap. Aftur á móti, þar sem engin hætta gæti stafað af mannfæðinni, myndi nytsemi hennar og virðingu samt hallað. Á þeim stöðvum yrði kenning

Handwritten text, possibly a signature or name, centered on the page.

Arnljotur B. Olsen


Arnliotur B. Olson




12.—"Gongin" elzta gatan í Thorshöfn, bls 144.



14.—Hólar i Hjaltadal, kyrkjan og skóllinn, bls. 190.





hennar að vera samhljóða, vilja og trú, ráðríkasta, slægvitраста og auðugasta mannsins í sveitinni. Hún hætti að verða sú stofnun, er sagt gæti til syndanna og svari tæki lítilmagnans.

Heiman frá sér, fylgdi síra Guðbrandur okkur austur yfir Hjaltadalsá og ofan undir túnið á Hólum. Þar snöri hann aftur, enda sá nú vel heim til staðarins. "Mikið er nú margbreitt á Stólum" kvað síra Snorri á Húsafelli. Enn er staðurinn reisulegur, en lítill fornaldar bragur er á honum. Horfin er guðfræðisskólinn og í hans stað kominn búfræðisskóli. Áður var piltum kent að leggja út ritningarnar og yrkja á latínu, nú er þeim kent að leggja út kálgarða og yrkja tún. Þar er nú búnaðarskóli Norðlendinga fjórðungs, mjög myndarleg stofnun, enda er skólinn svo lánsamur, að hafa ágætis forstöðumann, framúrskarandi duglegan. Sigurður skólastjóri Sigurðsson er Þingeyingur að ætt en hefir mentast utan lands. Er hann einkar vinsæll þar í sýslunni. Jörðina heldur annar Þingeyingur, Trausti Friðfinnsson og eru þeir frændur, hann og skólastjóri.

Skólahúsin eru þrjú, steinsteypuhús þrílyft; þar býr skólastjóri, og þar eru kenslustofur skólans, bókasafn og önnur kenslutæki. Hið annað er timburhús, þar er borðsalur og svefnstofur skólapilta. Er hús

Þetta notað fyrir gesti að sumrinu og voru okkur fengin rúm þar um nóttina. Þriðja húsið var ekki fullsmíðað.

Aukist hefir aðsókn að skólanum síðari ár, og er nú alment farið að kannast við nytsemi þesskonar stofnana, þó áður fyrr legðust fordómar á. Hefir búfæðiskenslu að sjálf-sögðu verið ábótavant fyrstu árin, þó það eitt væri ærið nóg til að skapa fordómanna, að skólarnir voru nýbreytni, og með þeim brotin gömul trú, að bóndinn þyrfti ekkert að læra, og eftir því sem bókvitið væri minna eftir því yrði hærra í öskunum. Leggja Norðlendingar nú mikla rækt við skólann.

Ekkert stendur eftir af hinum fornu staðarhúsum nema kyrkjan. Bærinn er hinn svonefndi "Nýji bær" er Benedikt prófastur Vigfússon lét reisa handa Jóni syni sínum, er kendur var við Hóla og bjó þar lengi. En dó hér í íslenzku bygðinni fyrir vestan Man-itobavatn.

Gamla bæinn létu Skagfirðingar rífa, fyrir nokkrum árum síðan. Var það hið mesta óþarfa verk. Var hann að sjálf-sögðu elztur bær á landinu og er svo sagt að þá hafi staðið með ófúnum viðum stofa sú hin mikla, er Auðunn Þorbergsson rauði lét gjöra á Hólum, árið 1315. En svo hafa mörg óþarfaverkin verið unnin á Hólum og

eigi öll af völdum Skagfirðinga, er staðurinn var rúinn og lagður niður og löngu þar eftir.

Hólakyrkja var smíðuð í tíð Gísla biskups Magnússonar, á árunum 1757-63. Var hún hlaðin úr rauðu grjóti er tekið var ofan úr Hólabyrðu. En eigi sér þess nú vott, hvert efnið var. Hefir hún verið hvítþvegin utan og innan svo hvergi vottar fyrir steini. Sett hefir verið á hana grátt járnþak, svo til að sjá, er hún eins og vörugeymslu hús í útlöndum. Horfnar eru biskupsdyr og einhverju upp í skörðin hlaðið. Frá framdyrum eru teknar kyrkjuhurðirnar fornu, en í þeirra stað settar næfur þunnar fisléttar danskar hurðir, sömu tegundar og maður sér fyrir svefnherbergjum á gistihúsum í Khöfn.

Í gólfi voru biskupar og önnur stórmenni grafin, og hvíldi hella yfir; mun gólfið hafa verið alt hellulagt, og flestar grafhellur letradar. En þessa sér heldur ekki vott. Hefir nú verið lagt ofan á það óvandað og ófelt fjalagólf, og bitarnir sjálfsagt lagðir í steinsteypu ofan á hellugólfið. Ekki hafa fjalirnar verið alstaðar nógu langar, en úr því er bætt, með steinsteypu, er drepíð er í skörðin. Nokkrir hlerar eru á gólfinu undan altari, yfir afkomendum Guðbrandar biskups. Að öðru leyti má ekki sjá hvað þar er í jörðu falið. Sagt er að Jón biskup

Arason og synir hans séu grafnir að Hólum, en hvergi sjást þess merki. Eru nú leiði þeirra týnd.

Flest innan skruð kyrkjunnar er horfið, nema altaristaflan fræga er gefin var Jóni biskupi Arasyni. Er hún lítið skemd. Yfir dyrunum hangir krossmark úr tré. Undan krossinum voru fallin Jóhannes og María og lágu upp á glugghúsi. Var Jóhannes skaðaður í andliti og kumlaður á fæti. Löngu eru rifnir burt allir fornu kyrkjubekkirnir, en í þeirra stað komnir aðrir örmjófir og þröngir, með staurbeinu baki. Þó stevður skírnarfonturinn er höggvinn var úr íslenskum steini, að tilhlutan Gísla biskups Þorlákssonar (d. 1684) af Guðmundi snikkara frá Stakkahlið, nafnkendum þjóðhagasmið á þeim tíma. Má sjálfsgagt þakka það því, að hann er lítt meðfærilegur til flutnings. En til þess hann skyldi samsvara betur öllu í húsinu nú, var Ásta málari frá Reykjavík fengin til að mála hann og altarið utan og búa til úr hvorutveggja "danskan" marmara!

Eigi er þar nokkurt safn af bókum; mun þó margur ætla, að með hægu móti, hefði mátt hafa þar til sýnis flest, ef ekki alt, sem gefið var út í prentsmiðjunni á Hólum. Ef í útlöndum hefði verið, er áreiðanlegt að þesskonar safn hefði verið þar til sýnis, og

sjálfsagt margt fleira er mint hefði á forna tíð.

Eigi er stórum betra úti. Upphaflega var kyrkjugarðurinn kringlóttur, en svo var gamli garðurinn rifinn og annar nýr hlaðinn, úr stein-steypu, í staðinn. Þessi garður var hafður ferhyrntur og hornin látin taka innan við hringin. Allmargar grafir urðu svo utan garðs. Innangarðs er fjöldi steina, lettraðir með ýmsu móti; en ekkert er um þá hirt og letrið mosavaxið. Gras vex hátt yfir leiðin, svo ekki verður eitt greint frá öðru.

Engin prestur situr nú á Hólum. Hið forna skóla- og biskups-setur er nú orðið annexía frá Viðvík. Ætla mætti þó, að messufærara væri þar en í Viðvík, þann tímann sem skólinn stendur og tilhögun þessi eigi sem viturlegust. Hafi nokkur hina allra minstu trú á nytsemi trúarboðskaparins, ætti stund að vera lögð á, að halda uppi stöðugri kyrkjulegri starfsemi þar á staðnum, til þess að vekja hjá skólápiltum, virðingu fyrir göfgi og sannindum hinna háleitari lífsskoðana og siðfræðiskenninga. Þar sem jafn margir ungir menn eru samankomnir ár frá ári, er dreifast út um land alt að loknu námi, myndi árangurinn skjótt koma í ljós, ef það verk væri vel og viturlega unnið. Á þann hátt gæti

Hólakyrkja orðið aftur, ein af áhrifamestu kyrkjum landsins.

Mikið bæta viðtökurnar fyrir þau vonbrigði sem mæta manni á Hólum. Tekur Trausti bóndi alúðlega á móti gestum, og þar sem húsakynni eru jafn góð og mikil, getur ekki farið öðruvísi en vel um þá sem þangað koma. Kona Trausta, er Kristíana Hallgrímsdóttir, systir J. Asar Hall við Garðar. Tóku þau okkur mjög vinsamlega og áttum við þar hina beztu gistingu, að öllu leyti sem í þeirra valdi gat staðið. En ekki sofnaðist mér vel á Hólum. Vissi eg ekki hverjum eg átti um að kenna, galdramönnunum gömlu þar úti í garðinum, Gvöndi góða eða eldri eða yngri Hóla-vættum. Það fór að veltast um í huganum, hversu umhorfs myndi vera á staðnum, ef slíkur staður væri til í útlöndum og vildi myndunum ekki bera saman. Þar myndi kyrkjan standa með sömu ummerkjum og þegar biskupsstóll og skóli voru lagðir niður, voldugt bókasafn, bekkir og skóli til sýnis og virki Jóns Arasonar ekki umsnúið í kálgarð!

Og þó væri nær að ímynda sér að sögu-stöðunum myndi síður þyrmt, hjá öðrum þjóðum en Íslendingum, er minna dýrka fornöldina. Fornaldar og sögudýrkun Íslendinga er viðbrugðið. En naumast fær maður varist þeirri hugsun, að blindari dýrk-

un getur ekki meðal manna. Um leið og þjóðin fellur með lotningu frammi fyrir frá-sögninni, ber hún söguminjarnar á bálið.

Það var komið fram
 § 49. **Sauðárkrókur:** yfir hádegi er við lögðum af stað frá Hólum. Reið Sigurður skólustjóri með okkur ofan til Vatnsleysu, var hann að fara eitthvað inn í sýslu. Hjá Vatnsleysu beið Jón, sonur Rögnvaldar í Réttarholti okkar, með sex hesta, er þeir feðgar útveguðu okkur til ferðarinnar suður. Með honum var kona hans, dóttir Halldórs bónda Einarsson á Grund, bróður Indriða skálds Einarssonar í Reykjavík, síra Gísla í Stafholti og Jóhanns Einarssonar er býr hér vestra, í Duluth í Minnesota.

Við brúna á austurkvísl Héraðsvatnanna, kvöddum við Rögnvald og konu hans, fóru þau ekki lengra, enda var nú farið að halla degi. Höfðu þau sýnt okkur þá góðvild og tekið á sig þau ómök, okkar vegna, er ekki verða fullþökkuð. Þó ekki væri samveran orðin lengri, fanst mér eg vera orðin þeim kunnugur. Tel eg viðkynningu þá, þó það séu heimullegar sakir, með ánægjulegustu endurminningunum frá ferðinni. Hún sannaði mér að hvorki fjarlægð né fjarvistir orka að slíta ættartrygð eða taugar, —

þáttinn göfugasta og mesta í eðli hinna nor-
rænu þjóða. — Okkur ber fyrir, einsog
skugga og eyðumst á einum degi; við sprett-
um einsog gras og hverfum á einni nóttu, en
eilífðin máir ekki burtu þau einkenni sem
frá alda upphafi voru ættþjóð vorri í eðli
lagin. — — —

Fagurt er í Hegranesinu og víðsýnt, —
þar er dyrunum lokið upp, svo að sést út í
heiminn, — út á hafið! Fjörðurinn mátu-
lega breiður og Drangey í miðjum firðinum.
Óláns Drangey — þar sem ofurmennið var
beitt bitrustu gjörningum og ofurliði borið—
eyði skerið er ekkert á nema u n d u r s a m-
l e g a s ö g u. — Eða er þetta kannske
dæmisagan um eyði-ey og útlaga þjóð? —
Þó vilja engir missa Drangey úr firðinum—
og eg ekki heldur, hvort sem eg á eftir að
koma á þær stöðvar aftur eða ekki. —
Fólk sagði mér, að þar væri best fuglatekja
og annað best eggver, á landinu!

Við riðum um í Garði, höfðum bréf og
kveðjur að flytja til bóndans þar, frá ætt-
mennum héðan að vestan. En hann var
ekki heima. Héldum við því eins og leið
lá ofan að Vesturósum. Gjörla sást heim á
ýmsa bæji í nesinu, Ríp, Utanverðunes og
víðar. Langaði mig til að koma til Rípur,
en farið var að kvelda og við þurftum að
ná háttum á Króknum.

A Vesturósunum er svif-ferja og ferjumaður Jón Magnússon frá Utanverðunesi, kallar hann sig Ósmann. Er ferjan kostuð af landsfé og ferjumaður launaður að einhverju litlu leyti. Ferjan er stór og rúmmikil og er riðið fram á hana úr landi. Umferð er mikil þar yfir vötnin, hefir ferjumaður því bygt sér kofa þar við bakkann og býr þar alt sumarið. Kallaði hann þenna bústað sinn "Immanuel" Foreldrar Jóns búa enn í Utanverðunesi, við háan aldur. Voru þau og eru, orðlagt greiða og góðgjörða fólk, var Magnús um langt skeið ferjumaður á vötnunum, áður en landið setti þar ferju. Hefir Jón erftr þá eiginlegleika foreldra sinna, því svo var sagt að hann vildi öllum gott gjöra sem hann næði til. Eigi varð hjá því komist að við yrðum að koma inn, er við komum ofan að ferjunni og þiggja þar þær veitingar er hann hafði til — vindla, smákökur og berjavín, áður en farið væri yfir vötnin.

Það teygðist úr söndunum frá lendingarstaðnum og inn á Sauðarkrök, — gróðurlaus urð og sand-dreif alla leið — svo komið var fram að háttatíma er við komum þangað. Var nú ekki á annan stað að leita en gistihúsið, og var það sannarleg þrautalending. Húsráðendur voru hvorugt heima, en húsið höfðu þau skilið eftir, í umsjá gamallar heyrnarlausrar konu. Ætlaði að verða erfitt að koma sér þar fyrir, eða láta hana

heyrta hvað verið væri að biðja um. Er það með þeim allra vesölustu gístistöðum sem eg hefi kynst.

Að bænum sjálfum gæzt mér lítið, er þar þó fögur útsýn fram á hafið. Bæjar-stæðið er sandmöl gróðurlaus og sjálfsagt ervitt að græða það og klæða, enda sáust óvíða grænir blettir. Er jörð þar ekki nema hálf sköpuð. Þar er að vísu "s a n d u r og s æ r og s valar unnir," en "gras hvergi". Bærin er aðal kaupstaður Skagfirðinga en þó eigi gamall. Mun þar fyrstur hafa bygt Hallur Ásgrímsson, Grænlandsfari, um eða eftir 1860. Dó hann hér vestra fyrir nokkrum árum. Orðin er þar nú samt töluverð bygð og mörg hús mikið fremur reisuleg, fjórar eða fimm verzlunarbúðir og kyrkja. Þar er nú prófastssetur sýslunnar. Íbúatala mun vera um 750 manns.

Morgunin eftir komum við til Jónasar læknis Kristjánssonar, er hann bróðurson síra Benedikts frá Grenjaðarstað, en sonarsonur Kristjáns frá Stóradal. Kona Jónasar er dóttir síra Benedikts, en þau hjón Húvetningar að ætt. Var Jónas fyrir skömmu fluttur á Sauðarkrók, og var áður læknir fyrir austan. Er hann maður mjög vinsæll og talinn í röð beztu lækna landsins. Má það merkilegt heita að allir atkvæða læknar Íslands skuli vera ættaðir úr sömu sýslu, —

eru allir Húnvetningar. Hvernig á því stendur skal eg láta ósagt, en sennilegast er það af því, einsog stúlka á Stóru Giljá í Húnvatnssýslu gat til, er þetta barst í tal um lækna, að Húnvetningar hafa aldrei verið hræddir við mannablóð.

Til annara hjóna komum við einnig, Haraldar Sigurðssonar og Sigríðar Markúsdóttur hálf-systur Rögnvaldar í Réttarholti. En viðstaðan var ekki löng, því við vildum komast sem fyrst af stað. Var nú að skifta um veður og vissum við ekki hvers við máttum eiga von. Eigi komumst við þó af stað fyrr en að áliðnum degi og tafði það okkur helzt að við létum sauma þar kliftöskur undir farangur okkar suður.

Verið var að leggja vatnsleiðslu rennur um bæinn og eitthvað var verið að gjöra að veg-hleðslu upp úr bænum, upp hjá Sauða.

Sjálfsagt er fagurt útsýn fyrir ofan bæinn, í björtu veðri. Gnæfir Tindastóll þar yfir allan fjörðinn og var mér sagt að gengið yrði á tveimur klukkutímum úr bænum og upp á fjallið.

Í æsku var mér sagt að allskonar dýrindissteinar væru upp á Tindastól. Átti þar að vera vatn og steinar þessir í vatninu. Helztir voru hulinhjálmssteinar og óskasteinar. Sá sem bar hulinhjálmsstein var ósýnilegur, sá sem átti óskastein gat óskað sér alls.

Helzt hefði eg viljað ná í einn óskasteininn og þá til þess að óska þess að Sauðárkrókur gæti orðið því um kominn, að taka við arfi hins forna höfuðbóls Skagfirðinga. En eg efaði stórlega, að máttur steinsins myndi nógu mikill til þess. Sízt er þó fyrir að synja hverju steinarnir orka.

Um kveldið náðum
 § 50. Suður á Land. við að Víðimýri.
 Býr þar nú Þorvaldur Arasen er áður átti Flugumýri, sonarsonur Arasens læknis. Eigi var Þorvaldur heima en búin var okkur gisting og veittur beini. Fagurt er víða vestan vatna, á Sjáfarborg, en þó einkum á Reynistað. Er þar bær ríkmannlegur, hús öll úr steini, að mig minnir, og fyrirmannleg.

Á Víðimýri er forn torfkyrkja, sú síðasta í Skagafirði og var í orði að hún yrði látin standa órifin. Skoðaði eg hana um morguninn, og er hún að mörgu leyti tilkomu mikil. Í henni eru útskornir bekkir og kórþil, prédikunarstóll gamall og haglega gjörður, en frá hvaða tíma gat eg ekki fengið að vita. Í stofunni á Víðimýri, þar sem við sváfum um nóttina er forn og mikil lokrekkja. Mjög leist mér fólk þar myndarlegt og eru dætur Þorvaldar fríðar og gjörfilegar.

Er við vorum að leggja af stað um morguninn komu til móts við okkur, allar dætur Rögnvaldar frá Réttarhólti og fylgdu okkur út úr sýslunni yfir að Skeggstöðum. Heita þær Margrét, María, Sigríður og Valgerður. Þangað komu líka dóttir Halldórs Einarssonar á Grund og sonur hennar Gísli, unglingspiltur. Var hann með Rögnvaldi er hann vitjaði okkar til Akureyrar. Vorum við nú ellefu saman og fórum einsög leið liggur upp Vatnsgarð. Liggur vegurinn fram hjá æskustöðvum, Stephans G. Stephanssonar.

Skamt frá veginum er afar bratt gil og foss í gílinu. Þar eru grænar grundir í kring. Er staður þessi einn hinna mörgu fögru staða á Íslandi. Aðum við þar stundarkorn við fossinn, sem er afar hár en mjór, átum þar allskonar sælgæti, skröfuðum um heima og geima og töluðum um hvenær við myndum öll fá að sjást aftur.

Brattur er vegurinn niður af fjallinu ofan að Bólstaðarhlíð, en einkennilegt er að horfa þaðan ofan í dalinn, og þyrfti maður helzt að vera allur augu til þess, að fá séð allt sem er að sjá, á ferðalagi um Ísland.

Á Skeggstöðum sneri fylgdarlið okkar aftur. Riðum við með því ofan að Gili og kvöddumst þar. En Jón fylgdi okkur alla leið suður til Reykjavíkur og fór til baka með hestana, er við höfðum að láni tekið.

Á Skeggstöðum býr Sigvaldi Björnsson, bróðurson síra Arnljótar er var á Bægisá. Voru viðtökur þar hinar alúðlegustu. Fylgdi hann okkur daginn eftir niður að Auðólfstöðum í Langadal, hinu forna ættarbóli þeirra frænda. Ekki riðum við þangað heim, og kvöddum hann fyrir utan vallargarð og þökkuðum honum allan drengskap. Höfðum við nú á ný, kvatt alla frændur og frændabygðir og vorum orðin öllu ókunnug í annað sinn.

Ágætur vegur liggur út með Blöndu fram allan dalinn, og vegleg og vönduð brú hefir verið sett á ána rétt ofan við kaupstaðinn á Blönduósi, er það strengjabrú steinlögð. Litla viðdvöl höfðum við í kaupstaðnum, létum járna hest og fengum okkur kveldverð þar á gistihúsinu, ætluðum að ná inn að Hnausum og leita þar gistingar. Var nú verið að hugsa um að flýta sér og komast sem fyrst suður á land. En áfanginn varð lengri en við ætluðum og komumst því ekki nema að Stóru Giljá um kveldið. Höfðum við það til marks að nær myndi vera háttatíma, að fólk alt var horfið af engjum. Vissum við ógjörla hve langt var þá eftir til Hnausa. Reið eg heim að bænum og bað gistingar. Voru allir gengnir til svefns nema unglings stúlka, fríð og frjálsmannleg, dóttir ekkjunnar er þar býr. Sagði hún að ráð myndu vera á að hýsa einn mann. Sagði

eg henni að rýma yrði til betur, því við værum fjögur. En ekki varð henni skotaskuld úr því og fengum við þar hinn bezta greiða um nóttina.

Af veginum sést glögt heim að Þingeyrum. Ber vel á höfuðbólinn þar í miðri sveit og er víðsýnt fram um Þingið. Og altaf fanst mér þar viðkunnanlegast, þar sem víðsýnið var mest, — þar sem útsýni er ekkert er hver kvikur grafinn. Við fórum á Skriðuvaði yfir Vatnsdalsá fyrir ofan Hnausa og upp hjá Vatnsdalshólum. Er þar eitt með ein-kennilegra landslagi er eg sá þar í sýslu, strýtumyndaðir hólar og misháir, hver við annan, einsog þeim hefði verið mokað þar upp í dalnum og innan um þessa hóla eru Vatnsdalshólar og sér þaðan ekkert nema upp í himininn er var öskugrár þenna dag, því gengið var að með rigningu. Þurftum við aftur að láta járna, stönzuðum þar, því þar er smiðja.

Við fylgdum símaleið suður og eru símastraumarnir góð veg-glöggvan þeim sem ókunnugir eru. Á Lækjamótum er símastöð. Var komið fram um nónn er við komum þangað, áðum þar og báðum um miðdagsverð, en gistingu tókum við á Staðarbakka í Miðfirði. Fylgdum við okkar eigin henti-semi í því að ferðast ekki allan daginn matarlaus, og eins þó það sé ekki til síðs að

borða nema tvímælt, þegar verið er á ferðalagi. Verður maður ekki í annan tíma svengri.

Næsta miðdegi tókum við á Mel í Hrútafirði. Býr þar Jóseph Jónsson, tengda-bróðir síra Jóns Bjarnasonar. Var okkur tekið þar vel þó komið væri fram yfir matmálstíma. Þar er símastöð síðast, unz komið er yfir Holtavörðuheiði. Símaði Jóseph suður í Sveinatungu og ráðstafaði þar fyrir okkur gistingu. En löng var leiðin, og löng heiðin! En lengstur var áfanginn frá Fornahvammi og niður að Sveinatungu! Helzt hélt eg hann myndi alrei taka enda, en svo vorum við orðin þreytt, dagleiðin orðin löng. Urðum við fegin að mega fara af baki og ganga til svefns.

Veður hafði ekki verið sem bezt, frá því við lögðum af stað frá Víðimýri, stormur og rigningar súldur af og til. En um morguninn í Sveinatungu hvíldi snjór yfir allri heiðinni er við höfðum farið kveldið áður! Þetta var 1. ágúst. Veður var kalt, dimt, en úrkomulaust. Er neðar dró til bygða og fram á daginn kom, hlýnaði og var komið allgott veður er við komum í Norðtungu. Þar áðum við til miðdags, en ætluðum svo þaðan inn í Reykholtsdal upp að Reykholti. En með því við vorum ókunnug og okkur ekki nógu skýrt til vegar sagt, forum við þar

framhá er vegir skiftast, og fyrr en varði vorum við komin allar götur suður að Varmalæk. Spurðum við þar til vegar, en gátum þess um leið, að við ættum einnig erindi að Bæ og langaði okkur til að komast þangað. Sagði bóndi okkur að löng leið væri nú til baka aftur upp að Reykholti, en skamt til Bæjar og bauðst hann til að fylgja okkur þangað. Þágum við það. Var yfir míri að fara er öll gekk í öldum undir hestafótunum og hélt eg ekki annað en við myndum hleypa ofan í, á hverri stundu og fanst mér þetta hin mesta glæfracör.

Eigi var nú erindið mikið í Bæ. Bar eg þangað bréf frá Þorsteini kandidat héðan að vestan til föður hans. Hinsvegar var gott að koma þar og þiggja þar ágæta gistingu.

Fögur sveit er Borgarfjörður, frá Norðtungu og út með Hvítá, og frjólend að mér virtist. Fann eg það helzta að, að mér þóttu jarðir of stórar og fundust þær mættu vera smærri svo þar gæti verið fleiri bæjir og fleira fólk. Þessar stóru jarðir eru ekki hálf notaðar. Land liggur þar í órækt alveg eins gott og það sem ræktað hefir verið í tún, en við því má ekki hreyfa. Svo flytur fólk unnvörpum af landi burt. Munu fá héröð hafa lagt til fleiri vesturfara en sýslur þær er við höfðum nú ferðast um.

Þá eru fjöllin þar syðra afar einkennileg.

Óskaði eg mér að eg hefði verið kunnugri svo eg hefði kunnað nöfn á þeim. Þau eru hálf mensk, sum með tignarsvip, önnur almúgalegri og nokkur blátt áfram heimskuleg. En þótt eg væri að spyrja og spyrja liðu nöfnin úr minni jafn skjótt og mér voru sögð þau.

Af bæjum, er við gistum á, í suðurleið, er Bær myndarlegastur og húsakynni bezt. Bærinn er nýtt timburhús stórt og rúmmikið og bygður í útlenzkun, stíl. Hvar sem litið er úti eða inni ber alt vott um ríkidæmi og smekk. Er Björn bóndi Þorsteinsson talinn með efnaðri bændum sunnanlands. Óhætt er að fullyrða að Bær er fyrirmynd nýrri bæja í landinu, að húsaskipun og byggingum til. Eru þar byggingar allar hinar vönduðustu, nema ef það væri helzt kyrkjan. Virtist mér hún ekki nema í meðallagi, en svo kvað sóknin ekki vera stór og kyrkju-sókn ekki mikil.

Er við forum frá Bæ

§ 51. Til Þingvalla: um morguninn, var veður hlýtt en dimt. Beygðum við út af pósti leið og riðum inn Lundareykjadal. Er það beinast þegar farið er til Þingvalla. Inn Lundareykjadalinn má heita veglaust og bregður manni við að fara af póstveginum. Var okkur svo sagt

til vegar, að ókunnugir færu upp með hlið, en kunnugir riðu buga. Fórum við því hliðarveginn, en lítið skilaði áfram og varð tæplega farið nema fót fyrir fót. Má vera að eg hafi skakt til litið, en svo sýndist mér, að gjöra hefði mátt þar góðan veg án mikillar fyrirhafnar. Viða voru götur svo troðnar að þær færðu mann úr ístöðum. Er ekkert gekk lerðalagið, riðum við ofan að koti þar neðra í dalnum, og spurðum til vegar. Var þar kerling úti í hlaðvarpanum og ætlaði að taka bæinn, áður en við næðum að kasta á hana kveðju. En það tókst ekki, því við urðum fyrri til að komast fyrir dyrnar. Spurðum við hana hvort ekki væri til greiðfærari leið inn dalinn en þessi er við hefðum farið. Eftir nokkra þögn segir hún jú, en þá leið fari aðeins kunnugir og riði þeir þá "buga". Vísaði hún okkur þá ofan á eyrar. Tókum við því ráði, en hvað eftir annað urðum við að ríða ána, og fórum við fjórum sinnum yfir hana.

Veður gekk til rigningar er áleið daginn og um kvöldið kólnaði allmikið og byrjaði að snjóá. Um nóttina gistum við á Reykjum. Um morguninn var alhvítt af snjó! Var það 3. ágúst. Tvo undanfarna daga féll snjór á fjöllum uppi, en þessa nótt gekk hríðargarðurinn ofan undir sjó og niður um allar sveitir!

Það var kalt um morguninn að leggja á heiðina og fylgdi hriðin okkur allan daginn unz halla tók ofan í Þingvalla sveit. Víða var snjór hestum í hné. Ekki var þó neitt aftaka frost. Í bil þessum lá þó við borð að maður einn yrði úti, þýzkur fræðimaður Stoll að nafni. Hafði hann farið upp til óbygða frá Kalmannstungu og ætlað upp til jökla. Misti hann frá sér hestana og komst við illan leik til bygða, með báðar fætur frosna.

Heiðin upp af Lundareykjadal er ein með ljótustu heiðum á Islandi. Á heiði þessari við sæluhús, sem nú er löngu horfið andaðist Jón biskup Vídalín 30. ágúst árið 1720. Yfir heiðina er vegur lítt ruddur og illa varðaður, svo að í hriðinni sáum við ekki til varða og urðum hvað eftir annað að leita fyrir okkur til þess að missa ekki af stefnunni. Er heiðin kölluð Uxahryggjir.

Um það leiti sem halla tók til austurs og ofan undir Þingvallasveitina hurfu vörðurnar alveg. En af því snjórinn var sáum við hvergi fyrir slóðum, tókum því það ráð að ríða læk sem rann þar niður úr hallanum, treystum við því að hann rinni niður brekkurnar og ofan undir sveitina. Fylgdum við læknum nokkra stund. Eftir því sem neðar dró minkaði snjórinn og bráðum var hann horfin. Vorum við nú komin ofan

á sléttar sandauðnir, var það kringlóttur flötur en umhverfis hár og hrikalegur fjalla-hringur. Sandin óðu hestarnir eins og lausa mjöll. Er flötur þessi djúp skál ofan í fjöllin. Austast í skálinni er vatn skolgrátt á lit, minnir mig að það sé kallað Öskuvatn. Lá nú vegurinn upp austur í gegnum fjall-skarð fram hjá Meyjarsæti niður Hofmannaflöt og ofan í sveitina. Var nú veður orðið mildara og horfði til umskifta, allmikil salla rigning er brátt eyddi snjónum neðan til í hlíðunum. Landslag var frábærilega hrikalegt en tilkomumikið.

Við komum fyrst að bæ sem heitir í Hrauntúni. Er það hjáleiga frá Þingvöllum. Við höfðum tekið sniðgötu út af aðal veginum, og spurðum þar til vegar. Var þar þá drengur aðkomandi frá Þingvöllum, sagðist hann vera að fara heim aftur og gætum við orðið sér samferða. Spurðum við hann að heiti, en hann sagðist heita Sigurður og eiga heima í "Konungshúsinu". Við spurðum hann hvort hann væri umboðsmaður konungs en ekki var það, sagði hann að konungshúsið væri gistihús. Fylgdum við honum svo eftir alla leið.

Skáli þessi sem nefndur er konungshúsið var smíðaður sumarið 1907 fyrir gistiskála handa Friðriki konungi VIII. er hann heim sótti landið. Er skálinn nú notaður fyrir

gistihús og heldur hann kona frá Reykjavík. Leituðum við þar gistinga og fengum stórt herbergi með uppþúnum rúmum. Sagði húsfreygja okkur að þetta hefði verið svefnherbergi konungs. Það var svo slóðalegt að konungur skyldi svo ganga úr rúmi fyrir okkur!

Við vorum þrekuð eftir ferðina, holdvot og köld. Kulda hráslagi var í húsinu en hvergi eldur, svo kalt var að sitja þar inni í votum klæðum. Fór eg nú að kaupslaga við húsfreyju og bað um heitan mat, hafði orð á því að gott væri að fá heitt kjöt og sem flesta rétti heita,—gæti enginn rétturinn verið of heitur. Tók hún öllum þessum tilmælum vel og sagðist vonast til að geta látið okkur hafa "lambasteik" og tók það mikið úr okkur hrollinn að eiga von á því.

Við biðum góða stund eftir matnum, loks kom hann, kaffi og brauð og silungur! Hvergi sá eg "lambasteikina". Hafði eg með hógværð, orð á því við þjónustu stúlkuna að ljósleitt væri iambið. Afþakaði hún það að ekkert væri til annað en silungur, en morguninn eftir skyldum við fá steikina.

Heldur en halda kyrru fyrir unz gengið yrði til svefns kusum við að hafa á okkur hreyfingu þó vott væri úti. Gengum við því upp Þingstaðinn, eftir Almannagjá og

suður úr og upp á hraun. Skjól var gott niður í gjánni og næstum hlýrra þar en inni.

Ekki er hægt að hugsa sér fegurri stað en Þingvelli—fyrst og fremst gjána fagurgræna með bergveggjunum til beggja hliða, þetta undursamlega smíð náttúrunnar, sem vafasamt er, að eigi sinn líka í nokkru landi; svo þingbrekkuna, er líður í hægum halla ofan að vatninu, þessu undursamlega bláa og fagra vatni, með grasi vöxnum hólum, inn á milli lyng-gróinna hæða.

Þó sjá megi til bæja hér og hvar hvíllir sá svipur yfir sveit að ósjálfrátt grípur mann sú hugsun, að þessi staður hafi ekki verið ætlaður mönnum til bygðar, og hér hafi menn ekki fulla heimild til að búa. Staðurinn ber ekki manna svip, einsog svo margir blettir þessarar jarðar, er sýnast ætlaðir bændum og búalýð. Hann er líkari því að hér hafi guðarnir reist sér bráðarbygðar bústaði meðan þeir voru að ljúka við að skapa jörðina!

Og hæfilegri blett en þenna, gat norræna sjálfstæðis og jafnréttis hugsjónin ekki valið sér, er hún var gjörð útlæg fyrir endilöngum Noregi. Efast má um að hún hefði fundið nokkursstaðar jafn hæfilegan stað, þó leitað hefði verið heimskautanna á millum.—

Hér stóð Alþingi Íslendinga í nærfelt níu

En merki þess sjást nú fá. Nokkur tóftar-
brot eru niður í gjánni, öll sjálfsagt frá
síðari öldum. Engin eru þar spjöld eða
töflur, er leiðbeini og greini gestum frá hvar
þing eða búðir stóðu. Vilji maður vita það,
verður maður að leita upplýsinganna til
Reykjavíkur og þá, ber lærifeðrunum ekki
saman!

Það var orðið síðla kveldsins er við fórum
að sofa. Vosklæði báðum við skálakonu
að hengja til þerris um nóttina. Hét hún
okkur þeim fyrir kl. níu morguninn eftir.
Báðum við um að morgunverður væri þá til
og lofaði hún því. Heitt sjókkólaði til að
taka úr sér hrollinn, og þóttumst við nú hafa
ráðstafað húsi okkar vel. Um morguninn
ætluðum við að ríða austur að Geysi.

Morguninn eftir var glaða sólskin, hriðin
og kuldinn og rigningin horfin, en kominn
hiti. Við höfðum sofið okkur inn í nýjan
heim! Nú vildum við ekki vera tafir lengi í
rúmunum. Það eitt vantaði á, að við vær-
um í algjöru æfintýra landi að legið hefði
á pallinum við rúmin skínandi konunga og
drottningaskrúðar, þegar við vöknudum, í
stað vosklæðanna sem við lögðum af okkur
um kveldið! En það var nú öðru nær. Á
pallinum var gjörsamlega ekki neitt, nema
það sem votir skórnir höfðu flutt inn á
hann, dagana áður. Vorum við í æfintýri
stödd þó við vissum ekki af því!

Morguninn leið og ekki komu fötin. Þri-
vegi gjörði eg boð eftir þjónustu stúlkunni,
á þann hátt að eg barði í eldhús-þilið er
rúmið mitt stóð við, og bað hana að koma
til okkar fötunum. Gegndi hún í hvert sinn,
en kvað þau enn ekki þur.

Fór eg nú að halda að við værum beitt
brögðum, og hríðin á heiðinni verið gjörn-
inga veður á móti okkur gjört til þess við
skyldum lenda í þessu völundar húsi. Líka
fór eg að hugsa margt um lambasteikina,
er okkur var lofað um morguninn og helzt
að óska að við hefði aldrei um hana beðið.

Loks komumst við á fætur, en ekki var
morgunverður til. Leið svo fram undir há-
degi. En að síðustu kom hann og var þá
kl. um tólf. En lambasteikin, ekki mátti
gleyma henni. Ekki kom hún, en í hennar
stað fengum við bakaða lifur og nýru.
Sagði þjónustukonan, er hún sá að við litum
til þessa réttar, að lambinu hefði verið ó-
slátrað í gærkveldi, en ekki hefði náðst til
þess í morgun, er til hefði átt að taka, gæti
hún því ekki borið okkur annað en þetta.
Þakkaði eg henni fyrir og kvað það alls ekki
saka. En furðulegt fanst mér það vera, að
lambið skyldi sleppa lífs af og missa bæði
lifur og nýru.

Arnþótur B. Ólsen

Frá Þingvöllum
 § 52 Geysir og Gullfoss má heita óslitinn
 akvegur til Geysis.

Er landslag víða hrikalegt á þessari leið og yfir holhraun að fara. Fríkkar land aftur er ofan í dregur Laugadalinn. Eitthvað miðja vega milli Laugadals og Þingvalla kemur maður ofan á stórt flatlendi, er það snásveit en óbygð. Umhverfis er óslitinn himingnæfandi fjallahringur. Svæði þetta er grasi vaxið, og á baka leið var þar komið tjald, voru þar einhverjir við slátt. Virtist þarna vera staður nægilega stór fyrir bújörð, og eggsléttur því þar sér ekki þúfu. Héldum við fyrst að við værum að koma ofan í bygð er við forum ofan af heiðinni og er þetta mjög einkennilegur staður. Eftir var þó önnur heiði all breið ofan í Laugadal.

Biskupstungurnar þóttu mér fegurstar sveitir næst Blönduhlíð og Borgarfirði, og hefir hver sitt sér til ágætis. Alstaðar rauk úr jörðu í Laugadalnum og lagði gufustrókanna hátt á loft. Er það einkennileg sjón í björtu veðri, ofan af heiðinni. Er við sáum þessa gufumekki, héldum við fyrst að við værum rétt komin ofan að Geysi en eftir var þá æði langur spölur.

Klukkan var eitthvað um 7 er við komum ofan að Múla fyrir ofan Austurhlíð. Báðum við þar um kveldverð er strax var til

reiðu en ætluðum svo að halda áfram. Húsbændur voru ekki heima er við komum, en komu stuttu þar á eftir. Réðu þau okkur frá að halda lengra um kveldið, sögðu sem var, að eftir væri aðeins tæp stundar reið til Geysis. Sögðu þau okkur þá harma fregn að Geysir hefði gosið þá um daginn og væri nú vanséð að hann hreyfði sig fyrst um sinn. Gistum við í Múla í tvær nætur,—fram og bakaleið—var viðurgjöfningur hinn samlegasti.

Við vorum snemma við Geysi um morguninn. Var einkennilegt að ríða upp að hverunum, lækir féllu í smá kvíslum, sjóðheitir niður að öldunni og undir tók í jörðu einsog riðið væri á brú. Eftir hitanum að dæma virtist skamt þaðan til neðri bygða. Umhverfis Geysi er fjöldi hvera, en Geysir lang tignarlegastur og mestur. Þóttumst við þekkja hann, þótt ekki segði hann til nafns. Hverskálin er afar stór, á að gizka 18-20 fet að þvermáli og rúmt 3 feta djúp. Er hún ávalt full af sjóðandi vatni. Niður úr henni gengur auga um 18 til 20 þumlunga vítt, hve langt veit engin, en í fornri tíð er menn þektu þetta alt betur var sagt það næði niður til Vítis.

Allir standa hverirnar á öldu dálitilli. Hafa þeir hlaðið hana upp sjálfir. Engir gjósa þeir að staðaldri, nema Geysir og

tvö smá-augu, er neðar standa í hólnum og kölluð eru Smiðshver og Óþerrishola. Gýs Smiðshver ef í hann er borin sápa, en þrjú til fimm pund vill hann hafa, er það hreinlætið meira og gjörir hann mörgum mannum minkunn. Guldum við honum þann skatt strax um morguninn. Gosið er fallett en ekki mjög hátt, á að gizka 25 -30 fet. Óþerrisholan er sögð að gjósa undan úrfellum, hefir hún því hlotið þetta nafn. Þess á milli gýs hún sé í hana borið torf, og það gjörðum við óspart. Sýður hún það í korg, og spýtir svo öllu upp. Gosin eru þetta fimm til sex.

Fegurstu hverarnir í kringum Geysi eru Blesi og Fata. Er vatnið í þeim heiðblátt á lit, og er einsog niður í því leiki ljósgráir logar. Í sandinum við þessa tvo hverir, er sagt að megi baka brauð, svo er hitinn mikill! Úr Fötu er vatn tekið til eldunar, drukkum við úr því kaffi og smakkaðist vel. Strokkur, bróðir Geysis er nú hættur að gjósa, að fríðleika er hann síztur af hverunum. Við höfðum litla von um að Geysir myndi sýna okkur dýrð sína, þó vildum við ekki við hann skilja og töfðum þar fram yfir hádegi. Það var að smá dunka í jörðu einsog þrumur í fjarlægð, en ekki hreyfði hann sig meira.

Upp úr hádegi lögðum við af stað upp að

Gullfossi. Liggur leið um á Kjóa-
stöðum. Býr þar Egill Þórðarson bróðir
Stephens Thorsons. Stönzuðum við þar í
hlaði og bárum honum kveðju Stephens.
Allmargt fólk varð okkur nú samferða er
komið var frá Reykjavík til Geysis. Gull-
foss er eitt af hinum sjö náttúru undrum Ís-
lands. En sá galli er á að hann liggur upp
undir öræfum, og fellur áin þar í afardjúpu
gili svo fossinn nýtur sín ekki Þegar skamt
er að fossinum sést örlitla móðu leggja upp
úr gilinu, svo eru bakkarnir háir yfir foss-
inn. Sagt er að gullfoss sé vatnsmestur allra
fossa á Íslandi, og fagur er hann, ekki sízt í
björtu veðri, er sól er gengin til vesturs.
Sjást þá allir regnboga litirnir í vatnsúðan-
um, og rís þar regnboginn einsog gullbrú
yfir gjúfrunum. Aður fyrri hefir fossinn
verið hærri. Eru strengir í fljótinu ofan við
hann og geisi mikill bratti, myndast þar ann-
ar foss. Hefir farvegurinn að líkindum ver-
ið beinn, fram að þar sem neðri brúnin er
og aðal fossinn, en áin etið þetta burtu.

Við töfðum nokkra stund við fossinn
var það eins og að standa úti í hellirigningu.
alt var rennvott. Einstígur liggur niður í
gilið snarbrattur og örmjór. Teymdum við
hestana með okkur niður, en riðum upp.
En hugurinn dvaldi við Geysi og hvað þar
væri að gjörast. Skynduðum við því ferð

okkar til baka, og komum þangað laust fyrir kl. sex. Fórum við aftur að bera torf í Óþerrisholuna. Var nú margt manna aðkom-ið frá Reykjavík og víðar. Meðan við vor-um að þessu, fer að drynja í jörðu og verð-ur einhverjum litið upp að Geysi, lagði þá upp úr honum reykjar strókinn í háa loft. Hljóp nú fólk þangað úr öllum áttum, eins og komin væri dómssdagur og þar ætti dóm-inn að heyja. Rak nú hvert gosið annað, með miklum þyti,—sjö að tölu. Var það tignarlegri sjón en svo, að því verði lýst. Hæstu gosin hafa sjálfsagt verið allmikið á annað hundrað fet.

Töfin var ekki löng eftir þetta. Fóru allir að týgja sig á stað. Lá nú vel á öllum og var riðið hart niður traðirnar.. Við vorum þau einu að norðan. Segir Jón þá við okkur, að gaman væri að reyna, hvort hestar okkar yrðu allra aftastir, þó lengst væru þeir aðkomnir. Hleyptum við nú á sprett. Vissi hann hvað hann mátti bjóða klárunum og urðum við fyrst heim í Múla.

Morgunin eftir héldum við til baka til Þingvallar, tókum töskur okkar og hesta er við skildum þar eftir og héldum upp til Kár-astaða og gistum þar um nóttina.

Er þaðan skamt til Reykjavíkur, eitthvað 37 kilometrar eða um 25 mílur, yfir Mos-fellsheiði að fara, og niður sveitina. Vorum

við nú búin að fara landveg frá Húsavík suður, um 400 mílur einsog leiðir lágu og ferðalagið tekið, án tafa, um sextán daga. Höfðum við gjört vel, og farin að kunna svo vel við okkur á hestbaki, að við hefðum verið til með að halda ferðinni áfram, og riða alla leið til Ameríku. Er ekki ofsögum sagt af íslenzku hestunum, lipurð þeirra og kostum. Eru þeir þær kosta skepnur er engar þjóðir eiga, aðrar eins.

Á ferðalagi þessu hafði land og þjóð verið okkur gott og vinhlýtt. Var nú Ísland búið að sýna okkur alt sem það átti stríðast, blíðast og bezt,—sólskins daga, bjartar nætur, heiðar, hrjósturlönd og hríðarveður, fegurð fjalla og sveita, Þingvelli, Gullfoss og Geysi í allri þeirra dýrð. Eftir var nú að skoða höfuðstaðinn og til þess höfðum við rúman mánuð.

Góður er vegurinn, en
 § 53. Reykjavík: að öðru leyti fanst mér þessi hluti leiðarinnar ljótastur. Er Mosfellsheiði gróðurlítill eins langt og litið verður af veginum. Á miðri heiðinni er sæluhús. Fórum við þar af baki og gengum í bæinn. Höfðu þar kunningjar okkar að vestan komið á undan okkur, sáum við nöfn þeirra skráð með eiginhendi á hurð og dyrastöfum. Fórum við að þeirra

dæmi og skrifuðum okkur líka. Tvö sæluhús skoðuðum við á leiðinni suður, annað á Holtavörðuheidi og þetta. Húsin eru hlaðin úr torfi með járnþaki, og fyrir þeim góðar hurðir. Við innra gafl er upphækkaður pallur, fyrir menn er þar verða að láta fyrir berast, og áhöld til matreiðslu, en framhúsið er ætlað hestum. Húsin eru ekki mjög stór en í góðu standi, og eru sjálfsgagt hin þörfustu og hafa sennilega mörgum að liði komið.

Er við vorum nýfarin frá sæluhúsinu, sjáum við hvar einhver kemur ríðandi á móti okkur og fer löturhægt. Er við komum á móts við það kennum við að þar er komin sú "Bláklædda" er okkur varð samferða á Bothníu. Var hún nú í nærskornum reiðfötum og sat kallvega. Náðu hælarnir niður á miðjar síður á hestinum, og var það hin skringilegasta sjón. Bar þó ekki svo mjög á því hvað kátlegt þetta var fyrr en hún var komin nokkuð burtu og upp á há-hæðina. Má eg ekki svo til Mosfellsheiðar hugsa að eg sjái ekki þessa sjón þar á heiðarbrúninni.

Við fyrstu sýn verður maður ekki hrifinn af Reykjavík. Engin veruleg stórbygging er þar til og öll sýnast húsin sviplítill og hvert niður í öðru. Til að sjá, er bærinn smábæjarlegur. Göturnar eru allar þröngær og finnur maður meira til þess, vegna þess

Handwritten text, possibly a signature or date, centered on the page.

Arnljotur B. Olson

Arnþjótur Þ. Óhon




Öxará í Almannagjá

15.—“Þar sem Öxará fellur ofan í Almannagjá.”

Þórsuörk, Eyjafjallajökull



16.—Þórsuörk. Æskustöðvar Þorsteins Erlingssonar





hvað húsin standa fast upp að þeim og óviða gangtraðir fyrir framan. Ætlað er öllu að vera samferða mönnum og málleyingjum og er jöfnuðurinn full mikill. Breiðastar munu þær vera 16-20 álnir, en langflestar mjórri. Bænum er mjög saman þrýst. Hann er mjór upp frá sjónum, en langur fram með höfninni og skeifumyndaður.


Ætlað er á, að í Reykjavík búi um 13,000 manna, en sá sem vanur er amerískum bæjum myndi ekki ætla að þar ættu heima stórt yfir 5,000 manns, eða tæplega það. Götur eru allar lýstar með gasljósum, eru lampastaurarnir fremur lágir og kasta ekki birtunni langt, en svo skyggir þar ekki skógurinn á. Búið er að leiða vatn og leggja ræsi um allan bæinn, eru því hús útbúin með sömu þægindum þar eins og hér. Er í flestum húsum lýst með gasi og víðast eldað við gas. Þó ekki séu hús íburðarmikil utan, eru þau flest þægileg og viðfeldin innan, og mörg skrautleg. Nýrri hús eru flest byggð úr steinsteypu, þau eldri öll úr tré.

Þó maður kunni ytra sniði bæjarins hálf illa í fyrstu, venst bærin vel og var eg farinn að kunna þar ágætlega við mig eftir rúma vikudvöl. Að húsin standa þétt og bærinn lítill um sig, er kostur, einsog þar til hagar með samgöngufæri, svo er ódýrara að koma á umbótum einsog vatns- og gas-leiðslu, ræs-



MICROCOPY RESOLUTION TEST CHART

(ANSI and ISO TEST CHART No. 2)



APPLIED IMAGE Inc

1653 East Main Street
Rochester, New York 14609 USA
(716) 482 - 0300 - Phone
(716) 288 - 5989 - Fax

um og stræta-lagningum. Þess verður langt að bíða að sporvagnar eða motorvagnar geti borið sig, enda yrði þá að breikka göturnar, ef sporvagnar sem tíðkanlegir eru í stórborgum hér ættu ekki að teppa alla umferð um strætin og jafnvel að reka sig á húsin.

Með fárra vikna dvöl er ekki hægt að kynnast félagslífi bæjarins til hlýtar og því ekki unt að lýsa því, nema einsog það ber fyrir augu gesta og aðkomumanna. En samt er það skoðun mín, að samkvæmislífið sé þar á hærra stígi en í öðrum pörtum landsins, eða á öðrum stöðum þar sem Íslendingar búa. Er það sjálfsagt að þakka smekkvísi mentamannanna er gott skyn kunna á listum og lýtum. Reykjavík er höfuðból íslenskra menta-og fræðimanna. Munu mentamenn þar fleiri að hlutföllum við alþýðu en í nokkrum öðrum bæ að undanteknum Boston í Bandaríkjunum.

Um verzlunar og viðskiftalíf og skiftalífið verður ekki iðnaður: sagt það sama og virtist það 'aust við allan menningar brag og ólíkt því sem hér á að venjast. Tilhögun á búðum er gamaldags og óhönduleg og innan búðar er öll varningsskipun trassaleg. Farmurinn er fluttur af skipunum í búðirnar, og komið svo fyrir

að hann taki sem minst plázz, einsog verið væri að hlaða í annað skip. Afgreiðsla er sein og viðvaningsleg. Oft fanst okkur búðarþjónar þýðastir í viðmóti, er þeir gátu sagt að þetta eða hitt væri ekki til er um var beðið.

Bestur spegill viðskiftalífsins er Landsbankinn, sjálf landsjóðs stofnunin. Mun hann ólíkur flestum samkynja stofnunum í öðrum löndum. Sjálf byggingin er vönduð en inni finst manni alt vera á ringul reið. Langt borð liggur fyrir þveru húsi. Öðru megin eru bekkir til þæginda fyrir viðskifta menn hinumegin eru bankaþjónar, borð þeirra og skriffæri, stólar og bækur, alt í graut. Verður gestum fyrst fyrir að horfa eftir gjaldkera og bókhaldara. Að vísu sýnast bókhaldarar margir, því flestir bankaþjónarnir eru við einhverjar bækur, en gjaldkerin sézt hvergi. Þar er engin afgirt gjaldkerakró, einsog í öðrum bönkum í útlöndum. Eftir nokkra leit verður maður þess var að í innra horni stofunnar fram við glugga, stendur lítill hornskápur og við hann situr maður þetta er gjaldkerinn. Geymir hann peningana í skápnum og tínir þá fram á borð er stendur við skápinn. Þar liggja þeir þangað til þeir eru aftur látnir í skápinn. Furðar mann ekki þó eitthvað gæti farið í ólestri. Enda er gjört ráð fyrir því m e ð

lögum og gjaldkera leyft, á bankans kostnað að tyna nokkrum hundruðum króna árlega. Honum eru veittir það sem kallað er, talna-peningar, umfram kaup. Má hann telja skakt sem því nemur, og telji hann ekki skakt fær hann þessa peninga samt. Við bankann eru tveir forstöðumenn eða ráðsmenn, "jafnir að latnum og virðingu" segja lögin. Hver þessara manna eru einráðir að gjöra það sem þeim sýnist, er því eiginlega öll banka ráðsmenska ábyrgðarlaus.

Samband við útlenzkar peninga stofnanir er víst lítið, eftir víxilgjaldi að dæma. Tuttugu krónur setur bankinn fyrir að greiða út á \$100 ávísan til Canada, svarar þó aðeins kr. 3.65 út á dollarinn. Við bankann gildir alls ekkert peningaverð útlanda. Allt er undir því komið hvernig kaupin gjörast á eyrinni. Venjulegast kaupir hann ensk pund fyrir kr. 18.05, (en eg get getið þess að á Handels bankanum í Höfn fékk eg kr. 18.15). En vilji maður kaupa af honum pundið aftur kostar það kr. 18.24. Kvörtuðu útlendingar mikið undan þessum viðskiftum, er eg átti tal við. Öll utanlands viðskifti lætur bankinn keppinaut sinn, Íslands banka leysa af hendi fyrir sig, sem er dönzkt hlutafélags eign. En nærri má geta að ekki getur það verið hagnaður fyrir inn-

lendu stofnunina. Annað var það sem útlendingar áttuðu sig ekki á í sambandi við bankann, að tvisvar er honum lokað á daginn og þá kl. tíma í bili, meðan á venjulegum bankatíma stendur. Þurfa þá bankþjónar að fara til máltíða—til morgunmatar kl. 11, að mig minnir, og hafa þá verið rúma kl. stund við vinnu, og svo aftur eftir hádegið til miðdegisverðar. Myndi það þykja fádæmi í enskum löndum ef menn gætu ekki verið búnir að ljúka sér af við morgunverð kl. 9 eða um það leyti sem bankinn er opnaður. Kl. 6 fara eftirlitsmenn yfir reikninga á hverjum degi og er þá auðvitað lokað aftur; það er því alltaf verið að opna og loka allan daginn. Þó sem hæst standi á afgreiðslu, þegar að matmálstíma líður, verður að loka og reka alla út. Gjaldkeri flýtur sér að koma peningunum af borðinu í skápinn. Það á að fara að borða!

Inn í verzlunarbúðir ganga menn sere-móníulaust, en í bankanum taka allir ofan. Vill þó þetta farast fyrir með útlendinga því svo er sagt að "þú" taki ofan í bankanum nema Ameríkumenn, Englendingar og Vestur-Íslendingar.

Í Reykjavík er aðal afgreiðsla og skrifstofa á Íslandi "Hins Danska Sameinaða Gufuskipafélags". Er skrifstofustjóri og aðal umboðsmaður Kr. Ziemsen. Ýmsar

kvartanir heyrðust um viðskifti skrifis lunnar við ferðamenn, einkanlega um að loforð væri ekki ávalt haldin, þó gefin væru, um farþegarúm í skipum til útlanda. Töldu sumir það sök þess "Sameinaða" en aðrir skrifstofustjórans. Komst eg í nokkur kynni við skrifstofuna er færði mér sönnun á að ekki væru viðskifti sem viðfeldnust og næsta ólík því sem maður á að venjast hér vestra. Við höfðum keypt farseðla frá Khöfn fyrir báðar leiðir fram og aftur. Með því, var mér sagt, að eg hefði forgöngurétt að svefnherbergjum á skipinu, á útleið, ef eg framvísaði farseðlunum nokkru áður en skipið ætti að fara.

Eg lét ekki á löngu líða eftir að við komum til bæjarins að framvísa farþéfunum og panta kætu. Var því tekið vel en sagt að þetta væri enn ofsneamt til þess að tiltekin yrði kætan og skyldi eg koma seinna, svo sem hálfum mánuði áður en skipið ætti að sigla. Kom eg þá aftur á tilsettum tíma. Var mér enn sagt eg kæmi of snemma. Bað eg þá um að við værum bókuð, svo að þetta gleymdist ekki, og var það gjört. Engar pantanir voru þá komnar um farþegja rúm. Var mér þá sagt að eg skyldi koma aftur daginn eftir að skipið kæmi að utan, ætti það þá eftir að fara norður á Ísafjörð, væri það því nógur tími.

Gjörði eg það en umboðsmaður var þá ekki við. Sagði skrifstofuþjónn mér að um ekkert káetuplázz myndi vera að ræða á skipinu, væri það nú alt upptekið með enskum og þýzkum. Baðst eg þess að mega sjá bókina og veitti hann það. Höfðu þá verið færð inn nöfn ýmsra er með skipinu komu og ferðamanna er komið höfðu um þær mundir til bæjarins, og fáir eða engir enn borgað fargjaldið. Kom þá umboðsmaður að í þessu og lét eg í ljósi óánægju mína við hann og krafðist káetunnar. Hafði hann nokkrar undanfærslur og var svo helzt að skilja að hann áleti að útlendingar ættu að sitja fyrir Íslendingum. Sagði eg honum þá að eg myndi kæra þetta ef ekki fengist lögum á þessu, og ætlaði eg ekki að láta drepa okkur niður á víð og dreif um skipið, og skildum við með því, ósáttir. Höfðu Íslendingar að vestan verið þannig leiknir áður um sumarið, og látnir víkja fyrir útlendingum.

Leitaðist eg nú fyrir með plázz hjá Thore skipafélaginu og gat strax fengið það sem eg bað um. En skip þe 3 átti að fara hálfum mánuði seinna. Var okkur stórt óhagræði að bíða, ef til hefði komið og ekki verið annars kostur, en það hefðum við þó heldur gjört en hlýta hinu. Eg hafði orð á þessum ójöfnuði við Jón Ólafsson alþingismann,

og bauðst hann til að ganga með mér upp á skrifstofuna. Var þá aftur sömu svörum að mæta. Vildum við nú fá að sjá farþega skrána en okkur var neitað um það. Að tveim dögum liðnum er eg staddur niður við bryggju. Er umboðsmaður þar þá og segir mér að hann muni geta látið mig fá það sem eg hafi beðið um, ef mér lítist að taka því, væri þá gott að eg slepti kærnum, og léti Jón Ólafsson vita um þetta. Tók eg boðinu af því við máttum ekki biðja okkur að meinlausu. En ójöfnuð fanst mér það "Sam-einaða" sýna, með þessu og það meiri, sem það er launað úr landsjóði fyrir að halda uppi strandferðum og póstflutningum til útlanda. En ef umboðsmaður tók þetta upp hjá jsálfum sér, þá er þjóðinni engin vegs- auki að slíkum umboðsmanni.

Iðnaður í höfuðstaðnum er ekki marg- brotin, höfuð atvinnugrein er fiskiveiðar. Er flutt út árlega ágrynni öll af saltfiski. Hefir saltfiskurinn íslenzki unnið sér álit á vörumarkaði í útlöndum, og er talinn beztur. Er það fiskimanna stéttinni bæði hagnaður og sæmd. Verksmiðjur eru fáar, klæðaverksmiðja, smiðaverksmiðja, gosdrykkja- stofa, bókbandsstofa. Telja má líka slátur- hús fyrir sauðfé og uppskipun, til iðnaðar og svo bæjar vinnu. Skortir það helzt á vellið- an almennings hvað atvinna er rýr. Mætti

stórum bæta hana ef verzlunarstéttin hefði áhuga fyrir því. En fyrst þyrfti bærinn að eignast stóra rafafis-stöð svo hreyfiafl yrði ódýrt og hiti. Vinnulaun eru lægri í Reykjavík en víða í útlöndum þar sem verksmiðju framleiðsla er mikil, og vatnsafl þar er nóg til allra nota.

Ein iðnaðarstofnun er þar sérkennileg, Thorvaldsens Bazaarinn. Er það nokkurskonar verzlunarbúð og þar hafður ýmiskonar heima iðnaður til sölu og hlutir er sérkennilegir eiga að vera fyrir Ísland. Stendur Thorvaldsensfélagið fyrir verzlun þessari, kvenfélag, er hefir það fyrir ætlunarverk að styrkja fátæk og munaðarlaus börn í bænum. Gefa konurnar alla vinnu sína við verzlunina og skiftast á með afgreiðsluna. Er tilgangurinn góður. Getur hver sem vill lagt inn vörur á Bazaarinn til sölu og tekur félagið ákveðin sölulaun er ganga í félagssjóð. Ekki er félagið skyldugt til að taka nema þá vöru sem því sýnist, en í þessu efni virðist bæði vanta fullkominn smekk fyrir hvað sé tilhlýðilegt að hafa á boðstólum til minja um landið og iðnað þjóðarinnar, og skilning á verðgildi og vörumæti. Er þar margt óheyrilega dýrt, og gefur ferðamönnum þá hugmynd að stofnunin sé til að ræna ferðamenn fremur en að styrkja fátæk börn. Heyrði eg marga Englendinga og Ameríkumenn tala um það, er

voru að bera verzlun þessa saman við önnur "curio shops" í útlöndum. Þar voru til-
dæmis tré-askar seldar á kr. 12—15 og upp í
kr. 25, ekkert haglega gjörðir og sumir ofar
litlir. Hornspænis gamlir og nýjir á kr. 2-3
Sauðargætur, ofboð algengar á geypiverði,
og svo skinn-skór af ymisri stærð. Var þeim
mjög ótað að ferðamönnum og fanst mér
ekki laust við að landinu væri það fremur
til óvirðingar, að þessir hlutir væru fluttir til
útlanda og hafðir til sýnis um Íslendinga.
Eru íslensku skórnir síztur vottur íslenskrar
menningar og stórum ljótari og óhaganlegri
en skór þeir sem skrælingar búa til hér í
landi. Sjálfsagt hafa forstöðukonur Thor-
valdeens Bazaarins aldrei hugsað út í þetta,
eru því þessar athugasemdir gjörðar með
allri vinsemd.

Arnþjótur B. Þsson

Helztu söfnin í Rvík eru
§ 35. Söfnin og Forngrípa-safnið, Lands-
Háskólinn: bóka- og Landskjala safn-
ið, og Náttúrugripasafnið.
Eru þau öll geymd í sama húsi, stórri og
myndarlegri stein byggingu. Á efsta gólfu
er "Forngrípasafnið" og er forngrípavörður
Matthías Þórðarson. Fremur er það fá-
tæklegt og ættu Íslendingar að hlú betur að
því. Margt er þar þó merkra fornminja.
Ýmsir hlutir hafa fluzt hingað vestur er þar

... að vera svo sem gamalt silfur, tréskurður, smáhlutir og skrautgripir, og heti eg allmarga þvílíka séð hér til og frá. En engan kjörgríp hefi eg þó séð líkan skáktafli því, úr rostungstönn, og í eigu er Bjarnar Halldórssonar frá Ulfstöðum. Er það gjört af hinum mesta hagleik og menn allir skornu sinn með hverju móti. En bæði er það að Forngrípa-safnið er félítið og svo er engin gangskör gjörð til þess að safna saman merkjum forngrípum er vera kunna í eigu Íslendinga í útlöndum, að gripir þessir eru á við og dreif. Gætu Íslendingar hér vestra ekki unnið þjóðernislega þarfara verk, sér að fyrirhafnarlausu og kostnaðarlitlu, en með því að senda þessa hluti heim og gefa þá safninu. Mundu gjafir þær halda lengur uppi nöfnum þeirra, sem Íslendinga, en steinar þeir sem settir eru á leiði þeirra her,—og þau göfugri hátt.

Oflítið er að halda safninu ekki opnu nema tvo kl. tíma á dag, um miðdagstíma, atarleytið milli kl. tón og tvo. Fengum við aldrei tækifæri á að skoða það til hlýtar. Safnið er alt í einum stórum sal og vinna fimm manns við það. Var eg þess fullviss að ef það hefði verið í Boston eða Lundúnum hefði verið látið nægja að hafa einn mann auk forngrípavarðar og því að líkindum verið haldið opnu nokkru fram eftir deginum.

Á næsta gólfi fyrir neðan er Landsbókasafnið, er það mikið og merkilegt safn. En síðan við það bættist safn Bókmentafélagsins, er flutt var heim frá Khöfn, er orðið alt of þröngt um það. Dr. Guðm. Finnbogason er aðstoðar bókavörður. Sýndi hann okkur um safnið. Þar sá eg handrit Hallgríms Péturssonar, er höndin bæði skýr og fög. r.

Yfir Landskjalasafninu eru Dr. Jón Þorkeilsson og Hannes Þorsteinsson ættfræðingur. Virtist mér það best umgengið af öllum söfnunum.

Móti Landsbókasafninu, á sama gólfi er herbergi Jóns Sigurðssonar. Eru þar geymdir fáeinir munir er keyptir voru úr dánarbúi þeirra hjóna. Var það Tryggva Gunnarssyni að þakka, einsog margt sem Íslandi hefir verið til sæmdar. Var hann í Khöfn er uppboðið var haldið, og keypti það sem óselt var er hann kom á uppboðið og sendi heim. Þar er rúm Jóns Sigurðssonar með sængur fatnaði, eitthvað af klæðnaði hans, vasa-úr, skrifborð og örfáar myndir. Rúmfötin sýndust velkt. Sagði herbergisvörður að það kæmi til af því, að áður en Safnhúsið var bygt, voru munir þessir geymdir yfir í þinghúsinu, höfðu þá þingskrifrar og aðrir, það til síðs að kasta sér upp í rúmið!

Vel færi á því, að geymt væri í herberginu alt það sem ritað hefir verið og útgefið til minningar um Jón Sigurðsson, og ætti landið að eiga þesskonar safn.

Einsog menn muna til var háskóli Íslands stofnaður á aldarafmæli Jóns Sigurðssonar. Er hann yngstur allra háskóla Norðurlálfunnar og fátækastur. Hús á hann engin og eru nefndarstofur Alþing notaðar fyrir kenslustofur, lítið sem ekkert bókasafn og fá eða engin áhöld til vísindalegra rannsókna. Hann er ríkastur af kennurum —og þeim góðum, svo að óvíst er að aðrir skólar hafi hlutfallslega jafn valið kennaralið. Háskólinn er sæmdar og nauðsynja stofnun fyrir landið, en þó svo bezt, að hann fái komið að tilætluðum rotum, og kafni ekki undir nafni, sökum fátæktar. Tæplega væri Íslendingum í útlöndum mögulegt að vinna landinu meira gagn, en með því að efla hann með gjöfum af eigin fé eða fá auðmenn til að gefa til hans svo um munaði, þeir sem það gætu.

Alþingi stóð yfir vikurnar
 § 56. Alþingi: sem við töfðum í Reykjavík. Var það auka-þing kvatt saman til þess að koma á samtökum og samkomulagi í Sambandsmálinu, og svo til að athuga tekjumál landsins, með hvaða

hætti bezt yrði bætt upp fyrir tekjumissirinn er stafæði af afnámi vintollsins. er féll af sjálfu sér með innflutningsbanni áfengra drykkja.

Þingið kom saman um miðjan júlí og stóð þangað til síðast í ágúst. Tillögur komu fram nokkru fyrir þing, um að landsjóður tæki einkaumboð á allri kolaverzlun í landinu. Var bent á að kol þyrftu ekki að hækka í verði við það, en svo væri mikill hagnaður af kolaverzluninni að landsjóði gæti orðið þetta drjúgur styrkur. Voru ýmsir leiðandi menn fýsandi þess, en fjöldi á móti. Var það borið fyrir að þetta væri einokun, og með öllu óhafandi. Kom þetta mál því aldrei fyrir þing.

Nokkru fyrir þingið, komu helztu leiðtogar flokkanna sér saman um hverju halda skyldu fram í Sambandsmálinu, og bundust samtökum um að fylgja því á þinginu. Auk þingmanna skrifuðu margir málsmetandi menn undir tillögur þessar, er í flestum meginatriðum voru þær sömu og undir urðu við kosningarnar 1908. Var flokkur þessi kallaður "Sambandsflokkur" og átti að standa yfir þingið, en samningstillögur, "bræðingur" á máli andstæðinga. Ekki urðu þó sumir gamlir í flokknum, en gengu úr og á móti, skömmu eftir þingbyrjun.

Við þingbyrjun vék Kristján Jónsson ráð. herra sæti en kosin var í hans stað Hannes Hafstein. Þótti hann líklegastur til að fá nokkru framkomid í Sambandsmálinu við Dani. og honum falið það til meðferðar við konung.

Annað mál um Lotteri stofnun vakti langar og miklar umræður. Var það flutt inn á þing sem tekjuuppbóta frumvarp fyrir landsjóð. Danzkt hlutafélag bað um stofnskrá fyrir Lotteri. Aðal bústað sinn ætlaði það að hafa út í Danmörku, en selja átti Lotteriseðla um allt Danska ríkið. Fyrir það hagræði að veita félaginu stofnskrá, átti landsjóður að fá hlutdeild í gróða félagsins er svaraði einum fimta, (20 prósent). En gróði félagsins átti samkvæmt stofnskrá að nema þrjátíu af hundraði (30 prósent). Var félaginu með þessu heimilað að draga sér einn fjórða af allri seðlasölu,—því fé er almenningur lagði í félagið, auk þess sem landsjóði var ætlað. Sóttu ýmsir mál þetta fast og var að lokum samþykkt að veita stofnskrána og gjöra landsjóð að meðfélagi í dönsku fjárglæfra félagi! En það bjargaði þjóðar sæmdinni að lögin voru aldrei af ráðherra borin upp fyrir konungi. Annað frumvarp kom til umræðu og samþykkt; að landsjóður tæki að sér einkasölu á allri ölu. Tilgangurinn með því var sá að hefta einokun Danska ölufélagsins, sem er

grein af Standard olíufélaginu ameríska, og hafði í höndum sér alla olíu verzlun í landinu. Til storkunnar við þing og þjóð hækkaði það olíuna um kr. 5 tunnuna meðan á þingi stóð. Svo var tilætlað að landsjóður héldi olíunni á sama verði og áður.

Á marga þingmenn leist mér mikið vel, og raunur á þingið í heild. Eg hefi horft nokkrum sinnum á þing hér í fylkinu, og fanst mér alþingi bera af því að ýmsu leyti. Er það að fjöldanum til nokkuð jafn skipað. Auðvitað hvíldi yfir því annar bragur, en þar er margt gáfu manna, er þykja myndi atkvæðamenn, ef þeir ættu heima hjá stærri þjóð og ríkari en Íslendingum.

Í Reykjavík er
§ 57. Reykjavíkingar: fólk samankomið úr öllum fjórðungum landsins. Munu fleiri atkvæða menn bæjarins vera að norðan og austan en þaðan úr grendinni. Þó eru nokkrir að vestan og sunnan. Mun því flest sameiginlegt með bænum og þjóðinni, og ekki aðgreint verða.

Þegar bærinn er borinn saman við borgir í útlöndum mun óhætt að segja að menning og siðgæði sé þar í góðu meðallagi, að

minsta kosti verða gestir ekki annars varir. Drykkjuskapur er þar lítill og skvaldur og svall á götum úti alls ekkert. Tvo bæjar-
menn sá eg nokkuð ölvaða meðan eg dvaldi
þar, var annar þeirra pólití en hinn fiskikarl.

Sumar skemtistaðir bæjarbúa eru sveitir-
ar og Þingvellir. Sá eg margt yngra fólk
bæjarins samankomið á Þingvöllum og kom
það flest vel fyrir. Sennilegt er, að til sé
þar fólk, sem ekki er vant að virðingu sinni,
en sem betur fer mun það fremur fátt; en
svo mun víðar vera ef vandlega er leitað.
Yfirleitt er óhætt að fullyrða að íslenzka
þjóðin sé heilbrygð þó hana kunni eitthvað
að skorta í ýmsum eignum og í ýmsar áttir,
til fulls sjálfstæðis. Hún er að vísu sællif
og hefir ávalt verið, og fram yfir það sem
efnahagur hennar leyfir, en svall-líf hefir hún
aldrei verið. Ef út á þá braut er farið, er
skjótt snúið við, kemur þá til greina hin ís-
lenzka viðkvæmni og tilfinningasemi.

Með jafn skamri dvöl og við höfðum
þar í bænum getur enginn orðið mönnum
mikið kunnugur. Að heilsast og hittast í
svip, skilur flesta eftir jafn ókunnuga og
áður.

Tímenn sem við töfðum þar vorum við
til heimilis hjá frú Margrétu Magn-
úsdóttir Olsen, systur Björns
prófessors Olsen. Er hún hin ágætasta

kona og heimili hennar einn sá beztu veru-
staður sem eg get hugsað mér. Hún er
ekkjja Ólafs Guðmundssonar læknis, er um
tíma var læknir Rangvellinga. Eftir að hún
misti mann sinn flutti hún sig með fóstur-
börn sín þrjú til Rvíkur og hefir búið þar
síðan. Nýtur hún einhverra lítilla eftirlaun
er hrökkva munu skamt til lífsframfærslu
þar í bænum. Glöð er hún og góðlátleg í
viðmóti, og sí-starfandi í ýmsum félagsmál-
um.

Fyrir milligöngu hennar veittist mér sú
ánægja að kynast lítilega bróður hennar,
Birni prófessor. Hann er maður á efra
aldri rúmt sextugur, þægilegur í viðmóti,
mikill vexti, og hinn höfðinglegasti í sjón.
Er hann talin mestur málfræðingur allra nú-
lifandi Íslendinga. Flytur hann fyrirlestra
í Norrænn og fornmálum við háskólann;
var hann og kjörin fyrsti forseti háskólans.
Er háskólinn eitt af hans einkamálum og mun
það vera hans stóra áhugamál að koma hon-
um sem bezt á stofn. En þar er margur
þröskuldur á vegi og þó fátækt landsins
stærsti erviðleikinn. Að leita styrktar til
útlendra auðmanna, vill hann að sé því
aðeins gjört, að ekki sé virðingu lands og
þjóðar misboðið með því. Má það líka á
öllu finna að hann metur sæmd og virðingu
ekki síztra hluta og ber hann með sér mestan

lærdóms- og menta-brag allra manna er eg
sá á landinu.

Til Þorsteins Erlingssonar kom eg lang oftast og gjörði mig þar heima kominn, enda boðið það, svo er Þorsteinn líka heim að sækja að þar getur enginn kunnað öðruvísi en vel við sig. Er kona hans honum mjög samhend í því að láta gestum þeirra líða vel. Þorsteinn er hvítgrár fyrir hærum og þó tæpt hálf sextugur, heilsan lítil og líkams kraftarnir aldrei verið miklir. En hann er það hraustari til sálarinnar sem hann er öðrum tæpari að líkamlegri heilsu. Sagði hann mér strax, fyrsta daginn sem eg kom þar, að ósatt væn það sem um sig væri sagt, að fyrst og síðast hneigðust allar hans ræður að trúmálum. En ekki vorum við búnir að sitja lengi er talið hafði borist að trúmálum, og vissi hvorugur okkar hvernig það hafði atvikast. Og svo vildi það verða oftast, og síðasta daginn sern við vorum í Reykjavík og eg fór yfir um til að kveðja hann, var hann þá nýkominn heim frá jarðarför Indriða Indriðasonar, að trúarhugmyndirnar urðu þóttum efstar í huga, — 'Örlög guðanna' skoðanirnar sem menn skapa sér í dag um tilveruna og eðli og tilgang þessa mannlega lífs, en hverfa á morgun — alveg eins og mennirnir sjálfir sem koma og eyðast

eins og hugsun — eða draumur. En svo ræddum við um margt fleira. Ísland á hann allann og óskiftann. Saga þjóðarinnar, baráttan öll, hugsanirnar er hafa hreyft sér í sálum liðinna kynslóða, skáldskapurinn og tungan, eru honum heilög efni. Þess vegna getur hann heiðrað minningu Hallgríms Pétursson, þó skoðanir þeirra komi hvergi saman. Hann hrygðist hjartanlega, ef hann heyrði á okkur eitthvað viðkomandi landinu er talið var til ókosta, áleit það stafaði af ókunnugleika. Kvartaði eg undan því að lítið væri útsýnið víða og fjöllin, —að vísu fögur í fjarlægð, en hrjóstug og köld,—skygðu þar á, sagðist hann þurfa að fara með mig ‘‘upp á ofurhátt fjall,’’ og myndi mér þá annað sýnast en að þau þrengdu að útsýninu.

Eg hafði heyrt um hann sagt að hann væri bölsýnn, en á þeirri skoðun get eg ekki verið. Mannást hans og hin sterka tilbeiðsla og lotning fyrir sannleika, frelsi, og öllu því sem vel er sagt, ber vott um bjartsýni og lífsgleði. Honum er bókstaflega vel við mennina og það er þeirra hluta vegna að hann ræðst á stefnur og hefðir í þjóðfélaginu. Hann er að reyna að frelsa þá frá þeirra eigin gjörðum, frá sjálfum þeim, og það er ekki auðveldasta hlutverkið, og verða svo ekki misskilinn.

Af glaðværð og gáfum fanst mér hann eiga nóg til skifta meðal þúsunda. Einni kveldstund eyddum við hjá honum og verður það eitt mitt mesta eftirlætis kveld. Eigi þarf að lýsa honum í sjón, eiga flestir mynd hans og ber hún honum bezta sögu. Hann er tæpur meðalmaður á hæð snyrtilegur en alþýðlegur í framkomu; vingjarnlegur í sjón, ennið hátt og augun dökk og fögur.

Þremur skáldum öðrum kyntist eg dálítið og er hið sama að segja, að minningarnar eru allar glaðar og góðar frá samfundum þeirra. Til Þorsteins Gíslasonar kom eg fyrst, og oft síðar. Taldi eg mér skylt og heimilt, að tefja fyrir honum af því hann er ritstjóri, leita til hans upplýsinga og spyrja hann um allt. Fékk eg að lesa hjá honum blöðin að vestan, þá sjaldan að þau komu. Var hann jafnan hinn vingjarnlegasti, hversu annríkt sem hann átti. Þorsteinn er maður fremur dulur í viðkynningu og orðfár og orðvar. Hann er stór vexti, ekki fríður en gáfulegur í sjón, allmjög hærður. Er hann talinn með djúp hyggnaði mönnum og traustur vinur vina. Ekki flasgefinn, hæg fyndinn en tilfinninga ríkur, þó hann fari dult með. Fremur er hann talinn íhaldsamur, en er þó afar frjálslýndur og víðsýnn í skoðunum.

Til Guðmundar Magnússonar var okkur boðið eitt kveld, og var gott að sækja þau hjón heim. Guðmundur er glaður og ræðinn og stórhuga. Var helzt á honum að heyra að hann langaði til að geta gefið út góða sögu á hverju ári. Er í honum mikill ferðahugur og langar hann til þess að fara sem víðast um og kynna sér byggð og borgir meðal erlendra þjóða. En ástæðurnar leyfa það ekki. Er hann bundinn við handverk sitt á daginn en söguritan á kveldin og hefir þessi elja og ástundan fleytt honum þangað, sem hann er kominn. Talaði hann nokkuð um að sig langaði til að koma hingað vestur, og lét eg hið sama í ljós við hann og nafna hans á Sandi, að ef hann réðist í þá ferð, myndi Íslendingar hér gjöra honum komuna og dvölinna skemtilega eftir því sem föng yrðu til. Guðmundur er enn á bezta aldri og því fær í flestan sjó.

Þá er þriðja skáldið, og er hann flestum kunnur hér þó komið sé alt upp í tuttugu ára áðan hann átti hér heima, en það er Jón Ólafsson. Tók hann okkur eins og sveitungum af því við vorum héðan að vestan. Er hann enn ern og hvatur á fæti þó farinn sé að eldast og hvítur fyrir hærum. Ber hann aldurinn vel. Heima hjá honum kyntis eg Dr. Ágúst Bjarnassyni

prófessor í heimspeki við háskólann íslenska. Er hann einn afkasta mesti vísindamaður landsins, eins og rit hans bera vott um. Hefir hann nú gefið út heildar yfirlit yfir "Sögu Mannsandans" og eru bækur hans fyrstu heimspekisritin sem íslenska þjóðin hefir eignast. Hann er sístarfandi. Er hann nú að semja stórt og vandað verk í 'Sálarfræði' og er óskandi að honum auðnist að koma því sem fyrst út. Fáar bækur, er hingað koma vestur, eru keyptar og lesnar meira en rit hans. Hann er sérlega viðkynnilegur maður, en hæglátur í framkomu, og ber með sér svip og sinkenni mentamannsins. Fullur er hann af brennandi áhuga fyrir framtíð og hag háskólans og fús myndi hann vera að taka höndum saman með hverjum sem væri, til hvers þess, er orðið gæti til styrktar skólanum. Sýndi hann mér um stofur skólans og fanst mér á honum að betur hefði honum líkað ef meira hafði verið þar til að sýna. Kvartaði hann helst undan því að skólinn ætti ekki hús yfir sig og verður það tilfinnanlegt þegar fram í sækir.

Fyrir áeggjan Jóns Ólafssonar flutti eg messu í Frikyrkjunni sunnud. 25. ágúst. Var hún vei sótt. Sýndu alþingismenn og bæjarbúar okkur þá góðvild og gestrisni að fjölmenna. Að undanteinum Þorst. Erlingssyni, er þá sagðist ekki hafa komið í

kyrkju í átján ár, þótti mér vænst um að sjá þar tvo menn er eg ekki átti von á að þar myndu verða,—Þá Harald prófessor Niélsson og Magnús Landshöfðingja Stephensen. Einsog allir vita er Haraldur Niélsson einn allra frjálshyndasti, víðsýnasti og fordómalausasti guðfræðingur Íslands. Í huga hans er hinn kristni trúarbragða félagsskapur manna, eitt—alsherkjarkjan—trúflokkarnir mismunandi, eins og kyrkjurnar mörgu með ýmissi lögun, eru bygginga-stíllinn. Það var til alsherkjar kyrkjunnar, hins almenna trúarsamfélags manna, að hann kom—að líkindum sá eini, er þar var. En það var umburðarlyndið og fordómleysið í trúarbragða sökum, er einkent hefir hina eldri frændur hans, að Magnús Landshöfðingi var þar staddur. Hann er maður nú hniginn mjög að aldri.

Hálfum mánuði síðar eða laugardagskveldið 7. sept. flutti eg fyrirlestur í "Báru-búðinni" einnig að áeggjan Jóns Ólafssonar. Var það tveim dögum áður en við lögðum af stað heim aftur. Umræðuefnið var "Sköðun Únítara". Samkoman var vel sótt og meðal annara ráðherra Íslands Hannes Hafstein, er sýndi okkur þá góðvild að vera þar viðstaddur. Var það gestrisnis og góðvilja vottur hans til

Íslendinga að vestan. Að lokinni samkomu-
 unni kynti Dr. Agúsi Bjarnason mig Guð-
 mundi læknir Hannessyni, pró-
 fessor í læknisfræði við háskólann og ein-
 hverjum fleirum er eg man nú ekki að
 tilgreina. Guðmundar hafði eg heyrt getið
 að mörgu og góðu og þótti mér því vænt
 um að fá tækifæri að heilsa honum. Bauð
 hann okkur heim til sín mánudaginn næstan
 eftir, enn af því við vorum þá á förum höfð-
 um við ekki tíma til að nota okkur gestrisni
 hans.

Eigi þarf að lýsa Jóni Ólafssyni en of-
 mæli eru það ekki, að segja að hann sé
 yngstur allra eldri manna í Rvík, og
 muni svo verða fram til daganna enda.
 Margan starfa hefir hann með höndum, svo
 ekki situr hann aðgjörðalaus; alþingismað-
 ur, orðabókar höfundur, ritstjóri, forseti
 verzlunarskólans, banka estirlitsmaður, ogfl.
 í heimboði vorum við hjá honum, viku áður
 en við lögðum af stað heim. Var það eitt
 ánægjulegasta kveldið í Reykjavík. Fjör
 og fyndni, glaðværð og góð skemtan fram
 yfir miðnætti.

Kvöldið eftir bauð svili Jóns, Bene-
 dikt S. Þórarinsson okkur heim
 til sín. Áttum við þar hið ánægjulegasta
 kvöld. Sagði Þorsteinn Erlingsson mér að
 hann væri bókfróðastur maður í Rvík, enda

á hann eitt bezt bókasafnið í bænum. Benedikt kaupmanni kyntumat við dálftið bæði heima hjá Þorsteini og hjá Jóni. Hann er einkar viðfeldinn í viðkyningu, ekki orðmargur, en, að manni finst, þar allur þar sem hann er.

Öðrum kaupmanni kyntist eg dálftið líka. Jóhanni Jóhannessyni og kom eg oft heim til hans. Er hann ör og afgjörandi um alt og einn næsti fjársýslumaður bæjarins. Fluttist hann suður þangað um aldamótin, þá efna lítill, en er nú með auðugri mönnum í bænum. Hann er einn af aðal förgöngu mönnum Bóksalafélagsins og hefir gefið út og kostað fjöld rita. Fasteignasölu stundar hann af mikilli hagsýni og þess utan bóksölu og allskonar vörupöntun. Ávalt var hann hinn gestrisnasti og glaðasti heim að sækja, fanst mér hann í öllu viðmóti 'amerískastur' allra manna er eg kyntist á landinu; tápið, starfs-áhugiinn, verzlunar útsjónin, óviðjafnanlegt og fáir standa honum þar á sporði.

Einn meðal hinna ýngri manna er suður hafa farið ungir og umkomulitlir en komið sér vel áfram þar í höfuðstaðnum, er Jóhann Kristjánsson ættfræðingur, kyntist eg honum allvel. Vildi hann okkur alt til ánægju gjöra meðan við töfðum þar í bænum. Hann er talinn einn með ætt-

fróðustu mönnum landsins, þó ungur sé og hefir haft þann starfa nú um tíma og undirbúa manntalsskrána til prentunar. Hann er bókavörður Sögufélagsins. Hefir félagið gefið út tvö rit eftir hann, "Alþingismannatal" og "Prestaskólamenn". Ýmsan annan fróðleik hefir hann saman tekið, en aðallega leggur hann fyrir sig ættfræðina.

Af öldungum bæjarins kyntist eg ekki nema einum og það litillega—Tryggva Gunnarssyni. Við sáum Björn ritstj. Jónsson aðeins út á götu, og eins Steingrím Thorsteinsson.

Fanast mér mikið til um hvað Steingrímur var ör og léttur í hreyfingum, jafn aldraður maður. Horfði eg oft á eftir honum þar sem hann fór, og mátti ekki sjá að hann væri maður átræður. Tel eg mér það eitt með meiri ávinningum ferðarinnar að eg fékk að sjá hann og lyfta fyrir honum hatti á götunni, þó ekki fengi eg meiri kynni af honum að hafa. Listin og fegurðin hefir átt þar ágætan talsmann svo þjóð vor er sælli og ríkari fyrir verkin hans. Ljóð hans og sögur munu verða Íslendingum lengi kær, eru þau hinn fagri sumargróði endurvakningar aldarinnar nýju.

Tryggvi Gunnarsson er þjóðkunnastur meðal starfsmanna þjóðarinnar; tók hann sér snemma verk í hönd og hefir ekki

lagt það með öllu niður ennþá og stendur þó nær áttæðu. Hann er stór maður vexti og mikill fyrir manni, höfði hærri öllum meðal mönnum. Átti eg stundar tal við hann og fanst hann fjörugur og skemtinn. Áður var eg honum kunnugur, gegnum bækur "Þjóðvinafélagsins," og hefi eg margar sögur hans lesið með ánægju í "Dýravininum" og í "Almanakinu", og það munu fleiri unglingar hafa gjört á uppvaxtarárunum. Einkennilegt er það með Tryggva, jafn margbrotið starf einsog hann hefir með höndum haft um æfina, að hann skyldi verða aðal forvígismaður dýraverndunar á Íslandi. Og á meðal yngri kynslóðarinnar er það áreiðanlegt, að orð hans hafa fallið í góða jörð. Ólíkt mun meðferð betri á skepnum og mannúðlegri, nú en fyrrum, og er þar ótalin ein gleðilegasta framförin, veitir þó sjálfsagt meira arð í mannúðar átt en til efnalegra gæða. Sjálfsagt hafa þeir verið ólíkir menn í mörgu, Pétur biskup og Tryggvi Gunnarsson, en smásögur þeirra beggja hafa þó ef til vill, unnið betur saman, að einu markmiði því að göfga hugsunarháttinn, en nokkurra annara tveggja manna er ritað hafa fyrir alþýðu manna nú í seinni tíð. En svo er það ekki hið eina varanlega verk Tryggva. Dugnaður hans og atorka í því að vekja þjóðina til verklegra framkvæmda, og breytingin sem hann hefir með því móti komið á

hugsunarháttinn, að þjóðin treysti meira á orku og áræði, sér til lífs og bjargar, en nízkku og nirfilshátt, mun verða með óbrotgjörnustu brautasteinum hinnar nítjándu aldar.

Nokkrum dögum áður en við lögðum af stað vestur, var okkur boðið heim til ráðherra Hannesar Hafsteins. Tók hann og frú hans og móðir okkur með hinni mestu alúð. Eru þau hjón tignarmenn í sjón. Hafstein ráðherra er ávalt og hvar sem hann er staddur, mikill fyrir manni, og glæsímenni, en mestur og beztur heima. Er það einkenni flestra mikilmenna og vottur allrar sannrar mikilmensku. Um fáa hafa jafn miklar deilur staðið og hann, frá því hann kemur fyrst við landsmál, en í öllu því sem um hann hefir verið sagt hefir honum aldrei verið borin hlutdrægni við andstæðinga eða sérdrægni með ættingum og vinum. Má af því nokkuð marka hver maður hann er. Hefir hann hvorki talið sér það sæm- andi, eða haft löngun til þess, að þröngva kosti mótstöðumanna sinna þó í hans valdi hafi staðið, eunda mun sú tilhneiging fjarri skapi hans. Virðist svo sem stefna hans í stjórnmálum sé fremur það að skifta svo á milli, tð framför og menning inn á við í landinu, fái vaxið jafnhliða sjálfsforræði þjóðarinnar út á við. Og víst er um það að

geti ekki hvorttveggja fylgst að, kemst hvorugt langt, hvernig sem er látið.

Dvölin var ekki löng, þar heima hjá honum og barst því ekki margt í tal. Eitt sem eg spurði hann að, var hvaða laga ákvæði væru gjörð viðvíkjandi því, ef útfluttir Íslendingar vildu eignast borgara réttindi að nýju, hin sömu og þeir hefðu haft. Man eg ekki hvað hann sagði um það, en í orði sagði hann það vera, að breyta lögum svo að þeir gætu fengið aftur öll réttindi innfæddra borgara með eins árs búsetu í landinu.

Framfor lands og þjóðar eru hans mestu áhuga mál. Auðfundið var að margskonar, skilningsleysi er komið hefir fram í ýmsum myndum, á viðleitni hans, hefir snert hann og þó einkum sú lítilmenska er talið hefir eftir, það fé sem gengið hefir í að bæta samgöngurnar, og telja vill öðrum trú um að þjóðin geti komist til menningar og sjálfstæðis, án alls tilkostnaðar. Er kenning sú líka hún versta villa. Áorki hún nokkru verður hún þess valdandi að þjóðin varast allra áreynzlu en hallar sér að steingjörvingsstefnunni, að halda öllu í sama horfi og forðast allar tilbreytingar. Hið einasta sem hann sagði og helst sýndi að hann fann til undan þessum öfugskilningi var hið sama og fram kom í tæðum hans á þinginu. "Engin þjóð

í heimi hefir öðlast framför og menningu, án þess að leggja margt og mikið í sölurnar." Er það líka sanni nær. Engin þjóð hefir eignast menninguna fyrir ekkert. Hefir það kostað flestar ærið fé og æfilanga baráttu.

Er við forum óskaði eg þess í huganum að starf hans og baráttu í þarfir landsins mætti verða þjóðinni til hinnar sömu sæmdar og virðingar og hann er heimili sínu til sæmdar og prýðis. En því miður veit eg að von sú á ervitt uppdráttar. Því á sviði þjóðmála hefir hann ekki þeirri óeigin-gjörnu og drenglunduðu samvinnu að tagna og heima á meðal konu og dætra.

Lengst af héldum

§ 58. A Bessastöðum: við kyrru fyrir meðan við töfðum í Reykjavík, gjörðum tvívegis tilraun til að komast út í Viðey, en tókst ekki. Sunnudaginn 11. ágúst forum við þó til Bessastaða og gengum báðar leiðir. Er það all langur spölur. Helzta erindið var að heilsa upp á *G r í m T h o m s e n*. Hví-
 lir hann vestan undir kyrkjuni: er þaðan útsýni gott yfir Skerjafjörðinn. "Heygja skal mig hafs við strönd" kvað hann um *Hálf konung*. "margra hluta minnast, má eg brims við róm," og mun hann sjálfur eigi hafa ver-

íð ólíkt skapi farinn. Steinn er á leiðinu og á honum nafn, fæðingar- og dánar-dægur Gríms, að öðru leyti er leiðið ekki prýtt.

Annað er ekki að sjá á Bessastöðum; er jörð og staður í vanhirðingu og búa þar nú engir. Steinkyrkjan forna stendur að vísu og Páll Stígsson, faðir Stóradóms, f kórnum, en önnur prýði er þar lítil. Bæinn fengum við að skoða er áður var hinn forni Bessastaðaskóli. Er það stórt og ramgjört steinhús, eru veggir sjálfsagt hálfseðmings þykkir, og berað allmikinn fornaldarbrag. Í Bessastaðaskóla, gengu þeir Jónas og Konráð, Páll Melsteð og Jón Sigurðsson, voru þá kennarar Hallgr. Scheving, Sveinbjörn Egilsson og Björn Gunnlaugsson, og þar eru fæddir Dr. Grímur Thomsen og Benedikt Gröndal. Svo mörg og góðfræg nöfn íslenzkra merkismanna eru tengd við Bessastaði, að það virðist næstum sjálfsagt að jörðin væri keypt og gjörð að þjóðareign. Mætti líka gjöra þar ágætan skemtistað, út frá Reykjavík, því skamt er þangað ef yfir fjörðinn er farið, og þó farið sé landveg ekki nema góður göngu-sprettur.

Með okkur gengu yfir til Bessastaða Jóhann Kristjánsson, og A. J. Johnson og kona hans. Vorum við þeim hjónum kunnug héðan að vestan. Sýndu þau okkur ýmsa góðvild tímunn sem við töfðum í Rvík.

Hann var einn með þeim fyrstu er við hittum þar á götu, eftir að við komum í bæinn, og hann fylgdi okkur út fyrir landsteina er við fórum, inn til Hafnarfjarðar.

Það var farið að halla degi er við komum til baka frá Bessastöðum. Liggur vegurinn inn hjá Kópavogi. Benti Jón okkur á að þarna væri staðurinn þar sem Íslendingar hefðu svarið sig undir einveldi Dana-konungs 1662. Fagurt útsýni er þaðan, en hús hrörleg og ekki ósamboðin staðnum og minningu þessa óheilla atburðar.

Kveldið eftir var okkur boðið til ald- raðrar konu þar í bænum, vinkonu frú Margretar Olsen, fósturdóttur hennar, Guðrúnu Aðalstein, höfðum við lítillaga kynst, og var hún nú komin til að færa okkur heimboð föstru sinnar. Kona þessi er Sigríður hússtjórnarkona Helgason, er um afarlangt skeið var hússtjórnarkona Friðriksspítala í Khöfn. Þekti hún marga Íslendinga fyrr á árum, í Khöfn og meðal annara Magnús guðfræðing Eiríksson. Andaðist hann á Friðriksspítala einsog kunnugt er. Sagði hún okkur margt af honum og högn hans. Þá þekti hún vel til Bertels E. Ó. Þorleifssonar, hins gáfaða mentamanns, er svo snemma misti við og á svo sorglegan hátt. Sigríður er mesta myndar kona, stór gáfuð, og höfðum við mikla ánægju af kom-

unni til hennar. Hún er fróð um margt og skemtin í viðræðum. Er hún fékk lausn frá stöðu sinni við Friðriksspítala flutti hún til Rvíkur. Nýtur hún allgóðra eftirlauna, og gjörir nú ráð fyrir að eyða því sem eftir er æfinnar heima á fósturjörðinni. Þangað vill hugurinn að lokum leita. Þótt víða sé farið, og erlendis dvalið fyrri hluta æfinnar.

Þó ferðast sé sem fljótast

§ 59. Yfirlit: yfir landið og reynt sé til að taka eftir því sem fyrir augu ber, kynnist maður ekki högum og háttum þjóðarinnar nema á yfirborði. Þó sýnir efnahagur sig nokkuð, og var það sýnilegt að hvergi var um mikið ríkidæmi að ræða. Efnahagur meðal bænda virtist vera jafnari en meðal bænda hér í álfu, til dæmis í eldri bygðarlögum vorum og er þá þó líkustu saman jafnað, ef ekki er farið út í eignamat. Aðal auður landsins er grasið, á því lifa menn og skepnur, því þó fiskiveiðin geti verið arðsöm, fæðir hún fæstan hluta landsbúa. Víða finst manni að hægt myndi vera að rækta jörðina betur en gjört er, og skifta mætti jörðum í fleiri býli. Myndi hvorttveggja stórum auka framleiðslu í landinu. Það sem útlendingum kemur kynlegast fyrir sjónir er hvað óvíða er reynt að rækta og sá til fóðurs, þar sem þó allur búskapur

til sveita, hvílir á kvikfjárræktinni. Það er hreinasta undantekning að nokkur beri það við. Það er sett alt "á guð og gaddinn," treyst á hina venjulegu grassprettu og þar við látið sitja.

Ekki er þó nú orðið markaði og verði á innlendri vöru um að kenna. Virtist mér það fremur gott. Hrossamarkaður var haldinn á Frostastöðum dagana sem við töfðum í Skagafirði og seldust þar þriggja vetra gömul trippi á kr. 165-185. Eftirspurn er orðin mikil á íslenskum hestum frá Svíþjóð, þykja, sem er, hentugri smá bændum þar, en stærri og innlendu hrossin. Þá var líka gangverð á vorlömbum frá kr. 9 og upp í kr. 12. Smjör var mér sagt að væri á krónu pundið og ull frá 70 aurum upp í krónu.

Þó efnahagur sé víða órífur virtist fólki þó líða fremur vel. Húsakynni eru á stöku stöðum afbragðsgóð, en víðast viðunanleg. Gjöra má þó ráð fyrir að flestir bændur landsins séu eitthvað skuldugir. En aldrei mun sú tíð hafa verið, nú á síðan öldum, að bændur hafi ekki skuldað meira eða minna í kaupstað. Eg gæti trúað því að Íslendingum líði ekki eingöngu eins vel nú, og þeim hefir liðið nokkru sinni, heldur stórum betur.

Stundum heyrir það að landið sjálft sé í

þungum skuldum og svo er víst, en svo er með öll lönd hins siðaða heims. Ef umbætur í vegagjörð og opinberar stofnanir á Íslandi væri virtar til verðs myndi það meira en vega upp á móti skuldum landsjóðs. Landið er í uppgangi og á framfaraskeiði, það sanna hinar margvíslegu umbætur sem hafa verið gjörðar nú síðustu ár, hversu langt sem þær framfarir kunna að komast. En til þessara framfara hefir það orðið að leggja fram mikið fé. Er það ekki eins dæmi. Ekkert siðað land er svo til, að það hafi öðlast menningu sína fyrir alls ekkert. Innanlands má segja að samgöngur séu orðnar greiðar, má heita að komin sé óslitinn akvegur frá Húsavík og suður til Reykjavíkur. Flestar ár eru brúaðar, og í kaupstaði komin vatnsleiðsla í húsin. Þá hjálpar síminn ákaflega mikið til að tengja saman fjarlæga landshluta og léttir undir í öllum viðskifta málum, utan og innan sveita.

Lífsskilyrði allra framfara eru vegirnir. En ef haldið verður áfram eins og byrjað er, líður ekki á löngu þangað til öll vegagjörð verður komin í vænlegt horf.

Samgöngur við útlönd eru enn of tregar og póstgöngur ótíðar. En úr því bætist ekki fyr en verzlunarstétt landsins safnar meira metnaði og gjörir sitt fremsta til að koma því í betra lag. Virðist sem hún ætti

aðallega að bindast fyrir því, hennar væri hagnaðurinn mestur, eða svo myndi vera á það lítið í öðrum löndum.

! landinu sjálfu þyrfti vinnu aðferðin að breytast og almenningur að læra að nota og þekkja betur þær vélar sem bæði gætu sparað og gjört margfalt verðmætari vinnuna. Kerrurnar sem notaðar eru við flutninga eru illhafandi, tvíhjólaðir lurkar og einum hesti beitt fyrir, liggur svo allur þunginn sem hlaðið er á kerruna, niður í hryggnum á hestinum. Í stað þeirra ættu að koma vagnar léttir og liprir, svipaðir þeim sem notaðir eru hér í austur Bandaríkjunum, upp um hálöndin og fjöllin.

Aðal vinnan að sumarlaginu upp til sveita er við heyskapinn og fanst mér hörmung að horfa á þá aðferð sem notuð var bæði við þurk og flutning á heyji. Tók eg sérstaklega eftir því á þeim bæjum sem við forurn fram hjá þar sem verið var að binda af túni. Ekki var þó nema steinsnar að flytja, en óll sú fyrirhöfn að binda hvert strá, og svo að segja að raða þeim á lófa sínum áður en það var látið upp á hestana. Og alt varð að gjörast í höndunum og við hvern bagga voru tveir, víðast hvar karlmaður og kona er kiptust og spyrntust á, einsog væru þau að reyna afl sitt. Óvíðast eru tún stærri en svo að fyrirhafnar lítið mætti slétta brautar-

stæði frá heytóptinni og út í horn á tánunum og aka heyjum saman á vögnum, tæki það ólíkt skemri tíma og vinnufólks sparnaðurinn myndi bráðlega borga vagnverðið.

Yfir landsmönnum sjálfum er hið bezta að láta. Hvar sem farið var og hvar sem komið var, voru viðtökur góðar og alúðlegar. Ávalt var til boða það sem til var. En heldur kusum við að gista, þegar þess var kostur, á bæjum, en á gististöðum. Er ekki laust við að álíta, að fólk kunnir ekki tök á gíatíhússhaldi, og vilji þar mörgu saman ægja.

Innilegur hlýhugur hlýtur að vakna hjá þeim sem ferðast um landið, til landsins sjálfs. Það er svo einkennilegt og mjög ólíkt öðrum löndum. Skiftir því í ótal heima. Á sumum stöðum er svo fagurt að maður getur ekki hugsað sér fegurri staði, aftur er svo ljótt og eyðimerkurlegt og yfirgefið á öðrum, að manni finst maður hljóti að vera staddur fjarri allri mannlegri byggð og bústöðum. Er þó oft skamt þaðan ofan í sveitir—græna og gróðursæla dali.

Ekki get eg hugsað mér betri stað en Ísland að ferðast til, fyrir þá sem þurfa hvíldar og hressingar með. Kyrðin er þar víða svo mikil að þögnin ein verður að háværð og skvaldri. Aftur er loftið hressandi og

ávalt heilnæmt, þó útlendingum sumum finnst það vera kalt.

Þeim aftur sem leita eru að sumarskemntan gæti eg ekki vísað til betra staðar. Þar leikur alt við ferðamanninn, hin fríða náttúra landsins, vinsamlegar viðtökur landsbúa sjálfra. Og sjálfsagt finst mér það, ef Íslendingar taka sér skemtiferð á hendur að þeir fari ekkert annað en til Íslands. Hvergi geta þeir skemt sér betur, hvergi einlæggar og innilegar. Frá því þeir koma og þangað til þeir fara eru þeir ávalt á meðal sinna og finna ekki til að þeir hafi að heiman farið.

Þann 9. sept. lögðum við af stað heimleiðis aftur. Haustið var að koma og sumarið á förum. Enn var þó veður hið hjartasta og hlýjasta í Rvík. Sá tími sem við höfðum ráð á, okkur til skemtunar var nú liðinn. Frá sumrinu var ekki annað að geyma en hlýjar og þakklátar endurminningar. Það var eitt okkar bezta.


Með okkur var nú til baka aftur lítill drengur, sonur Gísla Jónssonar hér í bæ. Var hann á leið vestur til foreldra sinna og búinn að bíða þess í átta ár að hann yrði fær um að leggja í þessa ferð yfir hafið. Með skipinu voru allmargir Íslendingar, er sumir ætluðu til Englands, aðrir til Khafnar, og nokkrir vestur alla leið, þar á meðal

fjórtán vesturfarar. Með skipinu var og Einar skúld Benediktsson og fólk hans, er hann einn hinna gáfuðustu Íslendinga sem nú eru uppi, en einkennilegur í skoðunum.

Frá Glasgow tókum við okkur íar með skipinu "Hesperian", er það eign Allanlínu félagsins. Bættist þar við í hópinn Mrs. Söphía Bildfell héðan úr bænum. Var hún nú að halda vestur og búin að vera sumarlangt að heiman. Ferðalagið gekk fljótt og vel. Einn daginn hreptum við þoku, nokkra hafis-jaka sáum við er í námunda dró við Nýfundnaland. Annað var okkur ekki að farartálma. Þann 23. sept. komum við til Montreal, vorum þar dag um kyrt, til þess að skoða okkur örlítið um í bænum, en 25. sept. alla leið heim. Var nú ferðin á enda.

Og síðan, hvenær sem eg renni huganum til baka, til eyjarinnar ísiþöktu út í sjónum rís enn sterkari en áður sú von og ósk í hjarta mínu, að þjóð vor og land séu nú aðeins að byrja daginn, að framtíðin beri þeim margföld gæði í skauti, og þjóðinni verði aldrei vits né gæfu vant, meðan sól rís úr djúpi og fellur sær á söndum.

Arnljótur B. Olsen





Arnþjotur B. Olsen

Eftirmáli.

Ferðalýsingar þessar voru upphaflega skrifaðar sem fyrirlestur fyrir "Menningarfélagið" hér í bænum, haustið sama sem við komum að heiman. Hefi eg nú aukði þar talsverðu inn í er frá var sagt, og leitast við að færa frásöguna í sögustil. Að öðru leyti er engu breytt

En nú eftir nærri tvö ár, hefir margt breytt heima og eru ýmsir dæmir er minst er á í ferðasögu þessari. Þó fréttir væri eg hún að fá af því áður en eg hreinskrifaði síðustu örkina áleit eg samt réttast að breyta engu; vildi helst eiga myndir þeirra manna einsog þeir komu mér fyrir sjónir og eg kyntist þeim.

Arið sem leið dóu frá Ragnheiður Hafstein og skáldið Steingrímur rector Thorsteinson, en á þessu hausti er þjóð vor svift Þorsteini Erlingssyni og Jóhanni Jóhannessyni. Mun söknuðurinn almennur yfir fráfalli allra þessara manna, eins hjá þeim er aðeins höfðun stundar kynni af þeim.

Um ritið sjálf hæfir ekki að fjölyrða. Ósankvæmni í rithætti og þrenvillur bið eg lesendur að afsaka. Breyði fyrir á stöku stöðum röngum skilningi á því sem verið er að lýsa, þá stafar það ekki af löngun til að fara með ósannindi, eða herma rangt frá, heldur er þá ókunnugleika minum um að kenna.

Winnipeg, Man., 1. desember, 1914.

Rögnv. Pétursson.

Arnjotur B. Olson

EFNISYFIRLIT

I. Til Boston:

§ 1.—Austurferðir — — — — —	3— 5
§ 2.—Húsin a Eyðimörkinni — — — —	5— 19
§ 3.—Austur Canada — — — — —	10— 12
§ 4.—Boston — — — — —	12— 26
§ 5.—Kveðjur a landi — — — — —	26— 31
§ 6.—Félagstíff a sjó — — — — —	31— 33

II. Á Englandi:

§ 7.—Fislingaræði — — — — —	34— 35
§ 8.—Með lestinni til Lundúna — — —	35— 37
§ 9.—Lundúnaborg — — — — —	37— 42
§ 10.—Pálskyrkja — — — — —	42— 44
§ 11.—Templekyrkjan — — — — —	44— 45
§ 12.—Wesminster — — — — —	45— 49
§ 13.—Brezka safnið — — — — —	49— 55
§ 14.—Dyragarðurinn — — — — —	56— 59
§ 15.—Höll Wolseys kardinála — — — —	59— 63
§ 16.—Lundúna kastali — — — — —	63— 66
§ 17.—"Zion Önnur" — — — — —	66— 72
§ 18.—"Yðar þénustu búinn" — — — —	72— 74
§ 19.—Mikið um kveðjur — — — — —	74— 75

III. Til Norðurlanda:

§ 20.—“Hið Danska Sameinaða” — — —	76—80
§ 21.—Esbjerg — — — — —	80—85
§ 22.—Yfir “Danaveldi” — — — — —	85—88
§ 23.—Kaupmannahöfn — — — — —	88—97
§ 24.—Thorvaldsens-safnið — — — — —	97—99
§ 25.—Söfnin í Höfn — — — — —	99—101
§ 26.—“Kristján IV. kongur vor” — —	101—104
§ 27.—Friðriksborg — — — — —	104—109
§ 28.—Skemtigarðar — — — — —	109—110
§ 29.—Frúarkyrkja — — — — —	110—113
§ 30.—“Dannaður” — — — — —	113—116
§ 31.—Margir eru konungsvinir — — —	116—118
§ 32.—Til næstu nesja — — — — —	118—120
§ 33.—Til Stokkhólms — — — — —	120—121
§ 34.—“Lásinn fyrir dyrunum” — — —	121—129
§ 35.—Uppsalar — — — — —	129—133
§ 36.—Bjartar nætur — — — — —	133—135
§ 37.—Fýrisvellir — — — — —	135—137

IV. Heim:

§ 38.—Til Skotlands — — — — —	138—140
§ 39.—Edinborg — — — — —	140—143
§ 40.—Thorshöfn — — — — —	143—150
§ 41.—Trúin og vísindin — — — — —	150—153
§ 42.—Í landsýn — — — — —	153—156
§ 43.—Landtakan — — — — —	156—160
§ 44.—Húsavík — — — — —	160—164
§ 45.—Í Aðaldal — — — — —	164—175
§ 46.—Til Akureyrar — — — — —	175—183

§ 47.—Vestur í Skagafjörð — — — — —	184—190
§ 48.—Heim að Hólum — — — — —	190—199
§ 49.—Sauðárkrókur — — — — —	199—204
§ 50.—Suður á Land — — — — —	204—210
§ 51.—Til Þingvalla — — — — —	210—217
§ 52.—Geysir og Gullfoss — — — — —	217—223
§ 53.—Reykjavík — — — — —	223—228
§ 54.—Viðskiftalíf og iðnaður — — — — —	228—234
§ 55.—Söfnin og Háskólinn — — — — —	234—237
§ 56.—Alþingi — — — — —	237—240
§ 57.—Reykjavíkingar — — — — —	240—255
§ 58.—Á Bessastöðum — — — — —	255—258
§ 59.—Yfirlit — — — — —	258—264
Eftirmáli — — — — —	267—268

MYNDIR.

- 1.—St. Pálskirkjan í Lundúnaborg.
- 2.—Lundúnaborgar kastali.
- 3.—Thorvaldsens listasafnið í Kaupmannahöfn.
- 4.—Standmynd Thorvaldsens, eftir hann sjálfan.
- 5.—Frúarkirkja í Kaupmannahöfn.
- 6.—Inngangur í Friðriksborgarköll.
- 7.—Riddarahólmiskirkjan í Stokkhólmi.
- 8.—Ríkisþinghúsið í Stokkhólmi.
- 9.—Dómkirkjan í Uppsölum.
- 10.—Konungshaugarnir fornu í Gömlu Uppsölum.
- 11.—Brúðartör í Klakksvík í Færeyjum.
- 13.—Húsavík í Þingeyjarsýslu.
- 14.—Hólar í Hjaltadal, kirkjan og skólinn.
- 15.—"Þar sem Öxará fellur ofan í Almannagjá.
- 16.—Þórsmörk. — Æskustöðvar Þorsteins Erlingssonar.

Arnþjótur B. Olsen

LEIÐRETTINGAR.

4. bls. 19, 8 lína, "dróg" fyrir dró.
 6. bls. 33, 9 lína, "sína" ofaukið.
 19. bls. 75, 19 lína, fallið burtu að eftir orðinu "fara"
 22. bls. 86, 1 lína, "Middlefart" fyrir Middlefart.
 23. bls. 94, neðsta línan brotin, orðin "sér, þekkingu á norænum" máðst af.
 34. bls. 121, 18 lína, "Norströnn" fyrir Norström.
 35. bls. 129, 25 lína, "kallaði" fyrir kallaðr.
 40. bls. 144, í neðstu línu, "skriður" fyrir skirður.
 42. bls. 153, 26 línu, "dróg" fyrir dró.
 45. bls. 173, 8 línu "borðstofan" fyrir baðstofan.
 46. bls. 178, 19 línu, "var" fyrir varð.
 48. bls. 196, 9 línu, "á" fyrir í.
 51. bls. 214, 4 línu, "húsfreygja" fyrir húsfreyja.
 51. bls. 215, fallið burt úr neðstu línu orðin hundruð ár.
 51. bls. 219, 15 línu, "að" fyrir af.
 53. bls. 225, 3 línu, "vera" fyrir verða.
 53. bls. 226, 16 línu, "Reykjavík" fyrir Reykjavík.
 54. bls. 232, 17 línu, "jsálfum" fyrir sjálfum.
 54. bls. 234, 4 línu, "ofar" fyrir afar.
 57. bls. 240, fyrirsögn greinarinnar "Reykjavíklngar" fyrir Reykjavíklngar.
 57. bls. 242, 7 línu, "eftirlaun" fyrir eftirlauna.
 57. bls. 242, 19 línu, "Norænn" fyrir Norænu.
 57. bls. 251, 2 línu, "og" fyrir að.
 57. bls. 252, 29 línu, "Dugnaður" fyrir Dugnaður.
 57. bls. 253, 4 línu, "brautasteinum" fyrir bautasteinum.
 57. bls. 253, 28 línu, "tö" fyrir að.

12

